**ÞÓREY HEIÐARSDÓTTIR**

*Saumakona sem dundar við að búa til skartgripi*

• tíska • heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**VELJUM ÍSLENSKT**

*Hefðir, vísdómur og þjóðleg völundarsmíði*

Sérblaðið Veljum íslenskt

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. nóvember 2008 — 311. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


# Embættismenn komu í veg fyrir samkomulag í Brussel

**Samþykkt var að leysa deilur um Icesave og aðrar erlendar innistæður íslensku bankanna með gerðardómi á fundi evrópskra fjármálaráðherra. Árni Mathiesen segir embættismenn ESB hafa breytt forsendum einhliða.**

**EFNAHAGSMÁL** Samþykkt var á reglulegum samráðsfundi fjármálaráðherra Evrópusambandsins með ráðherrum EFTA-ríkja að leysa deilur um erlendar innistæður íslensku bankanna með því að stofna fimm manna gerðardóm.

Fundur fjármálaráðherranna var haldinn í Brussel 4. nóvember. Tveimur dögum síðar sagði Ísland sig frá gerðardóminum, segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra. Hann segir að fulltrúar ESB hafi óskað eftir því að trúnaður ríkti um gerðardóminn, og því hafi hann ekki greint frá tilvist hans. Eftir að Fréttablaðið fékk staðfestingu á efni fundarins taldi Árni rétt að skýra sín sjónarmið í málinu. Árni segir að eftir að fjármálaráðherrarnir hafi komið sér saman um gerðardóminn hafi embættismenn ESB tekið við málinu. Þeir hafi hins vegar verið algerlega andsnúnir því að niðurstaða gerðardómsins yrði bindandi, og breytt verkefninu í óformlegt lögfræðiálit. Þeir hafi að auki viljað víkka út umfjöllunarefni dómsins, og fjalla um aðgerðir íslenskra ríkisstjórnarinnar í fjármálakreppunni, þar á meðal neyðarlög sem ríkisstjórnin setti. Engin leið var að sætta sig við það, segir Árni.

Að auki steytti á því að embættismennirnir sömdu þær spurningar sem gerðardómurinn átti að svara, sem Árni segir að hafi ekki tekið á málum sem stjórnvöld á Íslandi hafi talið mikilvæg. Að lokum hafi verið ljóst að íslensk stjórnvöld fengju ekki að flytja sitt mál fyrir gerðardóminum.

„Það er svekkjandi að ekki skyldi koma út úr þessu það sem til stóð. Við hefðum viljað fá lagalegan grundvöll undir þetta, en vinnubrögðin voru þannig að það var ekki hægt,“ segir Árni. Reynt hafi verið í tvo daga að snúa aftur til þess fyrirkomulags sem ráðherrarnir hafi ákveðið, en þegar það hafi ekki gengið hafi íslensk stjórnvöld sagt sig frá gerðardóminum. Fimm lögspekingar frá stofnunu ESB, EFTA og EES áttu að eiga sæti í hópnum, og komu fjórir þeirra saman eftir að hann var skipaður. Fimmti maðurinn vildi ekki starfa á þeim forsendum sem ESB lagði upp með, segir Árni.

Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, staðfesti í gær að Ísland gæti ekki vænst þess að fá alþjóðlega lánafyrirgreiðslu fyrr en „eftir að samkomulag hefur náðst milli Íslands og vissra aðildarríkja ESB um (…) innistæðutryggingar og vernd erlendra innistæðueigenda“ í íslensku bönkunum. **- bj, aa**



**MEÐ KÆRKOMIN KVENNARÁÐ** Þau voru ekki köld ráðin sem atorkukonurnar Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík og Björk Guðmundsdóttir tónlistarmaður færðu Geir H. Haarde forsætisráðherra í litlum pakka í Stjórnarráðinu í gær. Þau lúta að því hvernig greiða má veg sprotafyrirtækja. Hugmyndirnar sem Geir fékk í gær verða kynntar lesendum Fréttablaðsins og birtist sú fyrsta í dag. **Sjá síðu 12** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nielsen um Ólaf Stefánsson:

## Ólafur er hverrar krónu virði

**HANDBOLTI Danski skartgripasalinn Jesper Nielsen segir að hann hafi keypt Ólaf Stefánsson til AG Håndbold þar sem Ólafur sé einn besti handboltamaður sögunnar og að Ólafi fylgi árangur.**



JESPER NIELSEN
MYND/BRÖNDBY

**„Ólafur er fyrsta púslið í byggingu stórveldis en ég mun kaupa sjö nýja leikmenn til félagsins á næsta ári,“ segir Nielsen og hafnar þeim sögum að hann hafi farið illa út úr fjármálakreppunni.**

**„Sú frétt var röng. Peningarnir til að gera AG Håndbold að stórveldi eru til staðar,“ sagði Nielsen.** **- hbg / nánar á síðu 42**

## FIMMTUDAGUR

### Besti nemandinn



Margrét Ingibjörg Lindquist hlaut nýverið verðlaun sem „Besti nemandi í grafískri hönnun í Evrópu 2007“ frá Art Directors Club Europe.

**TÍMAMÓT 26**

### Spock-óður þjófur



Guðni Finnsson og félagar í hljómsveitinni Dr. Spock eiga aðdáendur í stétt innbrotsþjófa.

**FÓLK 38**

### Blóðgjöf í gangi

Stjórnin hefur ekki enn greint frá því, hvenær aðstoð gjaldeyrissjóðsins við Ísland í aðdraganda kreppunnar nú bar fyrst á góma, segir Þorvaldur Gylfason.

**Í DAG 22**

### Andlegur leiðtogi dómara á HM í handbolta



Jóhann Ingi Gunnarsson íhugar spennandi tilboð frá Alþjóðahandboltasambandinu.

**ÍÞRÓTTIR 42**

## VEÐRIÐ Í DAG




**SNJÓKOMA EÐA ÉL** NYRÐRA í dag verður norðaustan strekkingur á Vestfjörðum annars hægari. Snjókoma norðan og austan til, rigning eða slydda suðaustan til annars úrkomulítið.

**VEÐUR 4**




Stjórn Hinsegin daga hafnar reikningi vegna gleðigöngu og hátíðarhalda:

## STEF vildi rúma milljón frá Gay Pride

**FÓLK** Fljótlega eftir að gleðigöngunni og hátíðarhöldum homma og lesbía lauk í ágúst barst samtökum Hinsegin daga reikningur frá STEF – sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar, sem hljóðaði upp á 1.223.746 krónur. Gunnar Stefánsson, markaðs- og innheimtustjóri STEFs, segir þessa upphæð þannig til komna að hún miðist við fjölda gesta á Hinsegin dögum. „Þessi krafa er með eindæmum ósvífin að mínu mati,“ segir Þorvaldur Kristinsson, forseti Hinsegin daga. Hann leggur áherslu á að samtökin byggi á sjálfboðastarfi. Reikningurinn var endursendur með vísan til 21. greinar höfundalaga þar sem segir að ekki beri að greiða STEF-gjöld þegar um er að ræða tónlistarflutning sem ekki er til stofnað í ágóðaskyni. STEF sendi gagntilboð og bauð Hinsegin dögum að greiða tíu prósent upphæðarinnar sem táknræna. Þar er málið statt nú en Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Hinsegin daga, segir STEF halda þétt um hagsmuni sinna manna en það sé spurning hvenær þeir ganga út fyrir það sem þeim er heimilt. **- jbg/ sjá síðu 46**






**SPURNING DAGSINS**



*Lilja, eigum við litlu láni að fagna?*

„Já, eins og er.“

Lilja Mósesdóttir hagfræðidoktor telur að ekki eigi að gera ráð fyrir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins nú. Hún leggur til efnahagsaðgerðir í sjö liðum, meðal annars að útstreymi fjármagns úr landi verði skattlagt verulega.

Lögregla kölluð til þegar þriggja ára óviti reif gat á umbúðir í leikfangaverslun:

# Engin vettlingatök í Toys'R'Us

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla var kvödd að versluninni Toys'R'Us í Kópavogi í gær eftir að þriggja ára drengur reif gat á umbúðir utan um leikfangabíl. Móðirin hafði neitað að greiða fullt verð fyrir ólaskaðan bílinn.

Vaida Karinauskaite leit af syni sínum, Kristófer, örskotsstund inni í versluninni og í millitíðinni reyndi hann að ná bílnum úr umbúðunum með fyrrgreindum afleiðingum.

Starfsmenn kröfðust þess að Vaida greiddi fullt verð bílsins, fimmtán þúsund krónur, vegna umbúðaskemmdanna þótt bíllinn sjálfur hefði aldrei verið snertur.

„Ég var ekki með nógu mikinn pening með mér og sagði þeim það,“ segir Vaida, sem furðar sig á hörðum viðbrögðum starfsfólksins og ætlar aldrei aftur að skipta við verslunina. „Það var svo niðurlægjandi að fá lögregluna strax á staðinn,“ segir hún.

Lögregluþjónn, sem mætti á vettvang, lét sér fátt um finnast og lyktaði málum þannig að fjölskyldan fór án þess að borga.

Verslunarstjóri Toys'R'Us vildi ekki tjá sig um málið. Upplýsingafulltrúi fyrirtækisins einn gæti talað fyrir þeirra hönd en hann væri í Finnlandi og farinn til vinnu. **- sh**



**TOYS'R'US** Það getur verið varasamt fyrir foreldra að leyfa börnum að skoða leikföng í leikfangabúðum. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Héraðsdómur Reykjavíkur:

## Dæmdur í 64 milljóna sekt

**DÓMSMÁL** Karlmaður um fertugt hefur í Héraðsdómi Reykjavíkur verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi. Einnig var hann dæmdur til að greiða 64 milljónir í sekt fyrir að hafa ekki staðið skil á greiðslu á virðisaukaskatti og opinberum gjöldum við rekstur fyrirtækis síns.

Samtals hélt maðurinn eftir nærri 40 milljónum sem greiða átti í opinber gjöld og virðisaukaskatt vegna starfsemi fyrirtækisins. Maðurinn játaði sök en bar fyrir sig að hann væri erlendur ríkisborgari og hefði ekki þekkt til réttarfars hér. **- jss**

# Jón Ásgeir hótar því að kæra þingmann

**Jón Ásgeir Jóhannesson hótar því í harðorðu bréfi að kæra formann viðskiptanefndar Alþingis fyrir að leita eftir svörum við því hver veitti Jóni stórt lán. Fáheyrt og forkastanlegt, segir Ágúst Ólafur. Það sé ekki lögbrot að spyrja.**

**VIÐSKIPTI** Lögmaður Jóns Ásgeirs Jóhannessonar hefur sent Ágústi Ólafi Ágústssyni, varaformanni Samfylkingarinnar og formanni viðskiptanefndar Alþingis, bréf þar sem þess er krafist að nefndin hætti við það að leita svara hjá ríkisbönkunum þremur um það hver lánaði Jóni Ásgeiri hálfan annan milljarð til kaupa á fjölmiðlahluta 365, sem meðal annars gefur út Fréttablaðið. Ágúst er í bréfinu gagnrýndur fyrir að beita sér í málinu og honum hótað kæru.

Á fundi viðskiptanefndar á þriðjudagsmorgun var ákveðið að kalla bankastjóra nýju bankanna fyrir nefndina á föstudag, sem og formenn bankaráða, í viðleitni til að varpa ljósi á málið.

Í bréfinu, sem Einar Þór Sverrisson ritar undir, er vísað í lög um fjármálafyrirtæki, þar sem segir að allir starfsmenn slíkra félaga séu bundnir þagnarskyldu um allt sem varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna, nema skylt sé að veita slíkar upplýsingar samkvæmt lögum. Ekkert í lögum heimili hins vegar að þingnefnd sé upplýst um slíkt.

„Verði af umræddri upplýsingagjöf, er um að ræða athöfn sem felur í sér grófa innrás í einkamálefni umbjóðanda míns, sem hann getur brugðist við á þann eina hátt að leggja fram kæru á hendur yður og öðrum hlutaðeigandi hjá viðeigandi stofnunum[...]“

Ágúst Ólafur segir mikilvægt fyrir þingið og almenning að fá úr því skorið hvort hér sé að myndast einokunarstaða á fjölmiðlamarkaði. „Mér finnst alveg fáheyrt og forkastanlegt að mönnum detti í hug að þeir komist upp með að hóta þingmönnum með kæru ef þeir spyrja ákveðinna spurninga og ótrúlega ósvífið að halda að menn geti stjórnað þinginu með þeim hætti,“ segir hann.

„Við höfum séð það að Samkeppniseftirlitið hefur gefið bönkunum fyrirmæli um að taka ekki ákvarðanir sem hafa áhrif á samkeppni í landinu og nú hefur heyrst að það hafi hugsanlega gerst í þessu tilviki. Þannig að ég sé ekkert að því að þingnefnd kalli eftir upplýsingum um það sem einhver vafi er á.“

Ágúst áréttar að hann sé ekki að biðja neinn um að brjóta lög. „Það er bankans að meta hvort bankaleynd sé á þessum upplýsingum eða ekki, en auðvitað get ég aldrei verið brotlegur við lög með því að spyrja.“ Krafa Jóns Ásgeirs hafi engin áhrif á fyrirhugaðan fund nefndarinnar á föstudag.

**stigur@frettabladid.is**



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

> Ég sé ekkert að því að þingnefnd kalli eftir upplýsingum um það sem einhver vafi er á.“
>
> ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON
> FORMAÐUR VIÐSKIPTANEFNDAR



**MARÍUGERÐIÐ** Byggt til heiðurs Maríu mey og stúlkunni Bernadettu. Byggingin er merkt með rauðu.

Minnast birtingar guðsmóður:

## Maríugerði rís á Landakotstúni

**SKIPULAGSMÁL** Kaþólska kirkjan vill fá leyfi til að byggja svokallað Maríugerði vestan við Kristskirkju á Landakotstúni.

Með Maríugerðinu á að minnast þess að árið 2008 eru 150 ár frá því María mey er sögð hafa birst stúlkunni Bernadettu í bænum Lourdes í Frakklandi. Um verður að ræða hringlaga svæði með tvö þrep niður fyrir jarðvegsyfirborð. Maríugerðið verður að mestu opið til himins og í efsta hluta þess verður Maríustytta. **- gar**

Frístundaheimili í borginni:

## Tugir barna bíða vistunar

**REYKJAVÍK Tæplega hundrað börn bíða enn vistunar á frístundaheimili borgarinnar. Vel hefur gengið að manna lausar stöður, en þegar mest var voru um 1.400 börn á biðlista.**

**Reiknað er með að innan tveggja vikna hafi öll börn í borginni fengið pláss á frístundaheimili. Þá verða vel á þriðja þúsund börn í vist. Frístundaheimili eru rekin við alla grunnskóla borgarinnar. Þar er boðið upp á tómstundastarf að loknum skóladegi. Heimilin hófu starfsemi um leið og skólarnir, en vegna manneklu hefur enn ekki tekist að bjóða öllum sem kjósa pláss.** **- kóp**



**NÝR BANKI Í EYJUM** Elliði Vignisson bæjarstjóri er einn af stofnfélögum Gleðibankans. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Gleðibanki í Eyjum:

## Stofna nýjan banka í dag

**SAMFÉLAGSMÁL Nýr banki verður stofnaður í Vestmannaeyjum í dag en hann er nokkuð frábrugðinn þeim sem hafa átt í hremmingum undanfarin misseri. Þetta er gleðibanki og eru stofnfélagar hans Elliði Vignisson bæjarstjóri og fjórir fyrirrennarar hans. Guðjón Hjörleifsson er einn þeirra og segir hann að til að gerast hluthafi í bankanum verði fólk að fara á skrifstofu Fasteignasölunnar Heimaeyjar, fá félagaskírteini, þiggja kaffi og spjalla svolítið.**

**Tveir stofnfélaganna þekkja vel til öðruvísi bankareksturs því þeir eru Ólafur Elísson sparisjóðsstjóri og Ingi Sigurðsson, útibústjóri Glitnis í Vestmannaeyjum, en sá fimmti er Páll Zophoníasson tæknifræðingur.** **- jse**

**BANDARÍKIN**

**Mega nota hljóðsjá**

Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur úrskurðað að sjóherinn megi nota hljóðsjár (sónartæki) við heræfingar í Kyrrahafi. Með úrskurðinum er bráðabirgðabanni við notkun slíks búnaðar hnekkt, en það hafði verið sett af dómstól í Kaliforníu að kröfu dýraverndarsinna sem telja búnaðinn geta ruglað hvali og önnur sjávarspendýr í ríminu og reynst þeim hættulegur.






Þingið og sérstakur saksóknari rannsaka aðdraganda hruns bankakerfisins:

# Tvöföld rannsókn á bankahruninu

**STJÓRNMÁL** Tvær opinberar rannsóknir verða gerðar á bankahruninu á Íslandi. Önnur fer fram á vegum réttarvörslukerfisins en hin á vegum Alþingis.

Sérstakur saksóknari mun rannsaka grunuð lögbrot í aðdraganda hruns bankanna á grundvelli sérstakra laga sem dómsmálaráðherra hefur kynnt frumvarp um. Í rannsókn á vegum Alþingis verður sjónum beint að orsökum og afleiðingum málsins. Verður það einnig gert á grundvelli sérstakra laga sem áform eru um að allir stjórnmálaflokkar nái saman um og standi að.

Eðlismunur verður á rannsóknunum tveimur. Rannsókn sérstaks saksóknara getur leitt til útgáfu kæru og saksóknar enda hefur embættið rannsóknar- og ákæruheimildir. Taka heimildirnar til efnahags-, auðgunar- og skattabrota.

Rannsókn á vegum Alþingis verður víðtækari. Rannsakendur munu fá víðtækar heimildir og meðal annars er stefnt að því að víkja til hliðar lögum um bankaleynd svo sem gleggstar upplýsingar fáist. Rannsókn þingsins mun ekki miða að því sérstaklega að upplýsa um lögbrot, en komi slíkt í ljós verður upplýsingum um þau beint til hins sérstaka saksóknara.

Fordæmi er fyrir vinnubrögðum sem þessum; Alþingi lét gera rannsókn á aðdraganda Hafskipsmálsins á sínum tíma samhliða rannsókn sérstaks saksóknara á grunuðum lögbrotum í því sama máli. **- bþs**



**ALÞINGI** Lætur rannsaka bankahrunið samhliða rannsókn sérstaks saksóknara.



HELGARFERÐ
Í SMÁRALIND
ER MIKLU ÓDÝRARI
Afsláttur allt að
50%
í Smáralind út nóvember
ENGINN GJALDEYRIR
EKKERT VEGABRÉF
ALLTAF 23 STIGA HITI
KRAKKADAGAR UM HELGINA
Bjóddu krökkunum í helgarferð í Smáralind. Dúndurfjör og glæsileg Krakkadagatilboð alla helgina. Upplifið saman skemmtilega krakkastemningu. Engin þörf fyrir gjaldeyri eða vegabréf.
Helgarferð í Smáralind er betri leið til að versla
OPIÐ TIL KL. 21 Í KVÖLD
Glæsileg tilboð og líf og fjör út nóvember
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

## GENGIÐ 12.11.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 136,19 | 136,85 |
| Sterlingspund | 207,91 | 208,93 |
| Evra | 170,52 | 171,48 |
| Dönsk króna | 22,899 | 23,033 |
| Norsk króna | 19,436 | 19,550 |
| Sænsk króna | 16,906 | 17,006 |
| Japanskt jen | 1,3998 | 1,408 |
| SDR | 200,44 | 201,64 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
230,9533

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hópur mótmælenda myndaði hring í kringum Alþingishúsið í hádeginu í gær:

# Mótmæltu aðgerðarleysi ráðamanna

**MÓTMÆLI** „Þetta er falleg aðgerð. Kannski einum of falleg, en samt táknræn. Það er allt betra en ekkert,“ sagði Hallgrímur Helgason rithöfundur fyrir utan Alþingishúsið í hádeginu í gær. Hallgrímur var í hópi þeirra tæplega þrjú hundruð sem tóku höndum saman og mynduðu hring í kringum Alþingishúsið í því skyni að mótmæla aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

„Ég er hér til að sýna samstöðu gegn þessu aðgerðaleysi stjórnvalda og ástandinu í heild sinni,“ sagði Atli Rúnar Guðbjartsson, einn mótmælenda.

Mótmælin, sem skipulögð voru af samtökunum Nýir tímar, voru friðsamleg og þátttakendur á öllum aldri. Ráðherrum og öðrum starfsmönnum var greiðlega veitt inngangа í Alþingishúsið, og létu flestir sig ekki muna um að beygja sig örlítið undir hendur mótmælenda til að ná á áfangastað. Halldór Blöndal, fyrrverandi alþingismaður og forseti Alþingis, neitaði þó að beygja sig og lagði frekar á sig stutt labb að hliðarinngangi hússins þar sem skjaldborginni hafði ekki enn verið lokað.

Guðni Ágústsson, þingmaður Framsóknarflokksins, lýsti yfir ánægju sinni með aðgerðirnar. „Mér finnst þetta flott. Hér myndar fólk keðju í friðsamlegum hugleiðingum. Keðjan, samstaðan, er okkur mikilvæg í dag.“ Spurður hvort hann hygðist taka sér stað í keðjunni svaraði Guðni; „Ég er hérna með þeim.“ **- kg**



**SMEYGIR SÉR Í GEGN** Hringurinn náði utan um Alþingishúsið í gegnum Alþingisgarðinn. Tæplega 300 mótmæltu. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra smeygir sér framhjá mótmælendum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tveir teknir á Vestfjörðum:

## Með kannabis og amfetamín

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Vestfjörðum handtók fyrr í vikunni tvo menn sem voru að koma með áætlunarflugi til Ísafjarðar frá Reykjavík. Við leit á þeim fannst lítilræði af kannabisefnum og amfetamíni. Mönnunum var sleppt að yfirheyrslu lokinni. Þeir hafa báðir komið við sögu lögreglu áður.

Það sem af er árinu hefur lögreglan á Vestfjörðum lagt hald á 800 grömm af fíkniefnum. Til samanburðar hefur að meðaltali verið lagt hald á um 220 grömm ári undanfarin fimm ár. **- jss**



**HVETJA TIL MÆTINGAR** Lúðvík og Kristófer með veggspjaldið sem hvetur fólk til að mæta á félagsfundinn.

Starfsmenn Mest á fund VR:

## Reyna að fella formanninn

**VINNUMARKAÐUR VR heldur félagsfund á Grand hóteli í kvöld klukkan hálfátta. Á fundinum gerir Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, grein fyrir störfum sínum í stjórn Kaupþings.**

**Lúðvík Lúðvíksson og Kristófer Jónsson, starfsmenn Mest, gengu í fyrirtæki í gær til að hvetja félagsmenn til að mæta.**

**„Við erum búnir að fara í ansi mörg fyrirtæki. Almennt séð er 90 prósent fólks á móti gjörðum hans,“ segja þeir.**

**Lúðvík og Kristófer stefna að því að fella formanninn með öllum tiltækum ráðum, til dæmis með vantrauststillögu.** **- ghs**



**GÁMAR Í SUNDAHÖFN** Finnur segir auknar álögur á innflutningsfyrirtæki vega þungt í því að skapa þá vondu stöðu sem upp er komin. FRÉTTABLAÐIÐ / HARI

# Óttast holskeflu fyrirtækja á vanskilaskrá

**Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands segir vanda fyrirtækja hér aukast hratt eftir því sem dragist að leysa vandkvæði gjaldeyrismiðlunar. Fjármálaráðuneytið hefur til skoðunar aðgerðir vegna gjalddaga innskatts í mánuðinum.**

**VIÐSKIPTI** „Mestar áhyggjur höfum við nú af hastarlegri holskeflu vandræða sem fyrirséð er hjá fyrirtækjum landsins,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands. Að óbreyttu segir hann fyrirséð að um og yfir þúsund íslensk félög bætist á vanskilaskrá.

„Staðan sem upp er komin er verulega vond og fyrirtæki lenda æ fleiri í vanskilum,“ segir hann, en þar vega þungt auknar álögur á innflutningsfyrirtæki og önnur sem þurft hafa svokallaðar greiðslufreststryggingar. Fyrirtæki sem þær annast hafa fellt niður tryggingar vegna örðugleika í gjaldeyrismiðlun hér og þar með hafa fyrirtæki misst greiðslufrest og bæði þurft að borga hann upp og staðgreiða nýjar pantanir. „Þetta setur gríðarlegt álag á lausafjárstöðuna hjá þessum fyritækjum,“ segir Finnur. Komist greiðslumiðlun í lag, áréttar Finnur að fyrirtæki landsins þurfi einnig að standa betur að upplýsingagjöf, svo sem skilum ársreikninga. „Greiðslutryggingafyrirtækin koma ekki inn aftur án þess að fyrir liggi upplýsingar um efnahagsreikning fyrirtækja og greiðslugetu.“



**FINNUR ODDSSON**

Þá segir Finnur áhyggjuefni að um miðjan þennan mánuð sé gjalddagi á innskatti fyrirtækja. „Þar gætu komið upp vandamál vegna þess að fyrirtækin eru mörg hver búin að éta upp allt laust fé. Þarna þarf hið opinbera að sýna forsjálni og aðstoða við að lina það högg sem komið hefur á atvinnulífið, jafnvel með því að deila niður greiðslum og sjá til þess að ekki komi strax full viðurlög, svo sem fullir dráttarvextir.“ Finnur segist vita til þess að þessi mál séu þegar í einhverri skoðun í fjármálaráðuneytinu.

„En jafnljóst er að hér mun ekkert leysast fyrr en gjaldeyrismálin eru komin í lag, þá léttir ákveðinni óvissu,“ segir Finnur og hvetur til þess að stjórnvöld stórbæti upplýsingagjöf sína. „Segja má að þögnin vegna mála sem tengd eru Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hafi verið ærandi og upplýsingaþurrð ríkjandi. Sama gildir um Icesave-deiluna,“ segir hann og telur að athugandi væri fyrir stjórnvöld að halda „spilunum ekki alveg svona nærri sér“ í þessum málum. „Ég held það myndi hjálpa ef fólk fengi betur áttað sig á hverju steytir, svo sem í Icesave-deilunni, því það er líka ljóst að það er ekki valkostur að enda þessa vegferð í mikilli ósátt við alþjóðasamfélagið,“ segir Finnur. **olikr@markadurinn.is**

Ummæli seðlabankastjóra:

## Ekki sæmandi sé rétt eftir haft

**EFNAHAGSMÁL Ef rétt er haft eftir Davíð Oddssyni seðlabankastjóra um hótanir gegn Kaupþingi eru ummæli hans ekki sæmandi seðlabankastjóra, segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra.**

**Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, fullyrti nýverið að Davíð hefði hótað því að fella Kaupþing héldi bankinn því til streitu að gera upp í evrum.**

**„Seðlabankastjóri á ekki að hafa persónulegar skoðanir á einstökum fjármálastofnunum,“ segir Ingibjörg. Hún hyggst þó ekki beita sér fyrir sérstakri rannsókn á atvikinu.** **- bj**

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

## Ekki vanhæf í Kaupþingsmáli

**ALÞINGI** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segist ekki hafa verið vanhæf til að koma að yfirtöku ríkisins á bönkunum.



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR**

Hún hafi í raun ekki komið að þeim málum og því eigi spurning Kristins H. Gunnarssonar, Frjálslynda flokknum, þar um ekki við.

Kristinn spurði Þorgerði í ljósi þess að eiginmaður hennar var einn af framkvæmdastjórum Kaupþings og voru þau hjónin hluthafar í bankanum.

Þorgerður sagði ríkisstjórnina ekki fara með stjórnsýsluvald og benti á að ákvarðanir er vörðuðu Kaupþing hefðu verið í höndum Seðlabanka og Fjármálaeftirlitsins. **- bþs**






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HELGARHORFUR**
Framan af laugardegi verður nokkuð stíf norðanátt með snjókomu eða éljum nyrðra og eystra en þurrt og nokkuð bjart sunnan til á landinu. Hiti um eða undir frostmarki. Á sunnudag snýst hann til vestlægrar áttar og það hlýnar heldur. Þá má búast við súld vestan til en björtu með köflum á austurhluta landsins.



**Á MORGUN**
Vaxandi norðanátt

**ÞRIÐJUDAGUR**
8-13 m/ en lægir smám saman

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Amsterdam | 11° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 10° |
| Billund | 10° |
| Eindhoven | 11° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 12° |
| New York | 12° |
| Orlando | 30° |
| Osló | 3° |
| París | 11° |
| Róm | 17° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

NÝJA ÍSLAND!

# ÓDÝRIR BÍLAR FYRIR SKYNSAMA BÍLAKAUPANDANN




**FRÁBÆRT TILBOÐ Á BÍLALEIGUBÍLUM**

Nú bjóðum við vel með farna bílaleigubíla á kjörum sem bjóðast ekki annars staðar. Allir bílaleigubílar með 5 ára ábyrgð frá skráningardegi. Við erum í samningaskapi um frábært verð á næstum nýjum notuðum bílum. Komdu á Klettháls og kynntu þér vandaða og vel með farna notaða bíla af ýmsum gerðum.

**Við erum í samningaskapi!**

5 ÁRA ÁBYRGÐ Á ÖLLUM BÍLALEIGUBÍLUM

**VW Polo Comfortline 1,4**



Nýskráður júní 2007
Beinskiptur, ekinn 33.000 km.
Ásett verð: **1.560.000**

**Skoda Octavia 1,9 TDI**



Nýskráður maí 2007
Beinskiptur, ekinn 47.000 km.
Ásett verð: **2.190.000**

**VW Golf Comfortline 1,6**



Nýskráður júní 2007
Beinskiptur, ekinn 49.000 km.
Ásett verð: **1.850.000**




**Opið 10–18 virka daga | Opið 12–16 laugardaga**

Klettháls | sími 590 5044 | www.heklanotadirbilar.is | notadirbilar@hekla.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## KJÖRKASSINN



*Eiga stjórnvöld að afþakka komu breskrar flugsveitar til landsins í desember?*

| | |
|---|---|
| Já | 90,7% |
| Nei | 9,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér ráðamenn hafa staðið sig vel í að upplýsa þjóðina um stöðu efnahagsmála undanfarnar vikur?*

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Sérfræðingur í Evrópurétti segir að skattlagning á fjármagni sé á forræði Íslands:

# Frjálst flæði fjármagns ekki algilt

**EFNAHAGSMÁL** „Ég myndi ekki segja að þetta sé fyrir fram algjörlega útilokað, en það yrði að skoða hvort þetta færi í bága við frjálst fjármagnsflæði samkvæmt EES-samningnum,“ segir Gunnar Þór Pétursson, sérfræðingur í Evrópurétti við Háskólann í Reykjavík.

Lilja Mósesdóttir, doktor í hagfræði, hefur lagt til efnahagsáætlun í sjö liðum. Þar er meðal annars gert ráð fyrir að vextir verði lækkaðir og að til þess að hindra flæði fjármagns úr landi, verði 60 prósenta skattur lagður á allar fjármagnsfærslur úr landi, umfram tíu milljónir króna.



GUNNAR ÞÓR PÉTURSSON

Stefán Geir Þórisson hæstaréttarlögmaður sagði í Fréttablaðinu í gær að það hlyti að brjóta í bága við samninginn um evrópska efnahagssvæðið.

Gunnar Þór segir að meginregla Evrópuréttar sé sú að skattlagningarheimildir séu á forræði aðildarríkjanna. „Önnur meginregla sem skapast hefur í dómaframkvæmd er hins vegar sú, að þessum skattlagningarheimildum sé beitt þannig að þær brjóti ekki í bága við grundvallar fjórfrelsið. Þar kæmi frjálst fjármagnsflæði til skoðunar. Þannig þyrfti að skoða hvort möguleiki væri á þessu á grundvelli EES-samningsins,“ segir Gunnar.

Hann bætir því við að fjórfrelsinu megi setja skorður ef ástæður fyrir því séu réttlætanlegar. „Það kemur fram í sáttmálanum sjálfum og í dómaframkvæmd. Það eru ákveðnar réttlætingar mögulegar við mismunun og skorðum. Frjálst fjármagnsflæði er því ekki algilt í sjálfu sér.“ - ikh

Birkir Jón Jónsson:

# Ógeðfelld skipun sendiherra

**STJÓRNMÁL Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknar, gagnrýnir utanríkisráðherra fyrir að skipa Kristínu Á. Árnadóttur sendiherra og skrifstofustjóra í ráðuneytinu.**

**„Þetta er vægast sagt ógeðfellt og ótrúlegt að stjórnmálamaður sem gagnrýndi Davíð Oddsson harðlega fyrir að skipa samherja sína í sendiherrastöður skuli skipa sinn helsta pólitíska samstarfsmann sendiherra,“ segir Birkir. „Á sama tíma og þjóðarskútan rambar á barmi gjaldþrots og búið er að stoppa opinberar framkvæmdir og útstreymi úr ríkissjóði er þessum bitlingi úthlutað,“ segir hann. - bþs**


# Betri lausnir í tölvuþjónustu

## Þjónusta strax

Viðskiptavinir TAS vita að það skiptir öllu máli að fá þjónustu vegna tæknimála fljótt og vel.

TAS skilur þarfir atvinnulífsins og veitir þjónustu strax.

## Heildarlausnir

TAS veitir alla þjónustu á upplýsingatæknisviði, viðskiptavinir þurfa því ekki að leita til fleiri en eins aðila.

## Lægri kostnaður

TAS gjaldfærir eingöngu rauntíma fyrir sína vinnu, ekkert lágmarks gjald fyrir útkall.

Tímagjald TAS er lægra en víðast hvar.

# Málið er einfalt:

## Hagræddu í rekstri og gerðu TAS að þinni tölvudeild.

TAS

Þjónustuver opið allan sólarhringinn:
412-1400 | hjalp@tas.is | www.tas.is




**NIÐURSKURÐUR** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra kynnti tillögur að 20 prósenta niðurskurði á útgjöldum utanríkisráðuneytisins á fundi með fjölmiðlafólki í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Engar uppsagnir en mikill niðurskurður

**Utanríkisráðuneytið hefur lagt fram tillögur um fimmtungs samdrátt í útgjöldum til utanríkismála. Með því sparast tæplega 2,3 milljarðar króna á ári. Sala á fasteignum erlendis á að auki að skila hálfum til einum milljarði á næsta ári.**

**EFNAHAGSMÁL** Utanríkisráðuneytið getur sparað tæplega 2,3 milljarða króna á ári, verði farið eftir tillögum um niðurskurð í utanríkisþjónustunni sem kynntar voru í gær. Ekki hefur verið tilkynnt um niðurskurð í öðrum ráðuneytum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra kynnti tillögur að niðurskurði á fundi með fjölmiðlafólki í gær. Tillögurnar bíða nú afgreiðslu fjármálaráðuneytis og síðar fjárlaganefndar Alþingis.

Reiknað var með um 11,5 milljörðum króna til utanríkismála í fjárlögum fyrir árið 2009. Verði þau skorin niður um 2,3 milljarða lækkar framlag til málaflokksins um 19,8 prósent.

Lagt er til að fjórum sendiskrifstofum verði lokað. Um er að ræða sendiráð í Pretoríu í Suður-Afríku, og fastanefndir í Róm á Ítalíu og í Strassborg í Frakklandi. Þá er lagt til að einni skrifstofu Þróunarsamvinnustofnunar, sem hefur stöðu sendiráðs, verði lokað.

Ekki er gert ráð fyrir uppsögnum í utanríkisþjónustunni, en ekki verður skipað í stöður sex sendiherra sem losna um áramót eða á næsta ári. Þá verða störf flutt frá sendiskrifstofum erlendis í ráðuneytið í Reykjavík til að draga úr kostnaði, sagði Ingibjörg.

Langmest stendur til að skera niður á sviði þróunarsamvinnu, um 1.666 milljónir króna. Við það fer framlag Íslands til málaflokksins úr áætluðum 0,35 prósentum af þjóðarframleiðslu í 0,24 prósent.

„Við stefnum áfram að því að ná markmiðum alþjóðasamfélagsins. Það er sárt að þurfa að sjá niðurskurð á þessum framlögum en þetta er allt saman gjaldeyrir, og við erum ekki síst að horfa til þess,“ sagði Ingibjörg. Til stendur að hefja sölu á húsnæði ríkisins erlendis á árinu 2009, og á sú sala að geta skilað 500 til 1.000 milljónum króna í ríkissjóð, sagði Ingibjörg. Það er til viðbótar við 2,3 milljarða króna sparnað utanríkisráðuneytisins.

Ingibjörg tilkynnti einnig í gær um skipulagsbreytingu í utanríkisráðuneytinu. Skrifstofur ráðuneytisstjóra og ráðherra verða sameinaðar, og Kristín Árnadóttir ráðin skrifstofustjóri. Kristín verður sendiherra, en áður leiddi hún framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. brjann@frettabladid.is

**MEST SPARAÐ Í ÞRÓUNARSAMVINNU**

| | |
|---|---|
| **SENDIRÁÐ (-12,8%)** | **-323,8*** |
| Fjögur sendiráð lögð niður | -162,2* |
| Önnur hagræðing | -161,6 |
| **VARNARMÁLASTOFNUN (-17,9%)** | **-257** |
| Loftrýmisgæsla | -120 |
| Öryggisgæsla | -50 |
| Annar rekstrarkostnaður | -87 |
| **ÞRÓUNARSAMVINNA (-32,5%)** | **-1.666** |
| Þróunarsamvinnustofnun | -777,4 |
| Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi | -546 |
| Alþjóðastofnanir | -42,7 |
| Friðargæslan | -300 |
| **HEIMSSÝNINGIN EXPO 2010 (-63%)** | **-120** |
| **AUKINN KOSTNAÐUR AÐALSKRIFSTOFU (+9,8%)** | **+102** |
| **SAMTALS (-19,8%)** | **-2.282** |

*Á ársgrundvelli, minna sparast á næsta ári.
Upphæðir eru í milljónum króna

## Lagt að Bretum að koma ekki

Íslensk stjórnvöld reyna nú að fá Breta til að hætta við að senda hingað orrustuþotur til loftrýmiseftirlits í desember, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir ekki rétt að tengja saman umræður um Icesave og varnarmálin, og stigmagna þannig deilurnar.

Ingibjörg sagði á fundi með fjölmiðlafólki í utanríkisráðuneytinu í gær að bresk stjórnvöld verði að taka ákvörðun um hvort þau sendi flugsveit hingað til lands eða ekki. Þeir hafi fengið upplýsingar um umræður hér á landi, á Alþingi og annars staðar, og að ekki sé óumdeilt að þeir komi hingað. Þetta sé nú til skoðunar hjá þeim.

Spurð hvort rétt sé að stjórnvöld séu að leggja að Bretum að koma ekki sagði Ingibjörg: „Við leggjum þetta upp í hendurnar á þeim, við þessar aðstæður, að þeir meti það.“

Ingibjörg sagði að samkomulag hafi verið gert við Breta um loftrýmiseftirlit í desember og eitthvað verði að koma til svo því verði rift. Kostnaður við komu bresku flugsveitarinnar er áætlaður um 25 milljónir króna.

Samið var við Atlantshafsbandalagið um reglulegt loftrýmiseftirlit bandalagsþjóða hér á landi eftir brotthvarf Bandaríkjahers, en samið er við hverja þjóð fyrir sig um hverja einstaka heimsókn. - bj

# 30-50% afsláttur

## af vinsælum bókum

Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar




Allar Vísinda-heims bækur með 50% afslætti

50%* afsláttur
TILBOÐ 1.245
Alm. verð 2.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.480
Bókatíðindaverð 4.980,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-




50%* afsláttur
TILBOÐ 649
Alm. verð 1.299,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 2.900
Bókatíðindaverð 4.480,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.240
Bókatíðindaverð 4.990,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.100
Bókatíðindaverð 4.780,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.580
Bókatíðindaverð 3.690,-




Allar eldri Spiderwick bækur á 40% afslætti

40%* afsláttur
TILBOÐ 1.490
Bókatíðindaverð 2.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 1.740
Bókatíðindaverð 2.490,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.240
Bókatíðindaverð 4.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.300
Bókatíðindaverð 3.290,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.300
Bókatíðindaverð 3.290,-

Allir titlar fást í Smáralind, Kringlu, Holtagörðum og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum

* Afsláttur reiknast af almennu verði eða bókatíðindaverði.

Gildir 13.-16. nóvember

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hvaða rithöfundur játaði ást sína í smáauglýsingu?*

**2.** *Úr hvaða kjördæmi var framsóknarmaðurinn Bjarni Harðarson sem sagði af sér þingmennsku?*

**3.** *Hvað heitir fyrrverandi forseti Póllands sem var ekki boðið í þjóðhátíðarveisslu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

**Neytendur:** Tveir leggja orð í belg um Icelandair

# *Um „ókeypis" háloftamat eða innifalinn*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Jónmundur Kjartansson finnur að því að ég skuli hafa notað fyrirsögnina „Ókeypis háloftamatur fyrir bí" á mánudaginn í grein um þjónustu Icelandair. *„Það fer alltaf fyrir brjóstið á mér þegar talað er um „ókeypis" í þessu sambandi,"* skrifar hann. *„Að mínum dómi hefur matur í Flugleiðavélunum ekki verið „ókeypis", hann hefur einfaldlega verið innifalinn í miðaverðinu. Réttari fyrirsögn hefði því verið „Háloftamatur ekki lengur innifalinn í miðaverði". Niðurstaða mín er sú að í raun sé verið að hækka miðaverðið með þessari breytingu."*

Þetta er hárrétt athugað hjá Jónmundi enda er hádegisverðurinn aldrei ókeypis, hvorki í háloftum né annars staðar. Guðmundur Óskarsson á þróunar- og markaðssviði Icelandair vill svo koma útskýringum á framfæri: *„Fyrir nokkru var ákveðið að ráðast í viðamiklar breytingar sem fela meðal annars í sér ný og þægilegri sæti með meira plássi fyrir fæturna og nýtt og fullkomið afþreyingarkerfi. Þá var matseðlinum gjörbylt og meira úrval og gæði þýðir óneitanlega meiri kostnað auk þess sem hráefnisverð hefur hækkað mikið að undanförnu. Með gagnsæi í verðmyndun að leiðarljósi ákváðum við að fólki yrði gert kleift að velja hvort það vildi nýta sér þessa þjónustu eða ekki. Verði er að sjálfsögðu haldið hóflegu. Snakk og gosdrykkir eru áfram án endurgjalds. Rétt er að taka fram að matur, koddar, teppi og heyrnartól eru auðvitað ókeypis fyrir börn."*




Kosningar í Jerúsalem:

# Trúlaus borgarstjóri kosinn

**ÍSRAEL, AP** Kaupsýslumaðurinn Nir Barkat var í gær kosinn borgarstjóri í Jerúsalem. Hann hlaut 52 prósent atkvæða.

Barkat er ekki trúaður maður, en mótframbjóðandi hans var Meir Porush, strangtrúaður gyðingur, sem fékk meira en 43 prósent atkvæða. Kosningabaráttan snerist upp í átök milli rétttrúaðra og trúlausra, en þrír stærstu stjórnmálaflokkar landsins buðu ekki fram. Þeir Porush og Barkat voru þó sammála um að í friðarsamningum við Palestínumenn megi ekki skipta Jerúsalem í tvo hluta. - gb

Átján ára piltur í Nepal veitir aðkomufólki blessun:

# Búdda endurfæddur

**NEPAL, AP** Átján ára piltur í Nepal er talinn vera Búdda endurholdgaður. Fólk flykkist nú á fund hans í skógarþykkni þar sem hann situr þögull og veitir aðkomufólki blessun sína.

Margir telja að hann hafi setið hreyfingarlaus mánuðum saman við hugleiðslu og hafi hvorki neitt matar né drykkjar síðan hann fannst í skóginum sunnan til í landinu árið 2005. „Ég fékk tækifæri til að sjá guð í dag," segir Bishnu Maya Khadka, húsmóðir sem gekk á fund hans í gær. „Þeir segja að hann sé Búdda, en í mínum augum er hann einfaldlega guð." - gb



**RAM BAHADUR BAMJAN** Sagður hafa setið hreyfingarlaus mánuðum saman.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Takmarkað svigrúm ríkis

**Prófessor segir þrjú brýnustu úrlausnarefni stjórnvalda vera að koma starfsemi skilanefnda í lögbundið ferli, setja lög um starfsemi bankanna og hætta að senda skilaboð um réttindi með blaðamannafundum.**

**LÖGFRÆÐI** Allar aðgerðir sem ríkið grípur til í kjölfar falls bankanna þurfa að standast lögfræðilega skoðun, meðal annars á grunni jafnræðisreglu, friðhelgi eignarréttar og lögmætisreglu, sagði Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, á málþingi um lögfræðileg álitamál við fall bankanna í gær.

Oddný taldi upp þrjú brýnustu úrlausnarefnin fyrir stjórnvöld í dag. Í fyrsta lagi þurfi að koma starfsemi á vegum skilanefnda gömlu bankanna inn í lögbundið og fyrirsjáanlegt ferli. „Það verður ráðið af neyðarlögunum að þetta sé einhvers konar skuldaskilaaðgerð, en hún fer samt fram utan við ramma þekktra lögbundinna skuldaskilaferla, svo sem nauðasamninga eða greiðslustöðvunar." segir Oddný. „Það þarf að setja skýrar efnisreglur um réttarstöðu kröfuhafa í þessu ferli, svo sem varðandi jafnræði kröfuhafa og það hvernig megi fara með eignir og rekstur bankanna. Réttarstaðan eins og hún er núna er alls ekki nógu skýr."

Í öðru lagi þurfi að leggja lagalegan grundvöll að starfsemi nýju bankanna. „Stofna þarf nýju bankana með lögum og þar þurfa einnig að vera skýrar efnis- og málsmeðferðarreglur þar sem kveðið er á um hvernig þeim verður stjórnað og hvaða sjónarmiðum þeir megi byggja á í ákvarðanatöku. Þá þarf að setja einhverjar málsmeðferðarreglur svo sem um hvaða ákvarðanir um lánveitingar þurfi að rökstyðja og andmælarétt."



**MÁLÞING Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK** Starf skilanefnda og banka þarf að komast í lögbundið ferli, segir Oddný.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í þriðja lagi segir Oddný að það þurfi að leggja af bein og óbein skilaboð stjórnvalda um réttindi borgara sem sett séu fram utan lögbundinna ferla. Slík skilaboð hafi meðal annars komið frá ráðherrum á blaðamannafundum og með tilmælum ráðherra. „Það er verið að tala um réttindi borgaranna og þau verða að vera tryggð samkvæmt lögum. Annars geta þau verið mjög ótrygg. Með slíkum vinnubrögðum skortir einnig á að fari fram opin og lýðræðisleg umræða um þær ákvarðanir sem verið er að taka og ekki fer fram neitt mat á sjónarmiðum, eins og til dæmis hvort þessar aðgerðir mismuni skuldurum. Sem dæmi má nefna tilmæli varðandi skuldara í erlendri mynt. Þau gilda bara fyrir ríkisbankana og svo virðist sem ekkert hafi verið hugað að því að það geti falið í sér mismunun gagnvart skuldurum hjá öðrum fjármálastofnunum," segir Oddný

svanborg@frettabladid.is

**MORGUNFUNDUR**

# Hvað getum við lært af Færeyingum?

**Færeyjar lentu í efnahagslegri holskeflu árið 1992** með þeim afleiðingum að þjóðlífið nánast hrundi til grunna. Íbúum fækkaði úr 48.000 í 43.000, fjórðungur vinnandi fólks varð atvinnulaus og fjöldi fyrirtækja og fjölskyldna gjaldþrota. Með seiglu og einbeitni tókst Færeyingum að snúa vörn í sókn og komast upp úr öldudalnum. Þjóðin reis á ný.

Á morgunfundi í **Hvammi á Grand Hótel, mánudaginn 17. nóvember** næstkomandi **kl. 8:00 til 9:30** verður spurt hvernig við getum gengið í smiðju hjá frændum okkar Færeyingum og lært hvernig bregðast skuli við á slíkri ögurstundu.

*Dagskrá:*

- **Hermann Oskarsson**, hagstofustjóri Færeyja, flytur erindi.
- **Gunvör Balle**, aðalræðismaður, Sendistova Föroya í Reykjavík, flytur erindi.
- Framsögumenn ásamt **Hjálmari Árnasyni**, fyrrverandi alþingismanni ræða málin og svara spurningum undir stjórn **Boga Ágústssonar**, fréttamanns.

Fundurinn fer fram á ensku og er öllum opinn.
Vinsamlegast skráið þátttöku í kom@kom.is eða í síma 540 8800.

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA
BYR SPARISJÓÐUR
Íbúðalánasjóður
Sendistova Föroya í Reykjavík
KOM ALMANNATENGSL STOFNAÐ 1986

KOM ALMANNATENGSL / SVARTHVITT



**NÝTT KORTATÍMABIL**
Lengdur opnunartími:
Opið frá **kl. 9 - 22**

# Sprengidagur

Bara í dag, fimmtudag

## 25% AFSL.

## AF ÖLLU

nema **40%** afsláttur af allri heimilisvöru
og **15%** afsláttur af öllum snyrtivörum

MORGUNHANA
-TILBOÐ
+15% AUKA-AFSL.
**milli kl. 9 og 11 af eftirfarandi vörum:**

- **Ticket to heaven útifatnaði**
- **Gerry Weber dömufatnaði**
- **Taifun dömufatnaði**
- **Jólaknallettum**
- **Öllum bindum**
- **Cottonfield herrafatnaður**
- **Stones jakkaföt**
- **Brubaker jakkaföt**

Munið að 25% Sprengidagsafsláttur
gildir ofan á allar útsöluvörur

Gildir ekki af útsöluvöru á föstu verði.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI



**TVÍHÖFÐA LAMB** Palestínskur bóndi heldur á tvíhöfða lambi sem fæddist nýverið við flóttamannabúðir skammt frá Hebron á Vesturbakkanum. NORDICPHOTOS/AFP

Sveitarstjóri Dalabyggðar:

## Tekjur sveitarfélaga skertar

**SVEITARSTJÓRNIR** Grímur Atlason, sveitarstjóri Dalabyggðar, er harðorður í garð ríkisstjórnarinnar. Hann segir að tekjustofnar sveitarfélaga verði skertir í nýjum fjárlögum.



GRÍMUR ATLASON

„Ríkið mun aðeins borga 0,88 prósent af fasteignaverði í fasteignaskatt af eignum sínum í stað 1,32 prósenta áður. Þetta skerðir tekjur fjölda sveitarfélaga umtalsvert,“ segir Grímur.

Hann segir að vandi sveitarfélaga sé tekjuvandi ekki útgjaldavandi líkt og Árni Mathiesen fjármálaráðherra segi. - kóp

# Forseti ósáttur við grannríki Íslands

**Óafur Ragnar Grímsson gagnrýndi framkomu Breta, Svía og Dana á hádegisverðarfundi í danska sendiráðinu. Forsetaritari segir fréttaflutning af ummælum forseta ónákvæman. Fræðimenn segja að forseti verði að gæta orða sinna.**

**UTANRÍKISMÁL** Ýmsir erlendir fjölmiðlar fullyrtu í gær að Ólafur Ragnar Grímsson forseti hafi farið hörðum orðum um Breta, Svía og Dani. Hann hafi á hádegisverðarfundi með erlendum sendiherrum hér á landi gagnrýnt þessi ríki harðlega fyrir að hafa brugðist Íslendingum í þeim efnahagserfiðleikum sem nú er við að glíma.

Einungis Færeyingar og Norðmenn hafi reynst vinir Íslands í þessari raun. Nú þurfi Íslendingar að leita nýrra vina.

Frá þessu er fyrst skýrt í norska dagblaðinu Klassekampen, sem vitnar beint í skýrslu frá norska sendiráðinu á Íslandi, til norska utanríkisráðuneytisins um það sem fram fór.

Blaðið segir Ólaf hafa vakið sérstaka athygli með því að leggja til að Ísland ætti að bjóða Rússlandi afnot af herstöðinni í Keflavík. Sendiherra Rússlands hafi þá svarað því til, „dálítið undrandi og brosandi“, að Rússar hefðu enga þörf fyrir slík afnot.

Örnólfur Thorsson forsetaritari segir að Ólafur Ragnar muni ekki tjá sig um þær viðræður, sem fóru fram í danska sendiráðinu á föstudag. Þetta hafi verið óformlegt hádegisverðarboð með erlendum sendiherrum hér á landi.

Örnólfur tekur þó fram að fréttaflutningur af fundinum hafi verið ónákvæmur, auk þess sem það sé „beinlínis rangt að forsetinn hafi á einhvern hátt tengt saman viðræður um hugsanlegt lán frá Rússum við afnot af fyrrverandi herstöð Bandaríkjamanna hér á landi.“



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON FORSETI** Ummæli hans sögð hafa vakið undrun erlendra sendiherra á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta er ekki gert á opinberum vettvangi og hann gerir væntanlega ekki ráð fyrir að þetta fari lengra,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur, „en ég held að forseti verði almennt að gæta vel að orðum sínum, ekki síst vegna þess að það eru ekki allir sem átta sig á því að hann hefur engin utanríkispólitísk völd hér á landi. Þetta getur því valdið misskilningi á því hver er utanríkisstefna Íslands.“

Þórdís Ingadóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík gengur lengra og segir að forseti Íslands og æðstu ráðamenn landsins þurfi að gæta varkárni í hvers konar yfirlýsingum, þar sem samkvæmt reglum þjóðaréttar sé þjóðhöfðingi, forsætisráðherra og utanríkisráðherra taldir hafa fullt samningsumboð fyrir hönd ríkisins. „Þjóðréttarleg skuldbinding yfirlýsingar æðstu ráðamanna er þó háð skilyrðum, svo sem skýrleika yfirlýsingar, ásetning þess sem hana gefur og góðri trú viðtakanda.“

gudsteinn@frettabladid.is

Ráðherra um ræðu forseta:

## Ummæli Ólafs óheppileg

**UTANRÍKISMÁL Sé rétt haft eftir Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, eru ummæli hans á fundi með sendiherrum erlendra ríkja hér á landi óheppileg, segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra.**



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

**„Við þurfum á vinum og bandamönnum að halda og eigum ekki að ýta þeim frá okkur,“ segir Ingibjörg. Hún segir mörg þeirra ríkja sem eigi sendiherra hér á landi einmitt að reyna að leggja okkur lið. Ingibjörg sagði engin viðbrögð ráðgerð. Hvorki hafi verið rætt við forsetann né sendiherrana um atvikið.** - bj

Ólympíuskákmót hefst í dag:

## Yfir 150 þjóðir keppa á mótinu

**SKÁK** Ísland er meðal þátttakenda á ólympíuskákmótinu sem hefst í Dresden í Þýskalandi í dag.

Alls taka 152 þjóðir þátt og munu 156 lið taka þátt í opnum flokki, þar á meðal lið blindra, heyrnarlausra og bréfskákmanna. Sem gestgjafar fá Þjóðverjar að senda tvö lið. Í kvennaflokki verða 119 lið. Íslendingar eiga lið í báðum flokkum. Karlaliðið er í 45. sæti á stigalistanum en kvennaliðið 64. Rússar eru með stigahæsta liðið bæði í karla- og kvennaflokki. Armenía er ríkjandi meistari í karlaflokki en Úkraína í kvennaflokki. - pal



# Notar spariféð til að bjarga fjölskyldunni

**Tekjurnar hafa hrunið því að bílasala hefur skroppið saman og hjónin bæði að verða atvinnulaus. Þau keyptu hús sem á að afhendast fljótlega en geta ekki greitt því gamla húsið selst ekki. Sparnaður til eldri áranna verður tekinn út.**

**EFNAHAGSMÁL** „Þetta er eins og að vera veiðimaður og það er enginn fiskur,“ segir Hlynur Geir Hjartarson, bílasali og kylfingur. Hlynur Geir er fjölskyldumaður á Selfossi með tvær dætur, átta ára og átta mánaða. Þau hjónin eru bæði að verða atvinnulaus og sjá ekki fram á að geta staðið við skuldbindingar sínar.

„Bílasalan hefur skroppið saman frá miðju sumri og botninn datt úr í byrjun október. Þá varð algjört hrun í bílasölu. Ekki hjálpaði til að öll lánafyrirtæki eru nánast lokuð og því ekkert hægt að gera. Fyrirtækið sem konan mín var að vinna hjá og átti að byrja aftur hjá eftir fæðingarorlofið er farið á hausinn svo að hún er atvinnulaus og fer ekki að vinna þar. Það er búið að segja mér upp en ég er með vinnu út desember,“ segir Hlynur Geir.

Hlynur Geir og fjölskylda hans eru dæmi um Íslendinga sem ekki sjá fram á að geta staðið við skuldbindingar sínar. „Við ösnuðumst til að kaupa hús í byggingu í febrúar og eigum að fá það afhent rétt fyrir áramót. Húsið okkar átti að seljast strax en þetta er mjög seljanlegt hús sem við búum í. Okkur hefur ekki tekist að selja hingað til. Við erum nú með bæði húsin á sölu. Nýja húsið ætlaði ég að klára eins og var gert í gamla daga en sé ekki fram á að það verði hægt. Maður verður að standa undir skuldbindingum, borga nýja húsið og selja þetta gamla en það gengur virkilega erfiðlega,“ segir hann.

Hlynur Geir er að kanna hvort hægt sé að taka lán frá Íbúðalánasjóði og frysta það strax því hann segist ekki geta borgað af láni „þegar maður er með minni laun en tólf ára krakki í unglingavinnunni. Ég er að kanna þetta núna en að öðru leyti er þetta mjög slæmt. Meðan ég get ekki selt húsið mitt get ég ekki borgað verktakanum fyrir að byggja nýja húsið.“

Hlynur segir að atvinnuástandið á Selfossi sé slæmt því að „það er ekki gert neitt annað en að segja upp fólki“.

Sjálfur er hann eingöngu á árangurstengdum launum og hafa tekjurnar hrunið. „Það eina sem ég get gert í dag er að kalla eftir öllum mínum aukasparnaði í Sunlife í Bretlandi. Ef erfiðlega gengur að fá það til landsins þá verð ég bara að fara og ná í þessa peninga. Maður verður að nota nú peningana sem maður safnaði til eldri áranna. Þetta er spurning um að bjarga sér.“

ghs@frettabladid.is



**GAMLA HÚSIÐ ENN ÓSELT** Hlynur Geir Hjartarson bílasali sér fram á að missa vinnuna um áramót og þá verða þau hjónin bæði atvinnulaus, að kaupa hús í byggingu með gamla húsið óselt. „Maður verður að nota nú peninga sem maður safnaði til eldri áranna,“ segir Hlynur Geir.

## FÆKKAÐ UM ÞRIÐJUNG



Frá því stýrivaxtahækkunin var tilkynnt hefur fjarað undan bílamarkaðnum, að sögn Ingimars Sigurðssonar bílasala. „Október var þokkalegur miðað við það sem gekk á í þjóðfélaginu,“ segir hann og telur að uppsagnir hafi byrjað á bílasölunum í vor því að þá hafi margir séð í hvað stefndi. Trúlega hafi fækkað um þriðjung í greininni. Ingimar segir að launakjörin séu mismunandi, margir séu á ákveðinni lágmarkstryggingu upp á til dæmis 150 þúsund og svo bætist prósentur ofan á.




**Sköpun – Þroski – Samvera**

Það er eitthvað einstaklega jákvætt og hlýlegt við haustið hjá A4 og núna er rétti tíminn til að hlúa að samverustundum með fjölskyldunni. Hannaðu þín eigin jólakort, eða skapaðu eigulegar gjafir með vönduðum föndur- og hannyrðavörum* frá okkur.



* Hannyrðir fást einungis í A4 Skólavörubúðinni, Smiðjuvegi 5

Smiðjuvegi 5 + Höfðabakka 3
Borgartúni 29 + Glerárgötu 34
sala@a4.is + www.a4.is
Sími: 515 5100

A4





KYNNINGARFUNDUR UM BORGARALEGA FERMINGU

SIÐMENNT

Kynningarfundur fyrir unglinga sem áhuga hafa á borgaralegri fermingu vorið 2009 og aðstandenda þeirra verður haldinn **laugardaginn 15. nóvember kl.11:00-12:00 í Háskólabíói sal 1.**

*Siðmennt – Félag siðrænna húmanista*

66° NORÐUR
Kaldi Norðurheimskautshúfa
SMÁRALIND: 7.501 kr.
NEW YORK: 10.675 kr.
Helgarferð í Smáralind er alltaf ódýrari
Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

NICOTINELL
Fæst nú hjá okkur!



Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins
N1
Nicotinell
Ártúnshöfða - Lækjargötu – Hringbraut – Háholti

## NEISTAR AF NEISTA: Hátækni á Íslandi — Grein 1 af 8

# Sproti sem gæti orðið að styrkri stoð

### Tryggja þarf stöðugt starfsumhverfi á Íslandi

Flest hátæknifyrirtæki hér á Íslandi starfa á alþjóðlegum vettvangi og þurfa stöðugleika í efnahagsumhverfi sínu gagnvart umheiminum. Það er nær ógjörlegt fyrir fyrirtækin að áætla tekjur og útgjöld þegar allt veltur á reikulu gengi. Ísland þarf að taka upp evru og ganga í ESB.

### Hægt að margfalda stærð hátækniiðnaðar

Hátækniiðnaðurinn getur auðveldlega orðið ein styrkasta stoð íslensks efnahagslífs. Samtök upplýsingatæknifyrirtækja afhentu iðnaðar- og viðskiptaráðherra nákvæma áætlun á Iðnþingi 2005 um það hvernig tífalda mætti gjaldeyristekjur af upplýsingatækni á sex árum með aðstoð stjórnvalda. Áætlunin var kölluð „Þriðja stoðin“ og fékk „jákvæð viðbrögð“ stjórnvalda en tilboðinu um framkvæmd var aldrei tekið. Svipaðar áætlanir sem taka á reglum og löggjöf varðandi stofnun og rekstur sprota- og hátæknifyrirtækja hafa gjörbylt efnahag annarra ríkja s.s. Írlands og Finnlands.

Nýta þarf þær áætlanir sem til eru um uppbyggingu hátækniiðnaðar og uppfæra þær með hliðsjón af nýjum tækifærum og þeim árangri sem náðst hefur hjá nágrannalöndum okkar. Það þarf að hjálpa stjórnvöldum að hrinda slíkum áætlunum í framkvæmd.

### Spornað við fordómum í garð hátækni á Íslandi

Hátæknifyrirtæki hafa alltaf fundið fyrir fordómum í þjóðfélaginu, en mörg þó náð að þrauka og treysta ímynd sína.

Sterk og traust fyrirtæki þurfa að eyða eftirfarandi ranghugmyndum um hátækniiðnað: (a) „Þetta er lítill og ómerkilegur vettvangur sem hefur lítil áhrif á þjóðfélagið“; (b) „Þetta er ölmususvið sem lifir á styrkjum og skilar engum arði“; (c) „Þetta eru skammlífar ‚dot-com‘ loftbólur“. Auk þess er nú mikilvægara en nokkru sinni að koma í veg fyrir að traust okkar hátæknifyrirtækja rýrni erlendis!

### Efla þarf veg og virðingu samkeppnissjóða

Samkeppnissjóðir eru góð leið til að „votta“ þær hugmyndir sem lofa góðu. Þessir sjóðir eru að verða sífellt mikilvægari á Íslandi og Rannís hefur gert margt vel, en betur má ef duga skal.

a) Margfalda þarf stærð sjóðanna; (b) Fjölga þarf tegundum sjóða: Við þurfum Sprotasjóð, Setrasjóð og sérstakan sjóð sem styður tækniþróun í þágu samfélagsins; (c) Gera þarf matskerfið gegnsærra og efla fræðilegan grunn þess með áherslu á mat erlendis og vel útskýrt matsferli).

### Stuðningur við nýjar hugmyndir

Hugmyndir fara margar leiðir í gegnum samfélagið áður en þær verða arðbærar. Oft koma til skjalanna ólíkir einstaklingar sem hlúa að hugmyndinni á mismunandi stigum s.s. vísindamaður, frumkvöðull, fjárfestir og verkefnastjóri. Hugmyndir geta fallið í sprungur milli þessara stiga og þar með glatast mikil verðmæti.

Það þarf að (a) kynna og samstilla betur þá nýsköpunar-, sprota- og fjármögnunaraðstoð sem er til staðar í dag; (b) búa til vettvang fyrir stefnumót þeirra sem geta fylgt hugmyndum eftir; (c) búa til nýjar þróunarstofnanir sem brúa bil, t.d. á milli langtíma háskólarannsókna og þarfa iðnaðarins í dag; (d) samnýta auðlindir s.s. gögn, sérþekkingu og verkfæri til að ný tækni þurfi ekki alltaf að byrja frá grunni.

> **Í HNOTSKURN**
>
> Skapa þarf aðlaðandi alþjóðlegt starfsumhverfi, bæði lagalegt og samfélagslegt; leggja áherslu á tengsl starfsumhverfis, menntunar og rannsókna; styðja vel við allt ferli nýsköpunar til að stuðla að ríkulegri uppskeru. Markmiðum þessum verður aðeins náð með góðri samvinnu við stjórnvöld og því mikilvægt að þau séu vel upplýst um tækifæri hátæknisviðsins, sem ávallt horfir til framtíðar.
>
> **Dr. Hannes Högni Vilhjálmsson hafði umsjón með samræðu og vinnslu útgangspunkta á vinnuborði um hátækni.**

### Fjölga þarf stoðfyrirtækjum í hátækni

Stór hátæknifyrirtæki þurfa stuðning smærri fyrirtækja. Þetta stuðlar að hagræðingu í rekstri og leyfir stærri fyrirtækjunum að leggja meiri áherslu á sitt sérsvið. Hér felast miklir möguleikar á fjölbreyttara atvinnulífi. Stærri fyrirtæki þurfa að kynna þörfina á smærri stoðfyrirtækjum og koma jafnvel beint að stofnun þeirra með aðstoð nýsköpunarmiðstöðva.

### Þekkingu og reynslu miðlað til næstu kynslóðar

Okkar sterkustu hátæknifyrirtæki búa yfir mikilvægri þekkingu og reynslu sem þarf að miðla til næstu kynslóðar fyrirtækjastofnenda, verkefnastjóra og vöruþróenda. Þessi iðnaður er sérstakur að mörgu leyti og hefur meðal annars þurft að glíma við mikið skilningsleysi í samfélaginu.

Hátæknifyrirtæki þurfa að (a) taka virkan þátt í menntun á háskólastigi; (b) setja saman gagnabanka af reynslusögum; (c) aðstoða við gerð tengds kennsluefnis s.s. heimildaþátta.

### Tryggja þarf stöðu hámenntaðs fólks í landinu

Ísland ætti að vera góður vettvangur fyrir hámenntað fólk til að stuðla að framþróun.

Það þarf að (a) auðvelda aðgang erlends fræðafólks og sérfræðinga að íslensku starfsumhverfi t.d. með sérstakri vegabréfsáritun sérfræðinga; (b) fella niður skatta á hámenntað fólk með erlent ríkisfang, fyrstu tvö árin þeirra hér (sbr. Danmörk, Írland); (c) bjóða hámenntuðum Íslendingum sem íhuga að flytjast heim sérstaka flutningsstyrki; (d) tryggja fjölbreyttan starfsvettvang hátækni á Íslandi og styðja við fyrirtæki, rannsóknarstofnanir og háskóla.

Björk Guðmundsdóttir boðaði til vinnufunda 12. og 19. október síðastliðinn í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, Klak, nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, og vefinn nattura.info. Um hundrað sérfræðingar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar réðu ráðum sínum og gerðu drög að átta tillögum um úrbætur í jafnmörgum málaflokkum. Fréttablaðið birtir tillögurnar næstu daga. Nánari upplýsingar má finna á nattura.info.

Öflug ferðaþjónusta – allra hagur

Tækifæri í ferðaþjónustu á umbrotatímum

Ferðamálaþing haldið á Grand Hóteli Reykjavík, Gullteigi, fimmtudaginn 20. nóvember 2008

DAGSKRÁ

13:00 Ávarp ráðherra ferðamála — *Össur Skarphéðinsson*
13:30 Selling Iceland to travelers in turbulent times — *Ian Neale, forstjóri Regent Travel, Bretlandi*
14:00 Land tækifæranna — *Þór Sigfússon, formaður Samtaka atvinnulífsins*
14:20 Hvernig aukum við tekjur af ferðamönnum við núverandi aðstæður? — *Helgi Már Björgvinsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Icelandair*
14:40 Kaffihlé
15:00 Horft fram á veginn – aðgerðir Ferðamálastofu í ljósi breyttra aðstæðna — *Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri*
15:20 Íbúar eru líka gestir – ferðaþjónusta og sveitarfélögin — *Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri Akureyrar*
15:40 Af sjónarhorni ferðamannsins – hvernig ferðaþjónustu viljum við hafa á Íslandi? — *Páll Ásgeir Ásgeirsson, blaðamaður*
16:00 Pallborð með þátttöku fyrirlesara
16:40 Afhending umhverfisverðlauna Ferðamálastofu
16:50 Samantekt fundarstjóra
17:00 Ráðstefnuslit
Móttaka í boði ráðherra ferðamála

Fundarstjóri og stjórnandi umræðna í pallborði
Svanhildur Konráðsdóttir, formaður ferðamálaráðs

Skráning stendur yfir til 18. nóvember á www.ferdamalastofa.is

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board



**HVAÐ ER Í PAKKANUM?** Geir leist vel á innihald pakkans eftir að hafa litið yfir það. Svafa, Björk og Oddný Eir voru einnig ánægðar með viðbrögðin í forsætisráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Afrakstur Neista-verkefnisins færður forsætisráðherra:

# Greiða götu nýsköpunar á Íslandi

**NÝSKÖPUN** Björk Guðmundsdóttir tónlistarmaður afhenti Geir H. Haarde forsætisráðherra pakka í Stjórnarráðinu í gær með tillögum sem nýta má sprota- og þróunarfyrirtækjum til framdráttar. Með henni voru Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík og Oddný Eir Ævarsdóttir, ritstjóri náttúra. info.

„Þetta eru tillögur eða útgangspunktar um það sem fara má betur í reglugerðum og sjóðum til að greiða frekar götu nýsköpunar á Íslandi,“ segir Björk. „Þetta er skemmtilegt, það veitir ekkert af góðum hugmyndum núna,“ sagði Geir þegar hann hafði opnað pakkann og ekki kárnaði gamanið hjá fyrrverandi fjármálaráðherranum þegar Björk bætti því við að mikið af því sem verið væri að mæla með í þessum tillögum þyrfti ekki að kosta eyri. „Eitt af því sem mælt er með er að gert verði er að ryðja úr vegi hindrunum og uppfæra regluverkið svolítið,“ segir Björk.

Tillögurnar eru afrakstur verkefnisins Neista sem Háskólinn í Reykjavík, Björk, Náttúra.info og Klak hafa unnið að. Svafa benti Geir á að pakkinn væri lítill en í upphafi hefðu fyrirtækin Össur og Marel verið hugmyndir sem hefðu getað rúmast í slíkum pakka.

- jse


RISALAGERSALA
STENDUR TIL 13. DESEMBER
Drengja softshell
FC-3045-10
2.900,-
ICE WEAR
ICEWEAR ÍSLENSK HÖNNUN
OPNUNARTÍMAR:
mánudaga - föstudaga 12 - 18
laugardaga 10 - 16
sunnudaga 12 - 16
Dömu softshell
FW-1025-02
4.900,-
FW-2044-01
2.450,-
FW-2044-08
2.450,-
FW-1025-02
4.900,-
FW-1025-32
4.900,-
FW-2030-01
2.750,-
FW-2030-10
2.750,-
FW-2021-46
990,-
FW-2043-13
4.900,-
FW-1038-01
2.500,-
FW-1038-16
2.500,-
FW-1038-57
2.500,-
FW-1026-13
4.900,-
Herra Fleece peysur og softshell jakkar.
3ja laga, vind og vatnsheldir jakkar.
FW-2025-01
3.500,-
FW-2034-08
1.900,-
Herra fleece
Dömu fleece
Prjónaflíkur
Barna fleece
ICE WEAR
Suðurhraun
Álftanesvegur
Kaplakriki
Reykjanesbraut
IKEA
Hér erum við!
FW-1024-51
3.900,-
FW-1024-54
3.900,-
Herra, merino ull
82407-13
3.500,-
Herra, merino ull
82407-09
3.500,-
Þunnar, mjúkar, hlýjar gæða peysur
Barna Fleece fatnaður og softshell jakkar.
FC-3028-21
1.950,-
FC-3028-31
1.950,-
FC-3031-21
1.500,-
FC-3031-31
1.500,-
Dömu, kambgarn
35125-16
3.500,-
Dömu, kambgarn
35125-08
3.500,-
Herra, merino ull
81409-09
3.500,-
Herra, merino ull
81409-41
3.500,-
FC-3022-10
1.950,-
FC-3022-22
1.950,-
Stúlku softshell
FC-3026-32
2.900,-
Dömu, kambgarn
35424-07
3.500,-
FLEECEPEYSUR FRÁ 500 kr.
PRJÓNAPEYSUR FRÁ 3.500 kr.
SMÁVARA FRÁ 500 kr.
Þetta er aðeins lítið brot af þeim útivistarvörum sem eru í boði á RISALAGERSÖLU Icewear.
Drífa ehf. - Suðurhrauni 12c - Garðabæ - Sími 555 7400

# Allar jólaseríur á sama verði og í fyrra





**Píramíti**

verð frá **1.999**



**2.999**

**Sería**
48 ljósa, 4,8 m
2700048



**Net**
100 ljósa,
170x200 sm
5899325

Ljósanet **5.290**



**Píramíti**

verð frá **1.199**



**Jólahreindýr**
úti, IP44
2713354

**4.999**

frábært verð **899**



**Aðventuljós**
hvít, viðar og rauð
5899631-3



ótrúlegt verð **1.999** 50 metrar

**Slönguljós**
2701576

blómaval




yfir 20 ára reynsla
í Húsasmiðjunni/Blómavali

ódýrt

Hefðbundnar inni og útiseríur, hagkvæmar og fallegar.

# Blick

## inniseríur

| | |
|---|---|
| 10 ljósa | 199 |
| 20 ljósa | 299 |
| 35 ljósa | 459 |
| 50 ljósa | 589 |
| 100 ljósa | 999 |

## útiseríur

| | |
|---|---|
| 40 ljósa | 879 |
| 80 ljósa | 1.399 |
| 120 ljósa | 2.239 |
| 200 ljósa | 3.999 |



# Starlight

hágæða útiseríur

**100%** vatnsheld

**VARIST EFTIRLÍKINGAR**

Starlight fást eingöngu í Húsasmiðjunni




Hágæða seríur sem þola vel íslenska veðráttu.
Þú færð Starlight eingöngu í Húsasmiðjunni þar sem þær eru til í miklu úrvali og nokkrum litum.

| | |
|---|---|
| 20 ljósa | 4.999 |
| 40 ljósa | 8.999 |
| 60 ljósa | 12.999 |
| 80 ljósa | 17.999 |
| 100 ljósa | 19.999 |

**SAMA VERÐ**

ALLAR JÓLASERÍUR Á SAMA VERÐI OG Í FYRRA



# Díóðuseríur

LED ljósaseríur gefa skæra og fallega birtu. Perur hitna ekki og endast lengur.




verð frá **5.999**

Chrissline,
50 ljósa
2700750-5




verð frá **2.243**

útisería
2700283-94

# Chrissline

## útiseríur

Frábær “warm-white” ljósasería sem endist lengur.




verð frá **1.990** 50 ljósa

HÚSASMIÐJAN














**FRÉTTASKÝRING:** Framsóknarflokkurinn

# Afstaða tekin til Evrópu

**Miðstjórnarfundur Framsóknarflokksins verður haldinn á laugardag. Þar er líklegt að dragi til tíðinda í Evrópumálum, en undanfarið hafa æ fleiri flokksmenn talað fyrir umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Formaður flokksins er talinn fulltrúi minnihlutaskoðana, en varaformaðurinn er andlit ESB-sinna.**

Deilur Framsóknarmanna um Evrópusambandið eru ekki nýjar af nálinni. Halldór Ásgrímsson opnaði, í formannstíð sinni, á meiri Evrópusamvinnu en flokkurinn hafði áður átt að venjast. Það var ekki síst liður í því að „nútímavæða" flokkinn. Sú stefna skilaði sér þó ekki í auknu atkvæðafylgi.

### Evrópunefndin

Árið 2005 var stofnuð Evrópunefnd og skilaði hún af sér skýrslu í mars tveimur árum síðar. Samningsmarkmið þjóðarinnar eru þar skilgreind að því gefnu að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu.

Skýrslu Evrópunefndarinnar var ekki ætlað að vera endapunktur málsins, enda segir í henni að hún eigi að verða grundvöllur áframhaldandi umræðu. Á síðustu árum hafa æ fleiri raddir heyrst innan flokksins sem vilja láta reyna á aðildarumsókn.

### Einangraður formaður

Guðni Ágústsson er í forsvari þeirra sem hafa talað gegn aðild. Þótt hann sé formaður hefur hann flokkinn engan veginn óskiptan að baki sér.

Raunar var það svo að aðeins einn þingmaður, Bjarni Harðarson, stóð þétt að baki Guðna. Staðan gjörbreyttist í vikunni þegar Bjarni sagði af sér þingmennsku og Helga Sigrún Harðardóttir tók sæti á þingi. Hún tilheyrir Evrópusinnum í flokknum og því er formaðurinn einangraður í þingflokknum. Andstaða við aðildarumsókn er hins vegar nokkuð útbreidd meðal flokksmanna sjálfra.

Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður flokksins, hefur hins vegar verið áberandi leiðtogi þeirra sem vilja ganga hvað lengst í Evrópumálum. Hún hefur notið stuðnings Birkis Jóns Jónssonar og Magnúsar Stefánssonar. Þau Siv Friðleifsdóttir og Höskuldur Þór Þórhallsson hafa einnig hallast að stuðningi við ESB, Siv opinberlega.

### Tvöföld atkvæðagreiðsla

Segja má að nokkur málamiðlun hafi orðið á milli þessara tveggja andstæðu sjónarmiða á miðstjórnarfundi flokksins í mars. Þar var samþykkt ályktun sem kveður á um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá yrði það borið undir þjóðina hvort sækja ætti um aðild að Evrópusambandinu og væri það samþykkt yrði niðurstaða aðildarviðræðna einnig borin undir þjóðaratkvæði. Guðni kynnti þessa lausn í setningarræðu sinni og þótti koma sterkur út úr fundinum.

Að undanförnu hafa kjördæmisþing flokksins sent frá sér stjórnmálaályktanir. Tvö þeirra, Norðaustur og Suðvestur, vilja sækja þegar í stað um aðild. Af samþykktum Suðurkjördæmis og Norðvestur verður ekki annað skilið en þau styðji við miðstjórnarsamþykktina. Í ályktun Reykjavíkurkjördæmisins er ekki minnst á Evrópumál. Samþykktir Norðaustur- og Suðvesturkjördæmis, gera ráð fyrir að fyrri atkvæðagreiðslunni, sem kveður á um í miðstjórnarsamþykktinni, sé sleppt.

Af þessu má ráða að stuðningur við aðild sé mestur í þessum tveimur kjördæmum. Þó ber að geta þess að fámennt var á þingi Norðausturkjördæmis, innan við 30 manns greiddu ályktuninni atkvæði. Fulltrúar úr Eyjafirði urðu til að mynda veðurtepptir og hafa lýst yfir óánægju sinni með ályktunina.

### Ólga

Afsögn Bjarna Harðarsonar sýnir þá ólgu sem er innan flokksins. Í atinu sem afsögnin skóp hefur rótin, bréfið sjálft, gleymst. Í því er að finna harðorða gagnrýni á Valgerði Sverrisdóttur. Þar er hún sökuð um að bera mikla ábyrgð á því efnahagsástandi sem ríkir hér. Þá er sagt að raunasaga flokksins hefjist með Evrópustefnu Halldórs Ásgrímssonar sem Valgerður hafi stutt; „Og nú rekur þú áróður sem mest þú getur fyrir aðild að ESB og reynir að fiska málinu fylgi í gruggugu vatni svo ekki sé meira sagt."

Undir bréfið rita þeir Gunnar Oddsson og Sigtryggur Jón Björnsson, báðir úr Skagafirði. Bréfið endurspeglar viðhorf margra þeirra sem vilja ekki í ESB. Þótt sú stefna eigi ekki upp á pallborðið hjá þingflokknum, er formaðurinn fráleitt einangraður með hana. Með afsögn Bjarna missti hann hins vegar dyggan stuðningsmann, en Bjarni hefur setið í stjórn Heimssýnar, hreyfingar andstæðinga ESB-aðildar.

### Dregur til tíðinda?

Tímasetningin á tilrauninni til lekans er engin tilviljun. Miðstjórn fundar á laugardag og þar mun verða tekist á um Evrópumálin. Hingað til hefur verið leitað tilrauna til sátta; að menn séu sammála um að verða ósammála. Guðni hefur lýst því yfir að þannig vilji hann hafa þetta áfram.

Óánægja er hins vegar með yfirlýsingar Guðna á þingi að umræða um ESB-aðild sé ekki á dagskrá. Þeir sem lengst vilja ganga eru margir hverjir orðnir óþolinmóðir, vilja einfaldlega að kosið verði um hvert á að stefna.

„Mönnum leiðist þófið og menn vilja fá afstöðu. Sú stefna að vera sammála um að vera ósammála gengur ekki lengur," segir einn miðstjórnarfulltrúa, sem er fylgjandi aðild.

Einn andstæðingur aðildar sem Fréttablaðið ræddi við taldi gerjunina hins vegar minni en menn vildu vera láta. „Það verður jafnerfitt nú og áður að ná fram einhverri skýrri, einróma stefnu og menn munu reyna að hafa flokkinn þannig að báðir hópar rúmist innan hans."

Ljóst er að skoðanir eru skiptar innan flokksins. Hvort menn munu láta sverfa til stáls um helgina, eða bíða flokksþings í vor, er óvíst. Óþolinmæði Evrópusinna fer hins vegar vaxandi.




**ÞINGFLOKKURINN**

**Á MÓTI ESB-AÐILD**


GUÐNI ÁGÚSTSSON

**FYLGJANDI ESB-AÐILD**


VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR


HELGA SIGRÚN HARÐARDÓTTIR


SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR


BIRKIR JÓN JÓNSSON


HÖSKULDUR ÞÓR ÞÓRHALLSSON


MAGNÚS STEFÁNSSON

## SKÝRSLA EVRÓPUNEFNDAR

Miðað við óbreyttar aðstæður getur samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið verið grundvöllur Evrópusamskipta Íslendinga á næstu árum. Sviptingar í þróun og á vettvangi Evrópusambandsins geta hins vegar breytt þeirri forsendu á skömmum tíma og kallað á hröð viðbrögð og stefnumótun. Verði breytingar á aðstæðum kann að verða nauðsynlegt að undirbúa tillögu um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu.

Ef til þess kemur á næstu árum að taka þurfi ákvarðanir með skömmum fyrirvara í Evrópumálum er mikilvægt að Íslendingar noti tímann vel og vinni að langvarandi stöðugleika og varanlegu jafnvægi í efnahags-, verðlags- og gjaldeyrismálum. Þetta eiga Íslendingar að gera upp á eigin spýtur og að eigin frumkvæði sem frjáls þjóð. Árangur í þessu kann að taka nokkur ár.



FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is


JÓLATILBOÐ REKKJUNNAR
30% AFSLÁTTUR!
CHERY
Leðurrúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.
Áður 349.850 kr.
NÚ 244.895 kr.
= 104.955 kr. AFSLÁTTUR!
PRIME
Leðurrúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.
Áður 247.181 kr.
NÚ 173.027 kr.
= 74.154 kr. AFSLÁTTUR!
VIKTORIA
Rúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.
Áður 339.900 kr.
NÚ 237.930 kr.
= 101.970 kr. AFSLÁTTUR!
GEFÐU GÓÐA NÓTT Í JÓLAGJÖF Í ÁR
Í REKKJUNNI FÆRÐU GJÖF HANDA ÞÍNUM NÁNUSTU SEM GERIR HVERJA NÓTT GÓÐA NÓTT
20% AFSLÁTUR!
HEILSUKODDAR
í miklu úrvali á einstöku jólatilboði
VERÐ FRÁ 5.900 KR
KAUFFMANN
Hitajöfnunar dúnsængurnar frá Kauffmann sem hafa farið sigurför um heiminn.
10% AFSLÁTTUR!
Verð frá 26.010 kr.
MIKIÐ ÚRVAL AF SÆNGURFÖTUM Á ÓTRÚLEGU JÓLATILBOÐI
20% AFSLÁTTUR
Verð frá 4.240 kr.
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**OMX ÍSLAND 15**
658 **+0,72%**

**Fjöldi viðskipta:** 104
**Velta:** 605 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **MAREL** | +5,09% | **ATORKA** | -10,71% |
| **ÖSSUR** | +3,81% | **BAKKAVÖR** | -4,88% |
| **ICELANDAIR GR.** | +0,75% | **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | -0,74% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** 238,94 +6,74

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,95 +0,00% ... Atorka 0,50 -10,71% ... Bakkavör 3,90 -4,88% ... Eimskipafélagið 1,33 -0,74% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,40 +0,75% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 80,60 +5,09% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 103,50 +3,81%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Föttuðum ekki mútubeiðni

Á bloggsíðu sinni vekur Ómar Valdimarsson almannatengill athygli á frétt pólska dagblaðsins Gazeta þar sem því er haldið fram að rússnesk stjórnvöld hafi verið búin að ákveða að útvega Íslendingum lán upp á fjóra milljarða dollara, en hætt við þar sem Íslendingar vildu ekki taka þátt í spillingarleik Rússanna. Fjórðungur lánsins hafi nefnilega átt að renna aftur til „einkavina“ Pútíns í rússneska bankageiranum. „Hagfræðingurinn Michail Dielagin segir að Íslendingar hafi ekki skilið eða viljað skilja þessa viðskiptahætti, sem varð til þess að Kreml lokaði á Reykjavík,“ segir á vef Ómars.



### Satt og logið

Margvíslegar sögusagnir grassera þessa dagana og eru ótrúlega lífseigar. Þannig hefur farið nokkuð víða sú saga að stjórnvöld hafi í bígerð að frysta innstæður í bönkum yfir þremur milljónum króna. Slíkt myndi kalla á sérstaka lagasetningu og engin slík áform uppi. Heyrst hefur af fólki sem hlaupið hefur til af þessum sökum og flutt fjárhæðir á milli banka, stofnað reikninga og jafnvel falið peninga á heimilum sínum út af þessu. Ljóst má vera að í óvissuástandi þarf ekki mikið til að æra óstöðuga, sem þarna hætta sumir hverjir fjármunum í ótryggum geymslum um leið og þeir verða af vaxtatekjum. Einhver kynni þó að segja að þeim sem á annað borð hafa milljónir til að hafa af slíkar áhyggjur á þessum tímum sé engin sérstök vorkunn.



# Nýr símavafri Opera Software

Norska fyrirtækið Opera Software hefur svipt hulunni af nýrri tilraunaútgáfu af farsímavafranum Opera Mini, sem ber númerið 4.2.

Haft er eftir Jóni S. von Tetzchner, íslenskum forstjóra Opera Software, að fólk vilji í auknum mæli rápa um netið með farsímum sínum og hafi Operumenn lagt sig í líma við að gera farsímaeigendum það kleift.

Operu-menn sendu fyrstu útgáfu farsímavafrans úr húsi fyrir rúmum tveimur árum. Í dag nota rúmlega tuttugu milljónir farsímavafrann í mánuði hverjum. Það gerir hann að vinsælasta farsímavafranum um þessar mundir, samkvæmt upplýsingum Opera. **- jab**


# *Menntun og nýliðun*
## *í matvæla- og veitingagreinum*



**MATVÍS** stendur fyrir ráðstefnu um menntun og nýliðun í matvæla- og veitingagreinum. Fjallað verður um uppbyggingu náms í greinunum, m.a. með hliðsjón af nýjum lögum um framhaldsskóla. Jafnframt verður hugað að nýliðun og sóknarfærum í þeim starfsgreinum sem félagsmenn í MATVÍS tilheyra.

Meðal annars verður fjallað um eftirfarandi spurningar:

- **Hvaða áhrif hafa ný lög um framhaldsskóla?**
- **Hvaða afleiðingar hefur atvinnuástandið á þessar greinar?**
- **Skapast ný tækifæri til nýliðunar í ljósi ástandsins?**
- **Hvaða hlutverki gegnir meistarakerfið í framtíðinni?**

## *Dagskrá*

Setning: **Þorsteinn Gunnarsson**, varaformaður MATVÍS

**Ávörp frummælenda**

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**, menntamálaráðherra
*Áhrif nýrra framhaldsskólalaga*

**Jón Torfi Jónasson**, forseti Menntavísindasviðs HÍ
*Er meistarakerfið barn síns tíma?*
*Ný lög – nýir tímar*

**Baldur Sæmundsson**, áfangastjóri í Hótel- og matvælaskólanum
*Skólanám – vinnustaðanám*

**Friðrik V. Karlsson**, veitingamaður
*Eru ný tækifæri framundan?*

**Jóhannes Felixson**, bakarameistari
*Atvinnuástandið*

**Níels S. Olgeirsson**, formaður MATVÍS
*Framtíð meistarakerfisins*

**- Kaffihlé -**

Pallborðsumræður og spurningar úr sal, með þátttöku frummælenda.

Stutt samantekt, **Ólafur Jónsson**, Matvæla- og veitingasviði Iðunnar, fræðsluseturs

Ráðstefnustjóri: **Margrét Friðriksdóttir**, skólameistari Menntaskólans í Kópavogi

Ráðstefnan, sem er öllum opin, verður í Hvammi, Grand Hótel Reykjavík, **þriðjudaginn 18. nóvember** og hefst kl. 14:00. Aðgangur ókeypis

MATVÍS




**RÆTT UM REIKNINGANA** Bresk sendinefnd var hér á landi á dögunum og ræddi við Íslendinga um lausn Icesave málsins. Málið er enn óleyst. Sérfræðingur við Háskólann í Reykjavík telur hins vegar að breska ríkið eigi enga kröfu á hið íslenska vegna Icesave. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Breska ríkið á engar kröfur

**Sérfræðingur í Evrópurétti telur að breska ríkið eigi ekki bótakröfu á hendur íslenska ríkinu vegna Icesave-reikninganna. Einstaklingar gætu hins vegar átt kröfu á ríkið.**

„Megnreglan í Evrópurétti er að bótaábyrgð ríkisins við broti á skuldbindingum að Evrópurétti er til handa einstaklingum. Þannig að það eru fyrst og fremst einstaklingar sem geta sótt bótarétt á hendur ríki fyrir brot á skuldbindingum á grundvelli samningsins um evrópska efnahagssvæðið. Ekki ríki gegn ríki,“ segir Gunnar Þór Pétursson, sérfræðingur í Evrópurétti við Háskólann í Reykjavík.

Íslendingar eiga í milliríkjadeilu við Breta vegna Icesave-reikninga í útibúi Landsbankans í Bretlandi, og raunar Hollandi einnig. Rætt hefur verið um að hundruð milljarða króna, sem þar voru í innstæðum, kynnu íslenskir skattgreiðendur að þurfa að greiða. Ekki hefur verið sýnt fram á að eignir Landbankans í Bretlandi dugi fyrir innstæðunum, eða lausn deilunnar, enda þótt íslenskir ráðamenn hafi vænst þess.

Um nítján milljarðar króna eru í Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun sem búin var til á grundvelli Evrópusambandstilskipunar. Sjóðurinn á að tryggja innstæður að lágmarki um 20 þúsund evrur. Fram kom í erindi Gunnars í Háskólanum í Reykjavík í gær að hann telji að ríkið hafi uppfyllt skyldur sínar gagnvart tilskipuninni með því að stuðla að stofnun tryggingasjóðsins. Í tilskipuninni hafi allsherjar hrun bankakerfis í einstöku ríki hins vegar ekki verið séð fyrir.

En gætu einstaklingar framselt bótarétt til breska ríkisins, til að mynda ef breska ríkið greiðir innstæðueigendum eins og nú er verið að gera? „Það þarf auðvitað bara fyrst og fremst einn einstakling til að skapa fordæmi til þess að ríki verði bótaskylt. Hver og einn einstaklingur ætti í kjölfarið að geta byggt á sama fordæmi, sé hann í sömu stöðu. En ég tel að það sé í raun og veru ekki boðið upp á að rétturinn sé framseldur til ríkis,“ segir Gunnar.

**ingimar@markadurinn.is**

# Baugur selur Moss Bros



GUNNAR SIGURÐSSON

„Þetta er mjög ásættanlegt verð miðað við árferðið,“ segir Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs Group, en breski auðkýfingurinn Sir Philip Green keypti í gær 28,5 prósenta hlut félagsins í bresku herrafataversluninni Moss Bros fyrir 6,7 milljónir punda.

Gunnar segir fimm aðila hafa sýnt áhuga á hlutnum, sem Baugur hefur átt síðan um mitt ár 2006 í gegnum fjárfestingafélagið Unity. Ákveðið hafi verið að taka tilboði Greens.

Kaupverðið nam í kringum 24 pensum á hlut sem er rúmlega fimmtíu prósenta yfirverð í vikunni en um helmingi lægra en Baugur greiddi á sínum tíma.

Í eignasafni Unity situr nú eftir fimmtungshlutur í fatakeðjunni French Connection, tólf prósent í Woolworths og tæp sjö prósent í Debenhams. Ekki er í bígerð að selja þær eignir, að sögn Gunnars.

Breskir fjölmiðlar telja líkur á að aukýfingurinn muni nú reyna að sölsa undir sig meirihluta Moss Bros og ná þar stjórnartaumum. Ekki sé útilokað að hann reyni við yfirtöku, líkt og Baugur stefndi að fyrr á árinu.

**- jab**

NÚ LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST!

# BÍLAOUTLET



900 þús. í afslátt!!!

**TOYOTA RAV4**
Ek. 28 þús. Nýskr. 10/06. Ssk.
Verð áður: 3.890 þús. kr.

OUTLETVERÐ:
**2.990 þús. kr.**

## Á Korputorgi gerirðu betri kaup á notuðum!

Nýr og miklu stærri salur!!!

Nú erum við búnir að koma okkur vel og rækilega fyrir í nýja húsnæðinu okkar við Korputorg. Á planinu fyrir utan stendur fjöldi bíla en mestu munar um 2.200 m$^2$ salinn okkar sem er stútfullur af frábærum, notuðum bílum. Það er nóg að gera en við sjáum til þess að fylla jafnóðum á þannig að þú getur verið viss um að finna rétta bílinn fyrir þig!
**Komdu og gerðu skynsamleg bílakaup í BílaOutlet!**
**Við höfum opið til kl. 19 í kvöld!**



600 þús. af!

**BMW 316i**
Ek. 45 þús. Nýskr. 11/04. Ssk.
Verð áður: 2.490 þús. kr.
OUTLETVERÐ
**1.890 þús. kr.**



**SUBARU FORESTER**
Ek. 136 þús. Nýskr. 11/99. Bsk.
Verð áður: 850 þús. kr.
OUTLETVERÐ
**450 þús. kr.**



1.360 þús. af!

**NISSAN NAVARA 2.5 SE**
Ek. 12 þús. Nýskr. 08/07. Ssk.
Verð áður: 4.350 þús. kr.
OUTLETVERÐ
**2.990 þús. kr.**



**TOYOTA RAV4**
Ek. 100 þús. Nýskr. 03/01. Ssk.
Verð áður: 1.250 þús. kr.
OUTLETVERÐ
**890 þús. kr.**



55% í afslátt!

**RENAULT CLIO**
Ek. 132 þús. Nýskr. 12/03. Bsk.
Verð áður: 590 þús. kr.
OUTLETVERÐ
**270 þús. kr.**



1.260 þús. af!

**NISSAN PATHFINDER 4.0 V6**
Ek. 76 þús. Nýskr. 07/05. Ssk.
Verð áður: 3.950 þús. kr.
OUTLETVERÐ
**2.690 þús. kr.**



**SUBARU IMPREZA**
Ek. 111 þús. Nýskr. 06/02. Ssk.
Verð áður: 1.290 þús. kr.
OUTLETVERÐ
**770 þús. kr.**



**NISSAN X-TRAIL ELEGANCE**
Ek. 85 þús. Nýskr. 11/03. Ssk.
Verð áður: 2.160 þús. kr.
OUTLETVERÐ
**1.540 þús. kr.**

NÝ STAÐSETNING: KORPUTORG

Mundu að tékka líka á bilaoutlet.is

Opið í dag: 11-19



BÍLAOUTLET

Korputorgi. S: 575 12 30 | Opið: mán-fös 11-19, lau 10-18, sun 12-18 | www.bilaoutlet.is

ENNEMM / SÍA / NM36091

*Með fyrirvara um prentvillur.

# NÓATÚN



**Grísahnakki úrb. sneiðar**
Verð áður 1.698

**899** kr. kg



**Móa kjúklingabringur**
45% afsláttur

**1.930** kr. kg



**Lambalærissneiðar**
Verð áður 2.398

**1.698** kr. kg



**Grísalundir**
Verð áður 2.698

**1.498** kr. kg



**Eðalfiskur**
Reyktur og grafinn lax

**35%** afsláttur



**Ungnautaborgari**
ca. 90 g

**98** kr. stk.



**Ýsa**
í koníaks- og humarsósu

**998** kr. kg




**Jólaöl**
0,5 L

**119** kr. stk.




**Nyakers 475 g**
Piparkökuhjörtu

**519** kr. pk.




**Kelloggs Cornflakes**
500 g

**409** kr. pk.

EXPO • www.expo.is




**Kókómjólk**
6 x 250 ml

**399** kr. pk.




**Pepsi Max**
2 L

**129** kr. stk.



**Frigg Þvær og bónar**
**Frigg Hreinsir 1,5 L**

**20%** afsláttur

NÓATÚN

Ný stefna Nóatúns:

# LÆKKAÐ VERÐ Á ÖLLUM PAKKAVÖRUM

Nóatún hefur á undanförnum vikum farið í gegnum mikla hagræðingu með það markmið að lækka vöruverð.

Öll yfirbygging hefur verið stórlega skorin niður, allur óþarfa kostnaður horfinn, markvissari innkaup, breyttur opnunartími og almenn hagræðing hefur skapað svigrúm til að lækka verð umtalsvert.

LÆKKAÐ VERÐ

## NÓATÚN BREYTIR UM TAKT

### - Í HNOTSKURN

*Nóatún lækkar vöruverð með:*

» Hagræðingu

» Aðhaldi í rekstri

» Skera niður allan óþarfa kostnað

» Minnka yfirbyggingu

» Markvissari innkaupum

» Breyttri vörusamsetningu

» Almennu aðhaldi

» Breyttum opnunartíma

www noatun.is

BREYTTUR OPNUNARTÍMI

| Verslun | Opnunartími | Mán. – Fös. | Lau. | Sun. |
|---|---|---|---|---|
| **Austurveri**, Reykjavík | Opnunartími: | Mán. – Fös. 10-20 | Lau. 11-20 | Sun. 11-20 |
| **Grafarholti**, Reykjavík | Opnunartími: | Mán. – Fös. 10-21 | Lau. 11-20 | Sun. 11-20 |
| **Hamraborg**, Kópavogi | Opnunartími: | Mán. – Fös. 10-20 | Lau. 11-19 | Sun. 11-19 |
| **Reykjavíkurvegi**, Hafnarf. | Opnunartími: | Mán. – Fös. 10-20 | Lau. 11-20 | Sun. 11-20 |
| **Hringbraut**, Reykjavík | Opnunartími: | Mán. – Fös. 10-21 | Lau. 11-20 | Sun. 11-20 |
| **Nóatúni 17**, Reykjavík | Opnunartími: | Mán. – Fös. 10-20 | Lau. 11-19 | Sun. 11-19 |
| **Rofabæ**, Reykjavík | Opnunartími: | Mán. – Fös. 9-20 | Lau. 10-20 | Sun. 10-19 |
| **Austurvegi**, Selfoss | Opnunartími: | Mán. – Fös. 10-20 | Lau. 11-19 | Sun. 11- 19 |

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Það eru erfiðir tímar.

# Bakkafullur lækur

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Það er öng og þröng í hugunum. Fátt, lítið sem ekkert, til gleði í þjóðarranni. Ráðamenn svo hnípnir þá sjaldan þeir sjást að raun er á að líta. Öll ráð virðast þeim fjarri. Langir bálkar birtast í fjölmiðlum þar sem raktar eru spurningar sem almenningur vill fá svör við, spurningar sem eru brýnar og varða almenningsheill og engin svör fást við. Loðin svör, hálfsannleikur og þögn einkenna framkomu ráðamanna þá þeim bregður fyrir. Almenningur dregur þá ályktun að ráðaleysið sé algjört. Undir niðri logar reiðin sem brátt getur brotist út í almannamótmælum.

Hvernig ætla stjórnvöld að bregðast við þeim? Hvað hyggst lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gera til að stýra þeim mannfjölda sem búast má við að þyrpist til mótmælastöðu á laugardag? Verða gerðar ráðstafanir til að stýra bílaumferð líkt og gert er á hátíðadögum þegar von er á þúsundum í Kvosina? Verða settir upp umferðartálmar, aðgengi heft? Óeinkennisklæddum lögreglumönnum dreift í mannfjöldann til að takast á við þá sem freistast til skemmdarverka? Er sú ráðstöfun skynsamleg? Eða verður gripið til þess ráðs að klæða lögregluna brynklæðum, höggvopnum, gasi til að dreifa mannfjölda? Og komi til átaka vegna fárra óróaseggja, hvert verður þá viðbragð hinna, þeirra stilltu sem standa hjá. Líkur eru á að börn verði með í för í mótmælum fjölskyldufólks á laugardag. Minna má á söguleg dæmi þess að almenningur var hvattur til að sýna andóf sitt og óánægju og hvernig friðsamleg mótmælastaða breyttist á örfáum andartökum í harkaleg ofbeldisátök, átök sem mörkuðu áratugalangan ófrið í landinu.

Stór vandi er búinn ráðamönnum og umbjóðendur þeirra hafa ekki lengur traust á leiðsögn þeirra sem er svo óljós nú að stefnir í villur. Trausti rúin stjórnvöld geta litlu áorkað þótt góður vilji standi til. Jafnvel þótt skyldræknin segi mönnum að lafa. Aldrei á tíma lýðveldisins hefur vantrúin á stjórnvöldum verið svo djúp. Það er hörmuleg pólitísk arfleifð sem liggur eftir þá kynslóð sem nú situr á valdastólum og þumbast við að víkja, neitar að bera ábyrgð á gerðum sínum og stefnu. Kannast ekki við mistök og kann ekki að afsaka sig. Hefur ekki þrek til að víkja þeim frá sem hafa brugðist trausti og misnotað aðstöðu sína og sitja jafnvel í forsvari ráðuneyta.

Í slíku bjargarleysi er krafa um kosningar eðlileg og þeir sem bera því við að þá muni ástandið snúast til hins verra geta fátt fram borið langsetu til réttlætingar meðan aðgerðaplan er ekki komið fram. Umfram allt verða ráðamenn að koma úr felum fundanna og tala til umbjóðenda sinna. Hafi þeir enn erindi í stjórnmálum og hyggjast stefna að framboði á ný er þeim brýnt að sinna upplýsingaskyldu sinni en ekki fela sig á bak við stuttaraleg svör á hlaupum, eða engin, í furðulegu fálæti sem sumir vilja kalla hroka en aðrir gæfuleysi. Því svona gengur ekki lengur: óánægjustrauminn brýtur á bökkum og brátt fer hann að brjótast úr farvegi sínum. Og þá ræður enginn við neitt. Kylfan ræður kastinu hvar sem höggið lendir.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Draugagangur

Á þessum stað í blaðinu í gær var vikið að lokaorðum Bjarna Harðarsonar á þingi og því ekki úr vegi að upplýsa hver voru fyrstu orð Helgu Sigrúnar Harðardóttur eftir að hún tók sæti Bjarna á þingi. Eftir að hafa þakkað fyrir hlýjar móttökur hellti Helga Sigrún sér í slaginn: „En það er undarlegt að koma hér inn og finnast maður sitja í kolniðamyrkri með þjóðinni þar sem menn keppast við að segja draugasögur og ríkisstjórnin, sem hefur falið slökkvarann, neitar að kveikja ljósið.“ Það eimir semsagt enn af áhrifum Bjarna Harðarsonar á Alþingi, hann var jú einn af stofnendum Draugasetursins á Stokkseyri.

### Ný nefndaskipan

Framsóknarflokkurinn hefur falið Magnúsi Stefánssyni að taka sæti Bjarna Harðarsonar í fjárlaganefnd. Birkir Jón Jónsson fer í efnahags- og skattanefnd og Helga Sigrún í félagsmála- og samgöngunefnd.



### Albert til Færeyja

Íslensk stjórnvöld hyggjast ráðast í stórfelldan niðurskurð í utanríkisþjónustunni. Meðal væntanlegra breytinga eru þær að Albert Jónsson, sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, verður færður til og gerður að aðalræðismanni í Færeyjum. Albert var lengi einn helsti ráðgjafi Davíðs Oddssonar í utanríkismálum á sínum tíma. Það kemur væntanlega í hlut Alberts að þakka Færeyingum fyrir lánið sem þeir ætla að veita Íslandi, vegna hruns íslenska hagkerfisins.

bergsteinn@frettabladid.is

# Blóðgjöf í gangi



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Ísland og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Ekki bólar enn á afgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á umsókn Íslands um neyðarlán úr sjóðnum. Drátturinn á sér vísast eðlilegar skýringar, en fálmkenndar og ósamkvæmar útleggingar yfirvalda á honum vekja hugboð um einhverja fyrirstöðu, sem þau virðast ekki treysta sér til að skýra frá. Við bætist, að Seðlabanki Íslands rauf trúnað, þegar hann kunngerði hluta samkomulagsins við sjóðinn úr samhengi við önnur fyrirhuguð úrræði. Það getur þó varla verið frágangssök að hálfu sjóðsins. Það vitnar um getuleysi og stappar nærri ögrun, að ríkisstjórnin skuli bjóða sjóðnum, öðrum hugsanlegum lánveitendum og þjóðinni upp á óbreytta seðlabankastjórn eftir allt sem á undan er gengið.

### Hans hátign flýgur

Nú kann einhver að spyrja: Getur verið, að sjóðurinn bíði þess, að ríkisstjórnin víki bankastjórn Seðlabankans frá? Svarið er nei. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn skiptir sér ekki af innanlandsmálum. Með samanbitnar varir samdi sjóðurinn jafnvel við rummunginn Móbútu, forseta Kongó, sem hét þá Saír, og það oftar en einu sinni án þess að láta í ljós skoðun sína á forsetanum og verkum hans. Vinur minn einn og starfsbróðir í sjóðnum fór á sínum tíma margar samningaferðir til Kongó. Samningarnir fóru fram í höfuðborginni Kinshasa, en Móbútu kallaði samninganefndirnar til fundar við sig í höll í afskekktum hluta þessa víðáttumikla lands, sem er á stærð við Vestur-Evrópu. Þangað til hallarinnar hafði hann flogið frönskum stúlknakór og kampavíni til að skemmta gestum sínum. Að loknum fundi lagði Móbútu aðra risaþotu ríkisflugfélagsins undir fundarmenn til að flytja þá aftur til Kinshasa. Þetta var tvílyft Boeingþota, 747. Farþegarnir um borð voru kannski tíu eða tólf. Eftir flugtak laumaðist forsetinn upp á loft. Litlu síðar barst hróðug og sigurviss rödd hans úr hátalarakerfi vélarinnar: „Hans hátign flýgur.“ Sem sagt: Þeir eru ýmsu vanir, hagfræðingar sjóðsins.

### Vogur eða d'Angleterre?

Ríkisstjórnin heldur áfram að vanrækja upplýsingaskyldu sína. Stjórnin hefur ekki enn greint frá því, hvenær aðstoð gjaldeyrissjóðsins við Ísland í aðdraganda kreppunnar nú bar fyrst á góma. Þetta skiptir máli, þar eð tímabær aðstoð sjóðsins strax í vor eða sumar kynni að hafa dugað til að endurskipuleggja bankana og forða þeim frá hruni, enda lágu þá fyrir skriflegar tillögur um færar leiðir að því marki. Frá því var skýrt nýlega í brezkum blöðum, að Gordon Brown forsætisráðherra Bretlands, hafi ráðlagt Geir Haarde forsætisráðherra strax í apríl að leita til sjóðsins. Um sama leyti var lögð fram skýrsla tveggja brezkra prófessora um viðsjárverða stöðu bankanna. Henni var stungið undir stól. Næst leitaði ríkisstjórnin ásjár í seðlabönkum Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, en frændur okkar virðast einnig hafa bent á sjóðinn og heitið Íslendingum fulltingi í tengslum við samkomulag við hann. Enda er skilyrðunum, sem fylgja gjaldeyrisláni úr sjóðnum, ætlað að tryggja, að lántakandinn geti á tilskildum tíma staðið skil á skuldinni. Þessu næst leitaði ríkisstjórnin til Evrópska seðlabankans og síðan til Seðlabanka Bandaríkjanna, en fékk þar að því er virðist sömu svör og annars staðar. Hér er trúlega að finna skýringuna á því, hvers vegna Seðlabanki Bandaríkjanna gerði um mitt sumar gjaldeyrisskiptasamninga við seðlabanka Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar án þess að hafa Ísland með. Sá, sem neitar að leggjast inn á Vog, fær ekki leyfi fjölskyldunnar til að leigja sér herbergi á Hotel d'Angleterre.

### Mestu afglöpin

Ríkisstjórnin kaus mánuðum saman að leita ekki til sjóðsins, þótt nánustu bandamenn okkar legðu að henni að gera það. Hún leitaði heldur til Rússa í óþökk allra hinna. Kannski hélt hún, að Rússar myndu veita Íslandi lán án skilyrða, sem allir aðrir töldu nauðsynleg. Svo virðist sem Rússar hafi einnig bent á sjóðinn. Þá fyrst braut ríkisstjórnin odd af oflæti sínu og samdi við sjóðinn, en allt of seint. Hefði stjórnin leitað í tæka tíð eftir aðstoð sjóðsins við endurskipulagningu bankanna og við myntbreytingu, helzt upptöku evrunnar í tengslum við skjóta inngöngu í ESB, líkt og Manuel Hinds, fyrrum fjármálaráðherra El Salvadors, lagði til í fyrra, og Ársæll Valfells lektor og Heiðar Már Guðjónsson framkvæmdastjóri hafa rifjað upp, gæti Ísland nú kannski verið betur statt. Oflæti ríkisstjórnarinnar leiddi af sér mestu afglöp lýðveldissögunnar. Ríkisstjórnin verður að víkja og veita forseta Íslands færi á að skipa utanþingsstjórn, sem þjóðin getur treyst. Svo kjósum við.

# Endurreisnin hafin

**UMRÆÐAN**

Ragnheiður Hergeirsdóttir skrifar um efnahagskreppuna



**RAGNHEIÐUR HERGEIRSDÓTTIR**

Sveitarfélagið Árborg og Atvinnuþróunarfélag Suðurlands stóðu nýlega fyrir fundi með atvinnurekendum í Árborg til að fara yfir stöðu mála í ljósi efnahagsástandsins. Í greiningu sem unnin var af CreditInfo Ísland kom í ljós að vandi fyrirtækja í Árborg er mikill. Um helmingur fyrirtækja flokkaðist í hærri áhættuflokkum samkvæmt CIP áhættumati CreditInfo Ísland og 12,3% eiga í bráðri hættu á að verða gjaldþrota á næstunni. Hlutfall fyrirtækja sem eru á vanskilaskrá (16%) í byrjun nóvember 2008 er einnig hærra en landsmeðaltalið (13,3%). Ástæðuna má rekja til að áberandi hátt hlutfall fyrirtækja í sveitarfélaginu eru í byggingariðnaði eða eiga í fasteignaviðskiptum, eða um 40% af heildarfjölda fyrirtækja.

Menn hafa séð árangurinn af *Gera-ekki-neitt* aðferðinni margumtöluðu. Því er hér ekki til setunnar boðið. Sem fyrsta skref í stuðningi við atvinnulífið hefur verið ákveðið að vinna að stofnun Þekkingargarða á Selfossi í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands, Fræðslunet Suðurlands og aðrar mennta- og rannsóknastofnanir á Suðurlandi. Þekkingargarðurinn mun leggja áherslu á samstarf við fyrirtæki í m.a. bygginga- og umhverfistækni, orkunýtingu, jarðfræði og garðyrkju- og landnýtingu. Einnig skiptir miklu að ríkið, opinberar stofnanir, fyrirtæki og fjárfestar komi að verkefninu, og hefur þegar verið leitað til menntamálaráðuneytisins.

Þekkingargarðar gegndu lykilhlutverki við uppbyggingu atvinnulífsins í Svíþjóð og Finnlandi á áttunda áratugnum, og má nefna IDEON Science Park í Lundi og Oulu Science Park í Oulu sem fyrirmyndir. Menn áttuðu sig á að eina auðlindin sem raunverulega skiptir máli er mannauður, fólkið sem byggir samfélögin og hugmyndir þeirra. Hins vegar hefur komið skýrt fram að undanförnu að þar var gripið alltof seint til aðgerða. Afleiðingin varð mikið atvinnuleysi og upplausn í samfélaginu – eitthvað sem bæjarstjóri Árborgar hyggst koma í veg fyrir með öllum tiltækum ráðum.

*Höfundur er bæjarstjóri Árborgar.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



Vakt allan sólarhringinn
Gögnin eru örugg
Eitt númer fyrir alla þjónustu
Fullkominn vélasalur
Minni kostnaður - meiri afköst
Sveigjanleg samskipti
Öll kerfi á einum stað í Vist
Losaðu fyrirtækið við umstang, áhyggjur og óþarfa kostnað. Sendu tölvukerfið í Vist og láttu Símann sjá um netþjóna, rekstur og viðhald, leyfismál vegna hugbúnaðar, samskiptakerfi og öruggar gagnatengingar. Með föstum og fyrirsjáanlegum mánaðargreiðslum og einum þjónustuaðila bætirðu reksturinn og einfaldar verkferla.
800 4000 • siminn.is
Það er Síminn
Sími
Netið
Vist

# KappAbel orðið BEST

UMRÆÐAN
Anna Kristjánsdóttir skrifar um stærðfræðikeppni 9. bekkinga


ANNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Undanfarin sjö ár hefur öllum 9. bekkjum verið boðið að taka þátt í viðfangsefni þar sem bekkir keppa í stærðfræði. Nemendur leysa stærðfræðiþrautir en einnig rannsaka þeir í bekkjarverkefni hvernig stærðfræði tengist ýmsum sviðum. Meðal þess sem bekkirnir hafa kannað eru tengsl stærðfræði við tónlist, samskipti og íþróttir. Á hverju ári er nýtt þema. Nær þriðjungur íslenskra nemenda hefur tekið þátt í þessu verkefni frá haustinu 2002. Þetta verkefni hefur því verið fjölmennasti og umsvifamesti stærðfræðiviðburður hvers árs.

Keppnin á uppruna sinn í Noregi en árið 2003 ákvarðaði norræna ráðherranefndin þriggja ára styrk til hinna landanna til þess að gera kleift, ásamt innlendum styrkjum, að þróa keppni af sama tagi og jafnframt að koma á norrænu samstarfi um sameiginlega lokakeppni. Það tókst að festa keppnina í sessi í öllum löndunum og norræn lokakeppni hefur verið haldin frá 2004. Hún var haldin á Íslandi árið 2005 og sigraði Lundarskóli á Akureyri þá í stærðfræðiþrautum. Íslendingar sigruðu líka í Gautaborg 2007 er Digranesskóli var með besta bekkjarverkefnið.

Vegna andstöðu norskra frumkvöðla við að nafnið KappAbel væri notað á keppni undir norrænni stjórn var ákveðið vorið 2008 að breyta nafninu í Bekkirnir keppa í stærðfræði. Það er á íslensku skammstafað BEST.

Aðstæður á Íslandi haustið 2008 eru vissulega ekki vænlegar fyrir viðburð af þessu tagi. Öll vinna hefur verið gefin, en myndi ella nema nær helmingi kostnaðar. Rekstrarkostnað verður hins vegar að greiða en þar eru stærstu liðir viðurkenningar til þriggja efstu bekkjanna, framkvæmd undanúrslita 9 liða þeim að kostnaðarlausu og ferð sigurvegaranna á norrænu keppnina. Þetta hefur verið fjármagnað með styrkjum sem ekki eru tryggir við núverandi aðstæður. Hins vegar hefur keppnin notið trausts og mikilvægs stuðnings gegnum árin frá Alþingi, Opnum kerfum, Orkuveitu Reykjavíkur, Kópavogsbæ og menntamálaráðuneyti.

Í von um að kleift reynist, þrátt fyrir erfiðar aðstæður, að afla styrkja til rekstrar BEST þetta skólaár, bjóðum við íslenskum 9. bekkingum enn á ný til leiks. Þema bekkjarverkefnisins er að þessu sinni Stærðfræði og umhverfið. Landskeppnin verður dagana 21.-22. apríl og norræna keppnin í Finnlandi dagana 7.-9. júní 2009.

Umsóknir fyrir þá bekki sem óska eftir að vera með þurfa að berast frá skólastjórum til stjórnanda, Anna.Kristjansdottir@uia.no, ekki síðar en föstudaginn 14. nóvember. Fyrsta lota keppninnar er 17.-28. nóvember. Tilkynna þarf fyrir hvern bekk nafn kennara og netfang, heiti bekkjar og fjölda nemenda.

*Höfundur er prófessor við Háskóla Íslands.*

# Skuldbreyting heimilanna

UMRÆÐAN
Páll Magnússon skrifar um efnahagsástandið


PÁLL MAGNÚSSON

Afar mikilvægt er að gripið verði til raunhæfra og róttækra efnahagsaðgerða sem allra fyrst. Vaxandi óvissa einstaklinga og fyrirtækja í landinu er eingöngu til þess fallin að auka á spennu og leiða til enn frekari vandamála í efnahagsmálum og félagslegum málefnum. Hér eru lagðar fram tillögur til að mæta efnahagsþrengingum heimila og fyrirtækja.

**Afskriftir lána**

Grípa þarf til aðgerða sem miða að því að lækka skuldir fólks og fyrirtækja með því að fella niður hluta skulda. Efnahagsvandi sl. vikna og mánaða hefur leikið heimili og fyrirtæki grátt. Verðbólga hefur í gegnum verðtryggð lán hækkað skuldir og gengisfall krónunnar jafnframt haft áhrif til hækkunar á greiðslum á erlendum lánum. Við bætist að tekjur einstaklinga og fyrirtækja lækka mikið og því ljóst að fáir munu geta staðið við skuldbindingar sínar. Tvennt þarf öðru fremur að tryggja við skuldaniðurfærslu. Annars vegar þarf að gæta jafnræðis og hins vegar þarf ferlið að vera gegnsætt. Það er án efa hagkvæmara fyrir ríkið og lánardrottna að samið verði um niðurfærslu skulda þannig að skuldarar geti greitt af lánum sínum í stað þess að fjöldi fyrirtækja og heimila verði gjaldþrota. Bankar, Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðir munu ekki standa betur að vígi með fangið fullt af fasteignum og fyrirtækjum í rekstrarstöðvun.

**Húsnæðislán einstaklinga**

Höfuðstóll húsnæðislána einstaklinga verði afskrifaður um 40% en að hámarki 20 milljónum króna. Þetta er hægt að gera í gömlu bönkunum í ljósi þess að ekki næst að innheimta útistandandi kröfur og færa þær afskrifaðar yfir í nýju bankana. Íbúðalánasjóður verði styrktur með auknu eigin fé frá ríkinu, sem það fær vonandi með lántökum sínum erlendis. Lántakendum, sem hafa sótt húsnæðislán hjá sparisjóðum, gefist kostur á að færa lán sín yfir í Íbúðalánasjóð eða sérstakt dótturfyrirtæki þess, sem síðan afskrifar 40% af höfuðstól lánanna. Afskriftir húsnæðislána þurfa einnig að ná til lífeyrissjóða. Til að mæta útlánatapi þeirra verði gerðar breytingar á lögum sem tryggi að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs af launum hækki þannig að framlag launþega fari úr 4% í 5%.

Einnig þarf að vinna að lækkun skulda hjá fyrirtækjum. Með flatri niðurfærslu skulda er gætt jafnræðis og sterkustu fyrirtækin í íslensku atvinnulífi munu standa sterkar eftir. Þrátt fyrir 20-30% niðurfærslu skulda hjá gömlu íslensku bönkunum verður ekki öllum fyrirtækjum bjargað. Niðurfærsla skulda mun hins vegar gefa öðrum fyrirtækjum tækifæri til að lifa og jafnvel taka yfir rekstur þeirra fyrirtækja sem ekki reynist unnt að bjarga með öðrum hætti. Gömlu bankarnir gætu þannig fengið eitthvað upp í kröfur sínar og fleiri einstaklingar haldið vinnu en annars.

**Umsókn um aðild að ESB og upptaka evru**

Stjórnvöld verða hið fyrsta að leggja fram umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Íslenska krónan á sér ekki framtíð og engar aðrar leiðir eru færar en að taka evru upp sem gjaldmiðil að undangenginni aðild að ESB. Því fyrr sem slík umsókn liggur fyrir þeim mun betra, enda mun ákvörðunin eyða óvissu í gjaldmiðilsmálum. Með aðild að ESB mun trúverðugleiki Íslands á alþjóðavettvangi aukast. Þannig munum við lúta valdi Seðlabanka Evrópu í peningamálum, framkvæmdastjórnar ESB í samkeppnismálum og enn frekari samvinna verða milli Fjármálaeftirlits og evrópskra systurstofnana.

Skipa þarf erlendan aðila til að annast rannsókn á hruni íslenska fjármálalífsins hið fyrsta en hægt væri að gera slíkt í samvinnu við framkvæmdastjórn ESB samhliða aðildarumsókn.

**Breytt stefna í peningamálum**

Seðlabanki Íslands er rúinn trausti og því nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á stjórnun hans. Í því millibilsástandi sem skapast þar til aðild fæst að ESB þarf að víkja til hliðar verðbólgumarkmiðum því mikilvægara er nú að tryggja atvinnulífinu fjármagn og fólki atvinnu. Fyrirtæki og sveitarfélög þurfa á lánsfjármagni að halda til skuldbreytinga og einnig til að efla eiginfjárstöðu sína. Því á ríkið að gefa fyrirtækjum og sveitarfélögum kost á ódýrum lánum, jafnvel án afborgana fyrstu mánuðina. Þetta getur ríkið gert einfaldlega með prentun peninga og aukið þannig fjármagn í umferð, líkt og hagfræðingar hafa lagt til að gert verði. Með aðgerð sem þessari er hægt að forða fjölda fyrirtækja frá samningaumleitunum við skuldunauta og gefur þeim kost á að hefja uppbyggingarstarf sem fyrst.

*Höfundur er stjórnsýslufræðingur og bæjarritari í Kópavogi.*







# Fyrst evra, svo ESB

UMRÆÐAN
Árni Árnason skrifar um efnahagsástandið


ÁRNI ÁRNASON

Vegna aðstæðna í efnahagslífinu væri rétt að endurtaka myntbreytinguna frá 1981. Skiptin nú væru fyrir evru.

Krónan hefur ekki verið sterk mynt. Það má sjá af samanburði við dönsku krónuna. Á árinu 1871 voru krónurnar jafnar að verðmæti en 110 árum síðar, 1981, voru tvö núll tekin aftan af þeirri íslensku. Nú er gengið gagnvart þeirri dönsku ríflega 23 krónur.

Af þessari ástæðu var þegar á árinu 1985 til umræðu innan Verzlunarráðs Íslands hvort rétt væri að skipta krónunni út fyrir aðra mynt. Verðbólga var þá óbærileg. Árið 1983 hækkaði verðlag t.d. um 86% að meðaltali frá árinu áður. Á þessum árum var enginn afgerandi kostur á annarri mynt. Það breyttist 1999 með tilkomu evru. Íslendingar náðu síðar betri tökum á verðbólgunni. Opið hagkerfi og frjáls gjaldeyrisviðskipti hafa þó gert þessi útskipti nauðsynleg á ný. Ástæðan eru þau vandkvæði sem örmynt skapar í opnu hagkerfi.

Í umræðunni um upptöku evru í stað krónu hefur mörgum reynst erfitt, vegna stjórnmálaskoðana, að komast að kjarna máls. Í reynd eru einungis tvær leiðir færar: Íslendingar geta tekið upp evru eftir aðild að ESB, að uppfylltum skilyrðum Maastricht-samkomulagsins, eða tekið hana upp einhliða á eigin kostnað. Síðari leiðin er einföld. Hún er einnig heppilegri án tillits til þess hvort Íslendingar vildu síðar öðlast aðild að ESB. Seðlar og mynt í umferð er tiltölulega lág fjárhæð eða tæplega 15 milljarðar króna fyrir hrun bankakerfisins. Lágt hlutfall skýrist af almennri notkun greiðslukorta og rafrænum greiðslum. Þessir seðlar og mynt munu aldrei skila sér að fullu við útskipti fremur en varð 1981. Sú aðgerð var í reynd upptaka nýrrar myntar og hliðstæða. Innlend þekking á framkvæmdinni er því til staðar. Erlendis er reynsla af einhliða upptöku evru þannig að nýta má þekkingu annarra.

Einhliða upptaka er heppilegri leið þar sem Íslendingum mun reynast erfitt að mæta tveimur Maastricht-skilyrðanna: (1) Verðbólga má ekki vera meiri en 1,5% umfram meðaltal í þeim þremur ESB-ríkjum sem hafa lægsta verðbólgu árið á undan upptöku. (2) Gengi krónunnar má ekki sveiflast umfram 15% frá viðmiðunargengi tvö ár þar á undan. Krónan var, er og verður óstöðug mynt vegna smæðar hagkerfisins og þeirra mörgu þátta sem geta sett hana úr jafnvægi. Útgáfa krónubréfa og stöðutaka fjármálastofnana gegn krónunni ætti að hafa sýnt endanlega að hún veldur ekki hlutverkinu.

*Þó má vænta þar meiri skilnings á þessari neyðarráðstöfun en hjá þeim Íslendingum sem enn virðast ekki skilja að hægt er að taka upp evruna með alveg sama hætti og hvaða aðra erlenda mynt sem er*

Í janúar var ljóst að gengi krónunnar léti undan á árinu. Því mátti ætla að sá tími kæmi að heppilegt yrði að skipta krónunni út fyrir evru. Þannig hefði mátt stöðva gengisfallið á því gengi sem teldist hagfellt iðnaðinum til frambúðar. Það gengi skapar sjávarútvegi góða afkomu. Sú framkvæmd hefði einnig gefið möguleika á ört lækkandi vaxtastigi og þannig gagnast bæði fólki og fyrirtækjum. Það hefði einnig sett verðbólgunni stífar skorður, vegna stöðugleika myntarinnar. Þetta hefur ekki orðið. Gengisfallið á árinu hefur orðið langt umfram nauðsyn fyrir afkomu útflutningsgreina og jafnvægi í utanríkisviðskiptum. Gengið hefur gjörsamlega hrunið. Myntskiptin eiga samt enn rétt á sér og geta verið liður í viðreisninni.

Hægt er að taka krónuna úr umferð á sterkara gengi en nú er og lina þannig að nokkru áföll vegna gengishrunsins. Það er hlutverk löggjafans. Útskipti á sterkara gengi gæti bætt skuldastöðu fólks og fyrirtækja í erlendri mynt reiknað í krónum. Sú gerð mundi einnig koma í veg fyrir að innflutningsverðlag lagaði sig að núverandi veikingu krónunnar. Ef núverandi gengi helst áfram má enn vænta mikilla verðhækkana. Útskiptin draga einnig úr þörf fyrir óhóflegar lántökur til endurreisnar krónunni. Með trúverðugri tryggingu innlánssparnaðar, sem er hvort sem er nauðsynleg, þarf ekki að óttast að almenningur geri á ný áhlaup á bankana. Með evru sem gjaldmiðil þarf Seðlabankinn heldur ekki að verja gjaldmiðilinn erlendu áhlaupi. Þess vegna er ekki nauðsyn á eins öflugum gjaldeyrisvarasjóði og þarf til þess að verja gengi krónunnar.

Ekki má vænta formlegs samþykkis eða stuðnings frá ESB ef evra yrði tekin upp einhliða. Það yrði að gera á eigin ábyrgð. Þó má vænta þar meiri skilnings á þessari neyðarráðstöfun en hjá þeim Íslendingum sem enn virðast ekki skilja að hægt er að taka upp evruna með alveg sama hætti og hvaða aðra erlenda mynt sem er. Samhliða mætti þó tjá ESB óskir um aðildarviðræður og þá ætlan Íslendinga að verða á endanum fullgildir aðilar að myntsamstarfinu á forsendum ESB.

*Höfundur er hagfræðingur. Hann var framkvæmdastjóri Verzlunarráðs Íslands 1979-1986.*



**KAFFI** sem hellist niður í teppi getur skilið eftir sig bletti ef ekki er brugðist rétt við. Gott er að hella strax vel af kartöflumjöli á blettinn og leyfa því að vera yfir nótt. Þá er það ryksugað burt.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Nýjar vörur í hverri viku
www.vefta.is
Hólagarði og Mjódd
Vefta
Tískuföt

Vefta • Lóuhólum 2-4 • S: 557 2010 • & Þönglabakka 6 • S: 578 2050

TILBOÐ VIKUNNAR


Fáanlegt í Smáralind og Holtagörðum
Tilboðið gildir til 17. nóvember
HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Oxyal™ Augndropar
Við þurrki, þreytu og ertingu í augum.
Hentar öllum, einnig fyrir þá sem nota linsur.
Fæst í apótekum

vísir.is
„...ég sá það á vísi"



Ullarermunum góðu má snúa við og þá eru þær svartar að lit. Að sögn Þóreyjar eru þær afskaplega þægilegar og klæðilegar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Töffaralegur stelpustíll

**Þórey Heiðarsdóttir saumar föt fyrir Volcano Design og er smám saman að fikra sig áfram við eigin hönnun. Hún sýndi okkur köflóttar ullarermar frá Volcano Design sem hún heldur mikið upp á.**

Við Skúlagötu 63 leynist áhugaverð fataverslun er kallast Volcano Design en þar má finna hönnun eftir Kötlu Hreiðarsdóttur, sem stundar nú nám í innanhússhönnun í Barcelona. Auk þess eru þar ógrynnin öll af skartgripum. Í þessu skrautlega umhverfi starfar Þórey Heiðarsdóttir saumakona, sem hefur þrátt fyrir ungan aldur viðað að sér ýmiss konar reynslu í fatasaumi og tísku.

„Ég hjálpa Kötlu við að sauma og fleira hérna í búðinni á meðan hún er úti í námi. Ég hef hins vegar sjálf verið að dunda við að búa til skartgripi og mig langar að hanna meira í framtíðinni og fara kannski í nám," segir Þórey hógvær og segist alltaf hafa verið mikill föndrari. „Ég lærði að sauma fyrir rúmu ári. Fyrst vann ég hjá Spaks manns spjörum og lærði að sauma hjá klæðskerunum þar en nú sauma ég hér fyrir Volcano Design."

Fatastíll Þóreyjar er að hennar sögn svolítið töffaralegur en þó stelpulegur í bland. Þórey klæðist hér ermum sem Katla hannaði og fást þær í ýmsum litum og efnum í versluninni. „Ermarnar eru mjög þægilegar og mátast vel. Hægt er að snúa þessum við og þá eru þær svartar þannig að þetta eru í raun tvær flíkur í einni," útskýrir Þórey áhugasöm en ermarnar eru til bæði í þykkari og þynnri efnum, með pallíettum og skrauti eða í einfaldari útfærslum.

Verslunin hóf göngu sína í júlí og er að sögn Þóreyjar afar notaleg. „Það er mikil fjölbreytni í búðinni, allt frá einföldum klæðnaði yfir í meiri glamúr. Síðu hettupeysurnar okkar hafa verið vinsælar sem og kragarnir og ermarnar og við erum með helling af skartgripum, allt saman á góðu verði," segir Þórey ánægð.

Þótt gaman sé að bregða sér á Skúlagötuna þá er einnig hægt að nálgast Volcano-fötin á netinu á www.volcanodesign.com.

*hrefna@frettabladid.is*

ALLT Í EINUM PAKKA


GÓÐ BLANDA GEGN KVEFI
og til þess að byggja upp varnir líkamans
INNIHELDUR
Andrographis ekstrakt, Sólhatt, C-vítamín, Engiferrót og Ylliber.

# ;TÍSKA

**JÓLAFÖTIN** á börnin er ágætt að fara að skoða núna þegar styttist í jólin. Hugsanlega passar eitthvað frá því í fyrra svo ekki er víst að nauðsynlegt sé að kaupa allt nýtt. Ættingjar og vinir luma líka oft á einhverju nothæfu.





Eldrautt blöðrupils við svartan fjaðratopp eftir albanska fatahönnuðinn MIMI vakti athygli.



Efnismikið krumpupils við perlutopp eftir MIMI.



Hressandi litasamsetning hjá Agatha Ruiz de la Prada.



Krumpupils virðast heit í Albaníu.



Skemmtileg samsetning hjá spænska hönnuðinn Agatha Ruiz de la Prada.

# Ferskir vindar

**Litagleðin var allsráðandi á tískuvikunni í Albaníu sem lauk fyrir skemmstu. Hönnuðir sýndu hressandi flíkur og litasamsetningar sem gaman er að virða fyrir sér í svartasta skammdeginu.**

Tískuvikan í Albaníu er nýafstaðin en þar blésu ferskir vindar. Sérstaklega áberandi voru efnismikil pils í öllum regnbogans litum.

Eldrautt blöðrupils við svartan fjaðratopp eftir albanska fatahönnuðinn MIMI vakti athygli en einnig lagskipt klæði, slaufur og púff ásamt skemmtilegum litasamsetningum.

Fyrir þá sem eru orðnir leiðir á fataskápnum í svartasta skammdeginu getur verið gaman að líta út fyrir landsteinana og sjá hvað er að gerast í umheiminum og þá sérstaklega að kanna nýjar og framandi slóðir.

Þótt fötin á sýningarpöllunum rati sjaldnast á eigin fataslá geta þau veitt innblástur og gefið hugmyndir að samsetningum, litavali og jafnvel saumaskap.

*vera@frettabladid.is*

Sögu augnskuggans má rekja aftur til Egyptalands tíu þúsund árum fyrir Krist. Á þeim tíma notuðu bæði karlar og konur þar augnskugga.



wikipedia.org




**Vetrarstígvél**
Nýkomið úrval af flottum leðurstígvélum fóðruðum með flís.
Margar gerðir.
Litir: svart, brúnt og rautt.
Stærðir: 36 - 42
Verð frá **16.785.- til 22.895.-**

**Misty skór**
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14
*Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf*

**Amethyst - mjög glæsilegur "push up"**
haldari í BCD skálum
á kr. 6.990,-"



**MISTY** - LAUGAVEGI 178,
105 REYKJAVÍK sími 551-3366
misty@misty.is www.misty.is
opið mán-fös kl **10-18** lau kl.**10-14**

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

**Frábærar vörur** pompea **betra verð**



**Apótek, verslanir, Fjarðarkaup, Þín Verslun Spar**
**Dreifingaraðili:** S. Gunnbjörnsson ehf.

**Augnháralitur og augnbrúnalitur**
**Tana® Cosmetics**

**NÝTT!!**
**Plokkari með ljósi**



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

# LAGERSALA
# LAGERSALA

**Opið hús í Heildverslun að Dalshrauni 17, Hafnarfirði, fimmtudaga frá kl. 12-18 og laugardaga frá kl. 12-15.**

SKART • HÁRSKRAUT
TÖSKUR • HÚFUR
VETTLINGAR • SOKKAR
FATNAÐUR OG MARGT FLEIRA

**KOMIÐ OG GERIÐ GÓÐ KAUP FYRIR JÓLIN**

**Útsölumarkaður du pareil au même verður opinn:**

Fimmtudaginn 13. Nóv 12:00-18:00
Föstudaginn 14. Nóv 12:00-18:00
Laugadaginn 15. Nóv 10:00-18:00

**Verslunin hættir, fullt af frábærum tilboðum á barnafatnaði 0mán-14ára.**

du pareil au même

Garðatorgi 7, Garðabæ. 5886750

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Veljum íslenskt: hvað annað?

Fataframleiðendur og hönnuðir bregðast mismunandi vel og hratt við heimskreppunni. Um verslanakeðjuna Zöru er sagt að það taki þrjár vikur að taka upp snið, hanna flík, framleiða og senda í búðir. Fínu tískuhúsin sem vinna 6-12 mánuði fram í tímann eiga skiljanlega erfiðara með að breyta sínum pöntunum og sitja því uppi með sín innkaup án breytinga. Hjá stóru verslanakeðjunum hér í landi hafa verið pantaðir bílfarmar af ódýrum fatnaði á 10-20 evrur stykkið til að selja fyrir jólin en þannig á að bregðast við minnkandi kaupmætti og örva söluna.

Sumir hönnuðir eru þó betur í stakk búnir til að bregðast við versnandi fjárhag viðskiptavina eins og bandaríski hönnuðurinn Marc Jacobs sem er listrænn stjórnandi Louis Vuitton. Hann hefur hannað sína eigin tískulínu síðan 1984 og býður meðal annars upp á aðra tískulínu sem er miklu ódýrari en aðallínan. Jacobs var reyndar að opna nýja búð í París á Marché Saint-Honoré-torgi þar sem þessi varningur er til sölu. Þar má finna fjöldann allan af fylgihlutum svo sem töskur á 27-260 evrur, lyklakippur á 1 evru, boli á 25 og nælur með semelíusteinum á aðeins 9 evrur. Við hliðina var að opna herrabúð þar sem meðal annars eru seldar sléttflauelsbuxur á 73 evrur sem verður að teljast nokkuð gott fyrir flík frá frægum hönnuði og tilvalin lausn í jólapakkann.

Auðvitað skal ósagt látið hversu mikil gæðin eru sem er kannski skiljanlegt miðað við verðið. Einnig er ekki útilokað að framleiðslan fari fram í fjarlægu landi þar sem laun eru lág og jafnvel þar sem litlar hendur eru notaðar til að halda verði niðri en það er nú annar handleggur. Reyndar eru gæðin hjá hinum svokölluðu „fínu tískuhúsum“ stundum upp og ofan. Ég hef verið svo heppinn að fá stöku sinnum fínar ullarpeysur úr kasmír eða merínóull, til dæmis frá Yves Saint Laurent, sem eru allar í hnökrum eftir að búið er að nota þær tvisvar til þrisvar sinnum svo sér eru nú hver gæðin.

Rétta leiðin til að jólagjafainnkaupin verði ekki alltof mikill baggi er að byrja snemma. Ég byrja yfirleitt í janúar að kaupa afmælisgjafir, og jafnvel jólagjafir ef vel gengur, fyrir árið (afsakið, kæra fjölskylda, allar fínu Parísargjafirnar eru oft tískan frá í fyrra!). Þetta árið hefur reyndar gengið heldur verr við innkaupin og því verða gjafirnar sem eftir er að kaupa keyptar heima á Íslandi svo sem hjá Bláa lóninu, 66° Norður eða í prjónabúðunum því í ár er lykilorðið fyrir jólin: Veljum íslenskt! „What else?“ eins og George Clooney segir.

*bergb75@free.fr*

# Feilspor hjá Michelle?

**Ekki eru allir á eitt sáttir um klæðaval Michelle Obama daginn sem eiginmaður hennar var kjörinn forseti Bandaríkjanna.**

Á meðan flestir hlustuðu andaktugir á sigurræðu Baracks Obama, nýkjörins forseta Bandaríkjanna, í byrjun mánaðarins virtu tískuspekúlantar klæðaburð konu hans, Michelle Obama, fyrir sér.

Flestir voru á þeirri skoðun að Michelle, sem hingað til hefur verið líkt við hina smekkvísu fyrrverandi forsetafrú Jacqueline Kennedy, hefði orðið á í messunni með því að klæðast svörtum kjól með neonrauðu munstri.

Í bandarískri netkönnun, sem náði til tíu þúsund manns, sögðu 65 prósent aðspurðra Michelle hafa stigið feilspor á meðan 35 prósent sögðu hana hafa tekið sig frábærlega út að vanda. Sams konar könnun Los Angeles Times gefur til kynna að 45 prósent hafi fundist kjóllinn afleitur en 34 prósent voru á öndverðum meiði. *- ve*



Michelle þykir hafa tekið áhættu með klæðavali daginn sem eiginmaður hennar var kjörinn forseti. NORDICPHOTOS/AFP



Take That, gamla bandið hans Robbie Williams, leikur stóra rullu í jólaauglýsingu tískurisans Marks & Spencer í ár.

# Jólapopp og snjóglamúr

**Á Bretlandseyjum bíða landsmenn jafnan spenntir eftir jólaauglýsingu Marks & Spencer.**

Hljómsveitin Take That kemur nú fram meðal fleiri stjarna og fyrirsætna í jólaauglýsingu Marks & Spencer á Englandi. Þeir Mark Owen, Gary Barlow, Jason Orange og Howard Donald munu allir sýna sig í jólafötunum við hlið helstu fyrirsætna fataframleiðandans; þeim Twiggy, Erin O'Connor, Lily Cole, Myleene Klass og Noemie Lenoir.

Í auglýsingunni leggja tónlistarmennirnir sem mest kapp á að næra jólaskapið með heitri kjötböku, hefðbundnum borðspilum, rómantísku snjókasti og vitaskuld heitum kossum undir mistilteini áður en skipst er á spennandi gjöfum við jólatré á jóladagsmorgun.

„Við erum vægast sagt spenntir og upp með okkur að fá að taka þátt í auglýsingunni, sem er árviss viðburður sem allir bíða eftir frá Marks & Spencer og nákvæmlega allir á Bretlandseyjum bíða í ofvæni eftir til að komast í jólaskapið,“ sagði Gary Barlow um jóladraum Marks & Spencer, sem þó notast ekki við jólalag í flutningi Take That í auglýsingunni, heldur Winter Wonderland í flutningi hinnar rámu Macy Gray.

Auglýsingin fór fyrst í loftið í auglýsingahléi Coronation Street í gær og verður sýnd áfram til 14. desember. *- þlg*
















**DÚKAR** verða fljótt óhreinir ef þeir eru á borðum sem mikið eru notuð. Sniðugt getur verið að kaupa glerplötu sem er jafn stór og borðplatan og leggja hana yfir dúkinn.




Ný verslun á horninu á Ármúla og Síðumúla 1

Ódýr leikföng og gjafavara

Gott úrval á *góðu verði.* Komið og gerið góð kaup

extrakaup EXTRA GÓÐ KAUP

Sími: 8698171 • Opið mán-föst 11-18 & laugard. 11-17


# GÓÐ RÁÐ
fyrir þig og umhverfið



## Garðurinn – Smáfuglar

Smáfuglarnir eru ekki einungis skemmtilegir félagar í garðinum heldur þjóna þeir ákveðnu hlutverki í lífskeðjunni. Þeir éta orma og skordýr en stundum líka berin sem ætluð voru í sultugerð. Hægt er þó að forða berjunum með einföldum aðferðum eins og að leggja net yfir runnana þegar líður að þroskatíma berjanna. Að laða fugla í garðinn er tvímælalaust gott fyrir garðinn, fuglana, þig…og kisu.



Lítið fuglahús á staur eða tré getur bjargað lífi snjótittlinganna á veturna. Það er þó ekki sama hvað þeim er gefið. Best er að nota tilbúna fuglafræsblöndu, ávexti eða fitu en sleppa að gefa þeim haframjöl því það getur þanist út í litla maganum þeirra.

Fuglavernd hefur haldið námskeið um hvernig best sé að fóðra vini loftsins á veturnum og luma á miklum fróðleik um hvaða tré eru „fuglavæn“ og geta veitt skjól, hreiðurstæði og/eða veitt fuglunum fæðu.

*Meira um allt í garðinum á: http://www.natturan.is/husid/1371/*



Náttúran.is - vefur með umhverfisvitund



Ferskar kryddjurtir geta gert góðan mat enn betri.

# Fyrir fersku kryddin

**Ferskar kryddjurtir gera góðan mat betri og matseldin verður skemmtilegri.**

Gott mortel þarf að vera til á hverju heimili. Enda ekki saman að líkja mat sem kryddaður er með ferskum kryddjurtum og mat krydduðum með pakkakryddi.

Mortel úr steini eða leir með þungum kólfi eru góð til að mylja hörð piparkorn og merja hvítlaukinn saman við olíu. Ferskar kryddjurtir getur verið gott að saxa niður með bjúglaga saxi á skurðarbretti eða í skál. Í Búsáhöldum í Kringlunni fæst kryddjurtasax með steinskál sem hnífurinn rúllar auðveldlega ofan í. Settið kostar 3.960 krónur. *- rat*



Gott kryddjurtasax er nauðsynlegt til að saxa niður ferskar kryddjurtir.


White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI

SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Konukvöld í FLASH!

Í kvöld kl. 19:00-22:00



20% afsláttur af öllum vörum!

Ný sending!

Léttar veitingar í boði!

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201

ÆSKULÝÐS VETTVANGURINN

MÁLÞING 2008

Æskan á óvissutímum

13. nóvember á Grand Hótel kl. 13.00-16:30

- **Setning:** Þorsteinn Fr. Sigurðsson formaður Æskulýðsvettvangsins
- **Ávarp menntamálaráðherra:** Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur
- **Söngur:** Flytjandi KK
- **Ísland í efnahagslegu fárviðri:** Magnús Fjalar Guðmundsson, hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands
- **Raunveruleiki heimilanna:** Lára Björnsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs í Félags- og tryggingamálaráðuneytinu.
- **Kaffi**
- **Barnið í kreppunni:** Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, sálfræðingur
- **Mikilvægi æskulýðsstarfs á óvissutímum:** Þórólfur Þórlindsson, forstjóri Lýðheilsustöðvar
- **Hvernig spegla ég ástandið?:** Jóhann Þorsteinsson, svæðisfulltrúi KFUM og KFUK á Norðurlandi
- **Fundarstjóri:** Ragnheiður Ríkharðsdóttir, alþingismaður og formaður Æskulýðsráðs
- **Málþingið er öllum opið og er aðgangur ókeypis**

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Æskulýðsráð

KFUM KFUK

Bandalag íslenskra skáta




# veljum íslenskt

FIMMTUDAGUR 13. NÓVEMBER 2008




MYND/KRISTÍN PÉTURSDÓTTIR




Við vinnum með íslenskt Bygg.

Reynir Bakari

GÓÐ BRAUÐ
BETRI HEILSA

**Reynir bakari ehf**
Hamraborg 14
200 Kópavogi

**Reynir Bakari**
Dalvegi 4
201 Kópavogi

**Sími 564 4700**

VELJUM ÍSLENSKT

Íslenskar Atson leðurvörur hafa verið framleiddar af Leðuriðjunni síðan 1936.

Ókeypis nafngylling fylgir Atson veskjum.





OPNUNARTÍMI
mán. - föst. 11.00 - 18.00
fim. 11.00 - 19.00
laugard. Lokað

Atson

Atson • Brautarholti 4 • s. 561-0060 • www.atson.is



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-2319

Íslenska er okkar mál
www.jonas.ms.is
ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL



Áhersla er lögð á kvenlegar línur í fatnaðinum.



Skartgripir eftir Sólveigu Björnsdóttur fást í búðinni.



Fötin er hægt að nota hversdags og við hátíðleg tækifæri.



Hönnuðirnir vinna mikið með íslenska ull.

MYND/KRISTÍN PÉTURSDÓTTIR

# Hanna föt sem henta við alls kyns tækifæri

**Þær Arna Vignisdóttir, Hulda Hallgrímsdóttir og Sigrún Dóra Jónsdóttir létu gamlan draum rætast og opnuðu verslun, Nostrum, sem sérhæfir sig í sölu á íslenskum kvenfatnaði og er á Skólavörðustíg 1a.**

„Við erum að vinna þó nokkuð úr íslensku ullinni. Síðan sér Glófi ehf. um að prjóna efni fyrir okkur sem við svo saumum úr," segir Arna Vignisdóttir, einn eigenda verslunarinnar Nostrum, sem stendur við Skólavörðustíg. Hún bætir við að eigendurnir hafi einnig notast örlítið við erlenda ull í prjónavörununum. „Við erum þó ekki aðeins með ull heldur alls kyns efni."

Arna á og rekur verslunina ásamt þeim Huldu Hallgrímsdóttur og Sigrúnu Dóru Jónsdóttur, sem eiga það sameiginlegt að vera bæði hönnuðir og vélar fyrirtækisins. „Við erum allar menntaðir textílkennarar frá Kennaraháskóla Íslands og höfum unnið við það í á bilinu 15 til 25 ár," útskýrir Arna og bendir blaðamanni á að þær stöllur hanni og saumi allt sjálfar og er saumaverkstæðið á efri hæð hússins.

Nostrum hefur verið starfrækt í eitt ár. „Við opnuðum á Dalvegi í Kópavogi í fyrra, en fluttum á Skólavörðustíg í vor og opnuðum 15. maí," segir Arna. „Við kynntumst í gengum starfið; höfðum þá verið að sauma og selja úr bílskúrunum okkar og ákváðum að það væri gaman að gera eitthvað meira úr þessu. Í framhaldi af því skelltum við okkur á brautargengisnámskeið hjá Impru til þess að fræðast um rekstur fyrirtækja og náðum okkur í hvatningarverðlaun á því námskeiði," segir Arna ánægð. „Svo opnuðum við verslunina."



Hulda, Arna og Sigrún Dóra reka verslunina Nostrum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Arna segir áherslu lagða á kvenlegan fatnað sem konum líður vel í og hægt er að nota bæði hversdags og við hátíðleg tækifæri. „Nostrum er með tvær línur, haust- og vorlínu," segir Arna „Það er sjálfsagt að stytta og þrengja fatnaðinn fyrir viðskiptavininn sé þess þörf, en ekki er boðið upp á sérsaum." - *aóv*

# Íslensk jól á servíettum

Myndlistarkonan Hekla Björk Guðmundsdóttir rekur fyrirtækið HEKLAÍSLANDI og sérhæfir sig í hönnun og framleiðslu á íslenskum gjafakortum, gjafapokum og servíettum.

„Í dag er að koma í verslanir ný íslensk jólaservíetta í anda gömlu góðu íslensku jólanna sem við vonum að verði á hverju heimili þessi jólin," segir Hekla. „Lopapeysu-gjafapokarnir eru tilvaldir sem umbúðir utan um jólagjafir fyrir einstaklinga og fyrirtæki, til dæmis undir bækur, hönnunarvöru, list, mat eða bara kerti og spil."

„Mig langar að koma með fleiri íslenskar servíettur og er komin með margar hugmyndir. Mig vantar bara tíma."

Hekla er með vinnustofu á Korpúlfsstöðum en helstu sölustaðir gjafapokanna og servíettanna eru verslanir sem sérhæfa sig í íslenskri hönnun og gjafavöruverslanir um land allt. Einnig er hægt að hafa samband beint við Heklu á netfangið hekla@heklaislandi.is

- *rat*



Nýju jólaservíetturnar eftir Heklu komu í verslanir í gær.



Gjafapokar með lopapeysumunstri henta vel undir jólapakkana.


Veljum íslenskt
– okkar hagur!
EITT HUNDRAÐ KRÓNUR
ÍSLAND 2007
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is

# Kaffi brennt norðan heiða

Bragakaffi hefur verið brennt á Akureyri síðan 1931. Tvær elstu kaffibrennslur landsins, Kaffibrennsla Akureyrar og Ó. Johnson & Kaaber, sameinuðust árið 1990 undir nafninu Nýja kaffibrennslan. Nýja kaffibrennslan framleiðir Bragakaffi, Ríó kaffi og Rúbín kaffi.

„Hér á árum áður var bara hægt að fá kaffibaunir frá Brasilíu en nú kaupum við kaffi inn frá Kólumbíu, Kosta Ríka, Brasilíu, Kenýa, Gvatemala og Eþíópíu," útskýrir Helgi Örlygsson, framkvæmdastjóri Nýju Kaffibrennslunnar. Hann segir fólk vanafast á sitt kaffi og á Akureyri sé til dæmis rík hefð fyrir kólumbíublöndunni sem er grænn Bragi, grænn Rúbín og grænt Ríó kaffi. En hvernig er kaffið unnið?

„Verksmiðjan okkar er mjög fullkomin. Þetta er sjálfvirkt ferli þannig að við ýtum í raun bara á takka. Baunirnar fara hráar inn um annan endann og koma út hinum megin í pökkum bæði malaðar og ómalaðar eftir því sem við á. Dýrasta kaffið er Svartur Rúbín sem er mjög gott kaffi og einstakt að gæðum. Við hellum yfirleitt upp á svartan Rúbín á kaffistofunni en þegar við erum að framleiða vissa tegund þá hellum við upp á hana, svona til að athuga hvort hún sé ekki örugglega í lagi."

Spurður um nýjungar segir hann ýmislegt í bígerð en vill ekkert gefa upp. Kaffiblöndurnar séu leyndarmál. „Þetta eru algerar leyniuppskriftir. Jóla- og páskablöndurnar eru alltaf mjög vinsælar og ég þekki til fólks sem vill bara drekka hátíðarblönduna allt árið. Það hamstrar þá jólakaffið og drekkur það langt fram eftir sumri." *-rat*




**Kólumbíublöndurnar í grænu pökkunum eru mildar og vinsælar en starfsfólk kaffibrennslunnar hellir upp á Svartan Rúbín á kaffistofunni.**
MYND/NÝJA KAFFIBRENNSLAN









**Það er regla að fara í Melabúðina á sunnudögum og þá kaupum við oft svið," segir Vaida sem hér er með börn sín tvö sem heita Kristófer Herkus og Friðrika Maya.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Íslensk svið og lifur í sunnudagsmatinn

**Vaida Karinauskaite frá Litháen er ánægð með að búa á Íslandi. Hún hefur tileinkað sér ýmsa innlenda siði og elur börn sín upp við þjóðlegan mat.**

Á Íslandi búa margir góðir og gegnir þjóðfélagsþegnar af erlendu bergi brotnir sem hafa tileinkað sér siði og matarvenjur landsmanna. Meðal þeirra er Vaida Karinauskaite, hjúkrunarfræðingur og túlkur frá Litháen.

„Mér er hlýtt til Íslands og hef kynnst mörgu góðu fólki hér. Fyrst fannst mér veðrið alveg brjálað en núna er ég búin að venjast því," segir Vaida brosandi þegar hún er spurð hinnar sígildu spurningar; „How do you like Iceland?" - Samt á íslensku því hún talar og skilur málið mjög vel. Svo rökstyður hún þetta með veðrið. „Í Litháen eru veturnir kaldir en sumrin heit. Hér eru veturnir hlýrri og sumrin kaldari svo þetta jafnast út. Mér líður eins og heima hér og er mjög sátt við allt. Ég vona bara að efnahagsástandið lagist sem fyrst og landið fari að rísa úr öskustónni. Íslendingar geta allt."

Vaida kom frá Litháen fyrir níu árum og kveðst hafa skotið rótum. Hún er gift Kjartani Rafnssyni arkitekt og á með honum tvö börn, Kristófer Herkus og Friðriku Mayu.

„Ég kom til Íslands sem au pair og ætlaði bara að vera í hálft ár en fara svo aftur heim og halda áfram að vinna sem hjúkrunarfræðingur á skurðlæknisdeild. En það teygðist úr tímanum og ég fór að vinna á Landakoti sem sjúkraliði en fékk ekki hjúkrunarleyfi hér. Nú er ég hins vegar komin með réttindin því ég fór aftur í skóla," lýsir Vaida. Spurð hvort hún hafi kynnst Kjartani áður en hún kom: „Nei, ég kom ekki til Íslands vegna ástar og var búin að vera hér í eitt og hálft ár þegar við hittumst." Þegar spjallað er um heimilislífið kemur í ljós að Vaida kann vel að meta íslenskan þjóðlegan mat og elur börn sín upp við hann. „Það er regla hjá fjölskyldunni að fara í Melabúðina á sunnudögum og þá kaupum við okkur oft tilbúin svið og lifrarpylsu," lýsir hún.

Hjúkrun, uppeldi og heimilisstörf er ekki það eina sem Vaida fæst við því hún er líka túlkur hjá Alþjóðahúsinu og leiðbeinandi í skyndihjálp og endurlífgun hjá Rauða krossinum. „Það hefur verið mikið að gera í túlkaþjónustunni síðustu ár," segir hún og kveðst hafa farið á nokkur íslenskunámskeið, meðal annars í Háskólanum. „Þegar ég vann á Landakoti talaði ég ensku og fannst ég vera inni í kassa sem ég kæmist ekki út úr. Svo ég einsetti mér að læra íslensku og er enn að bæta við. Bestu kennararnir eru konur sem ég vinn með." *- gun*

# Húsfreyjan í tæp sextíu ár

Kvenfélagasamband Íslands hefur gefið út tímaritið Húsfreyjuna frá því árið 1949, eða í 59 ár. Á vefsíðu Kvenfélagasambands Íslands segir að „Húsfreyjan sé jákvætt og hvetjandi tímarit, hluti af íslenskri kvennamenningu og sögu". Má það til sanns vegar færa.

Tímaritið kemur út fjórum sinnum á ári og er einkum selt í áskrift en einnig í lausasölu í bókaverslunum. Í Húsfreyjunni eru efnismikil viðtöl þar sem rætt er við íslenskar konur sem hafa látið að sér kveða í íslensku samfélagi á einn eða annan máta. Einnig má þar finna fréttir af starfi íslenskra kvenfélagskvenna, nýjar og áhugaverðar mataruppskriftir og fjölbreytta handavinnu. Í boði eru fræðslugreinar frá Leiðbeiningarstöð heimilanna sem og pistlar um heilsu og lífsstíl, góð ráð og krossgáta.




**Kristín Linda Jónsdóttir í Miðhvammi í Þingeyjarsýslu er ritstjóri Húsfreyjunnar.**
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Áskrift kostar aðeins 3.600 krónur fyrir allt árið og fjögur tölublöð. Hægt er að gerast áskrifandi með því að senda póst á kvenfelag@kvenfelag.is eða hringja í síma 552 7430 eða 464 3919. *- hs*

# Íslensk hrísgrjón!

Við hjá Nings erum afar stolt af því að geta boðið upp á ljúffenga og bráðholla rétti þar sem uppistaðan er íslenskt lífrænt ræktað bygg. Byggið er ræktað af Eymundi bónda í Vallanesi á Héraði og kallar hann byggið ***„hrísgrjón norðursins“***.



Íslenskt bygg með kjúklingi, grænmeti, ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

***Kynningartilboð***

lítill **590 kr.** | stór **990 kr.**

**Næringargildi í 100g af byggi**

| | |
|---|---|
| Orka kkal. | 319 |
| Orka kj. | 1334 |
| Prótein | 11,8 |
| Kolvetni | 65 |
| Fita | 1,9 |
| Trefjar | 12,3 |

Íslenskt bygg með grænmeti, ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

***Kynningartilboð***

lítill **390 kr.** | stór **690 kr.**

Viðskiptavinum stendur einnig til boða að fá íslenskt bygg í stað hvítra hrísgrjóna í flesta rétti sem Nings býður upp á.

**NINGS**

TRANS FITA · LO SALT · MSG

**Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12 • S. 588 9899**

**www.nings.is**



● **ENGLAR OG SVEPPIR**

Hönnuðurinn Signý Kolbeinsdóttir hefur á síðustu árum getið sér góðan orðstír fyrir póstkort með skrítnum og skemmtilegum fígúrum. Fyrst vakti Signý á sér athygli fyrir póstkort prýdd englum. Síðar leystu englana af hólmi sjávarverur með sterkum vísunum í japanska menningu og matargerð eins og sjá má af kennileitum á borð við Fujifjall, sterkum litum, kolkröbbum og sveppum sem eru notaðir töluvert í japanskri matargerð.

Hugmyndin að seinni syrpunni varð, að sögn Signýjar, til þegar hún dvaldi í Japan en sjálf hefur hún lýst verunum sem súrrealískum draumi.

Póstkortin eru meðal annars fáanleg á www.birkiland.is.

# Þjóðarsaga meitluð í silfur

**Erna gull- og silfursmiðja er mörgum kunn fyrir þjóðlega völundarsmíði. Njáluarmbandið hefur ekki síst vakið athygli og hefur orðið vart við auknar vinsældir þess að nýju.**





**Ásgeir Reynisson, gull- og silfursmiður, segir að enn sé steypt eftir frumgerð Njáluarmbandsins en Ríkarður Jónsson og Karl Guðmundsson, myndskeri frá Þinganesi, hönnuðu mótið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Vinsældir Njáluarmbandanna hafa aukist undanfarið en þau eru framleidd hjá Ernu gull- og silfursmiðju. „Armbandið er bæði selt hjá okkur og víðar. Við auglýstum aldrei áður fyrr, þetta bara spurðist út og þá kom fólk einfaldlega og pantaði armbönd. Eftir að við tókum upp á því að auglýsa hefur eftirspurnin aukist,“ segir Ásgeir Reynisson, gull- og silfursmiður, ánægður og samþykkir kíminn að í raun sé ekki verra að binda fjármuni í skarti sem þessu en öðru nú til dags. „Sterlingsilfur er náttúrlega gjaldmiðill og listaverk sem þetta heldur gildi sínu.“

Frummynd armbandsins er að sögn Ásgeirs ævagömul. „Guðlaugur Á. Magnússon hóf að smíða þetta fyrir fjölmörgum árum og fékk Ríkarð Jónsson, myndlistarmann og myndskera með meiru, til að teikna armbandið og Karl Guðmundsson, myndskera frá Þinganesi og nema Ríkarðs, til að skera út frumgerðina, sem við eigum enn þá og steypum eftir henni.“

Mótin voru skorin út í tré en auk Njáluarmbandsins er margt annað framleitt sem Karl Guðmundsson teiknaði og skar út. „Það var mikið með höfðaletri og þess háttar. Myndskurður er jafngamall landnáminu þannig að þessar rætur ná langt aftur,“ segir Ásgeir. Njáluarmbandið er samsett úr fjórum hlekkjum og á hverjum hlekk gefur að líta svipmynd úr Njálu. „Menn deila nú um hvað myndirnar sýna en höfundarnir eru löngu látnir og Karl dó ungur. Á einum hlekknum má sjá víking, konu og kletta í baksýn og eru það væntanlega Þingvellir og þá líklega Hallgerður og Gunnar en ýmislegt kemur til greina á myndunum,“ segir Ásgeir og nefnir að fólk geti leikið sér að því að geta í eyðurnar út frá Njálu.

Armbandið er massíft og eru silfurarmböndin um 100 grömm en einnig hafa verið smíðuð gullarmbönd sem eru um 130 grömm. „Við höfum steypt eitthvað um fimm til tíu armbönd úr gulli en þau eru eðli málsins samkvæmt töluvert dýrari. Þau hafa kostað um 500.000 krónur en nú er gullið að rokka í verði eins og allt annað,“ segir Ásgeir. Silfurarmböndin kosta 64.900 krónur. *-hs*

ÁHORFENDAVERÐLAUN EDDUNNAR 2008

HVER ER UPPÁHALDS
SJÓNVARPSMAÐUR
ÞINN?
Kjóstu á visir.is

EDDUVERÐLAUNIN verða veitt í beinni útsendingu Sjónvarpsins sunnudagskvöldið 16. nóvember 2008

Athöfnin fer fram í Háskólabíói
Miðaverð 1000 kr
Húsið opnar kl 18
Verðlaunaafhendingin hefst kl 19

FRÉTTABLAÐIÐ
EXTON Ljós - Hljóð - Mynd
Hendrikka Waage

2008 EDDAN
ÍSLENSKU KVIKMYNDA- & SJÓNVARPSVERÐLAUNIN



ÍSLENSK HÖNNUN



**ESTER**
24.990 ISK



**EYGLÓ**
28.990 ISK



**EGILL**
29.990 ISK

## CINTAMANI DÚNÚLPURNAR

ÍSLENSKU CINTAMANI DÚNÚLPURNAR ERU HITAVEITAN ÞÍN Í VETUR !
LÆKKAÐU HITAVEITUREIKNINGINN OG FÁÐU ÞÉR CINTAMANI DÚNÚLPU.
LÉTTAR OG ÞÆGILEGAR MEÐ 95% HREINUM DÚN.

CINTAMANI

**SPJARAÐU ÞIG**

CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, S. 533 3805

**WWW.CINTAMANI.IS**

CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11
101 REYKJAVIK, S. 517 8088


Uppskriftirnar eru þróaðar af Aðalbjörgu sjálfri og eru að hennar sögn kynngimagnaðar. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Vísdómur og verkkunnátta

„Virkni smyrslanna er alveg ótrúleg, enda unnin úr jurtum sem vaxa við góð skilyrði á Vestfjörðum,“ segir Aðalbjörg Þorsteinsdóttir, eigandi Villimeyjar, sem hefur framleitt lækningasmyrsl í nokkur ár, náttúrulegar vörur sem eru án ilm,- litar- og rotvarnarefna og lífrænt vottuð frá vottunarstofunni Tún.

Uppskriftirnar eru þróaðar af Aðalbjörgu sjálfri, sem eru að hennar sögn sóttar í vísdóm og verkkunnáttu, hefðir og sögusagnir sem gengið hafa mann fram af manni á Íslandi í hundruð ára.




„Við erum ættuð frá Vestfjörðum. Hér var mikið um galdra, sérstaklega í Arnarfirði, sem er þekktur fyrir galdrabrennur. Þá lentu konur sem unnu með jurtir gjarnan á bálkestinum. Við ákváðum að taka upp þá hefð að nýta jurtir landins, enda virknin svo mikil.“

Heiti smyrsla eins og Húð-Galdur og Fóta-Galdur vísa augljóslega í þá hefð og neitar Aðalbjörg því ekki að galdrar séu notaðir við gerð smyrslanna. „Ég hef oft verið spurð að því,“ svarar hún hlæjandi. „Ég ætla þó ekki að ljóstra upp neinu, en það er eitthvað kynngimagnað við þetta.“ *- rve*


Þessir vettlingar eru frá fyrirtækinu Icewear. Þeir eru prjónaðir úr íslenskri ull og eru flísfóðraðir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Hlý ull og flís

Fyrirtækið Icewear framleiðir fatnað með íslenskt veðurfar í huga. Vettlingar og húfur frá fyrirtækinu hafa notið talsverðra vinsælda upp á síðkastið, enda ekki einasta úr hlýrri íslenskri ull, heldur flísfóðraðar að auki. Icewear framleiðir einnig fallegar peysur úr bæði ull og flísi á konur karla og börn.

Fatnað frá Icewear er hægt að kaupa víða, til að mynda í verslunum Handprjónasambandsins á Skólavörðustíg og við Laugaveg. Frekari upplýsingar um Icewear og vörur fyrirtækisins má finna á vefsíðunni www.icewear.is. *- vþ*

# Lífrænt nýtur vinsælda

Hjónin á Neðri-Hálsi í Kjós, þau Kristján Oddson og Dóra Rut, hafa síðustu ár framleitt lífræna jógúrt og mjólk undir merkjum Biobu.

Lífræna ræktunin hófst sem gæluverkefni hjónanna en árið 1989 tóku þau ákvörðun um að breyta túnum sínum svo hægt væri að stunda lífrænan kúabúskap á Neðra-Hálsi. Fyrirtækið Biobu var svo stofnað árið 2002 og komu fyrstu vörur þess á markað 2006. Innan skamms er von á fleiri vörum



„Við ætlum að kynna nýjan ís á næstunni. Annars borgar sig ekki að segja of mikið, að minnsta kosti ekki í bili,“ segir Helgi Rafn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Biobu, sem sendi frá sér grískt jógúrt og skyr í sumar. „Viðtökurnar hafa verið mjög góðar. Satt best að segja áttum við ekki von á eins mikilli eftirspurn eða viðbrögðum. Sérstaklega þar sem þetta fæst ekki á mörgum stöðum,“ segir hann og bendir á að skyrið og gríska jógúrtin fáist í Hjarðarkaupum, Melabúðinni, Yggdrasil, Manni lifandi, Brauðhúsinu og Græna hlekknum. „Þetta er eina lífræna skyrið á íslenskum markaði. Þarna erum við að sinna þörf ákveðins hóps sem vill lífrænan mat.“


Hjónin á Neðra-Hálsi framleiða lífræna mjólk og jógúrt undir merkjum Biobu.



Raflagna og dyrasímaþjónusta
Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi.
Nýlagnir og endurnýjun raflagna.
Gerum verðtilboð
Rafneisti s. 896 6025
löggildur rafverktaki.
rafneisti@rafneisti.is




## Trésmíði

Smiðir geta bætt við sig úti og inni smíðavinnu. Parket, milliveggir, innréttingar, hurðir, gluggar og þakkantar. S. 618 5151.

# KEYPT & SELT

## Til sölu








**Kreppuútsala!!!**
Sendum um allt land! Frábært verð á gamla genginu. Takmarkað magn. Rafhjól á 13.990 kr. Rafbíll á 15.000 kr. Lampi 3500.-kr Pantanir á póstverslun netlagerinn.is og í s. 865 4015. Er m/ lager í Hafnafirði.

750 Evrur til sölu hæstbjóðanda. Uppl. í S. 849 6628.

Er með ársgömul rúm og sófa til sölu. Uppl. í s. 895 9300.

Þvottavélar, ísskápar og sjónvörp á hagstæðu verði. Uppl. í s. 895 9300.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Eldavél á 10þ. Bakaraofn á 5 þ. 28" Tv á 10þ. Gasgrill á 5þ. Þvottavél á 12þ. Bílahátalarar á 5 þ. Uppþvottavél á 10þ. Barkalaus þurrkari á 15þ. Rúm á 5 þ. Barnakerra á 1þ. Glerborð á 5þ. Orgel á 20þ. Eldhúsb. + 4 stólar á 8þ. DVD spilari á 5þ. Tölvuborð á 5þ. S. 896 8568.

Til sölu góð eimingartæki, ennfremur þráðlaus hlustunarbúnaður. S. 616 7853.

Evrur til sölu bæði hér og erlendis. 200 kr evran. Uppl. í S. 841 8311.

Evrur og dollarar til sölu, mikið magn til afhendingar hérlendis og erlendis. Uppl. í S. 618 7001

## Óskast keypt

2ja metra ofn eða 2x ca. meter ofn óskast keyptur. Helst pottofnar. S. 863 8892.

Óska eftir að kaupa DVD diska og vínil hljómplötur. Uppl. í s. 698 8629.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/2 stærð kr.8.900 3/4 stærð kr. 9.900 Full stærð kr. 10.900 Pakkatilboð kr. 16.900 Trommusett kr. 59.900 með stól og diskum. Rafmagnsgítarpakki kr. 24.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. Harmonikkukennsla. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

## Vélar og verkfæri



PON TRUCK WP60 - 1300Kg 24V/70Ah Verð: 311.250 með VSK. PON ehf, S: 552 0110 http://www.pon.is

## Til bygginga

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

## Verslun




Öflugur litalaserprentari, fyrir dreyfibréf og bæklinga.

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tölvur

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

Kaupum Notaðar Fartölvur,Tölvur og Tölvuíhluti.Gegn Staðgreiðslu Sími:555-6250 Milli kl:9-18

## Heildsala




# HEILSA

## Heilsuvörur




Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðjuþjálfi/einkapj. s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Til sölu




## Nudd

Heilnudd
Kemur blóðflæðinu af stað og er slakandi fyrir líkama og sál
Sími 551 2042 / 694 1275

Glæsilegt heilnudd. Uppl. í s. 662 0841.

Whole body massage Telepone 846 4768.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. Alltaf opið. S. 823 8280

## Ýmislegt

**Linsur - Hagstætt verð**
Dagslinsur 2.490 kr pk. Optic Reykjavík ehf. Hamrahlíð 17 í Húsi Blindrafélagsins s:552 2002 Linsumátun. Sendum í póstkröfu.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**Búðu þér til góðar tekjur á Netinu.**
**Rafrænt námskeið í netviðskiptum fyrir alla sem hafa áhuga á að búa sér til sjálfstæðar tekjur á Netinu.**
**Skoðaðu http://kennsla.com og fáðu allar frekari upplýsingar.**

**Skartgripagerð - Silfursmíði**
Námskeið í skartgripagerð. Smíðum úr silfri og skyldum málmum. Vinnum með íslenska steina. Tilvalið að búa til jólagjöfina. Uppl. og skráning í s. 823 1479.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 bjóðum visa/euro raðgreiðslur.**

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Ferðamannaíbúð í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu. Rúmar fjóra. TILBOÐ leiga á dag 10þ. Uppl. á reykjavikwest.com & í s. 820 3640.

GISTING AKUREYRI - orlofshus.is

## Byssur




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long time rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 45 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.**
**Long time rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 45.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4530.**

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax.**
**Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

húsaleiga.is
Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Leigusali auglýstu FRÍTT*
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488
*m.v. 10 daga

Þarftu að leigja?
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus
LEIGUMIÐLUN

2ja herbergja íbúð til leigu, 70 fm. á svæði 105 Rvk. Teigahverfi. Leiga 99 þús. á mán. Hiti og hússjóður innifalinn. S. 864 7474, eftir kl. 18.

108 - 3ja herbergja íbúð. Sérinngangur og þvottaðstaða í íbúð. S. 845 3000.

Til leigu 2ja herb. kj.íbúð í 109 Rvk. Reykl. og reglus. Verð 84 þús. S. 695 1790.

Leigusalar! Leiguþjónusta fyrir leigusala. Við sjáum um leiguna svo þú getir einbeitt þér að öðru. Sími 770 6090.

HAFNARFJÖRÐUR! Til leigu 3. herb. 76m2, björt og falleg íbúð í fjölbýli. Laus strax, langtímaleiga. 110þ. á mán. Upplýsingar í síma 864 7734.

Great value room in 105 (12sqm), all bills, internet included, 30.000kr. S. 662 2993.

Lítið hús til leigu í Þingholtunum sem er 2ja herb. íbúð. Uppl. í s. 691 0539 & 698 1346 e.kl. 18.

Herb. í Miðbæ Rvk. pnr 105. Húsgögn fylgja. Verð 35þ. S. 895 0482.

4. herb. íb. til leigu að Tjarnargötu 48, 101 Rvk. - frá og með 1. desember eða jafnv. fyrr, eftir samkomulagi. Fjölskyldufólk kemur aðeins til greina. Verð: 120.000 kr. á mánuði (hiti innifalinn). Upplýsingar veitir Geir í s. 862 9466.

40 fm íbúð 101 vesturb. Leiga 100þús. á mán. Áhugasamir sendi póst á irs@hi.is.

Meðleigjandi óskast í 100fm íbúð í Grafarvogi. Uppl. í s. 618 2324 Allan.

Tvö mjög góð herbergi í Tranavogi með aðgang að öllu. Verð 45.000 per. mán. Uppl. í s. 690 5838.

Til leigu lítið herb. m/húsg. og aðgangi að wc m/sturtu. Laust strax. S. 820 3515.

2ja herb. 70fm íbúð á jarðhæð í Fossvogi. Leiga 98þ. laus. Húsg.? S. 820 5698.

Til leigu eftirfarandi íbúðir:2ja herb íbúð 57fm 105 Karlagata. 2ja herb 72 fm fm íbúð Hraunbæ. laus2 ja herb. 70fm íbúð nýstandsett m/ án húsg. Við Miklubraut laus.Einbýlishús 115 fm við Helgubraut 200 Kóp. laus. Uppl. kort@internet.is S. 892 2506.

Nýleg 3ja herb.íbúð í Hraunbæ Rvk. til leigu. Langtímaleiga. Laus. S. 898 3420.

40-45fm stúdíóíbúðir til leigu í skemmri eða lengri tíma. 59þ. pr. mán. mínus húsaleigubætur. Uppl. í s. 867 1848 & 568 1848.

Ný og glæsileg 3ja herb. íbúð í Sjálandi Garðabæ laus til langtímaleigu. 118 fm auk 11 fm geymslu og stæði í bílgeymslu. Árni s. 860 2240.

## Vetrartilboð



Ný og glæsileg 4ja herb. íbúð við Norðurbakka í Hafnarfirði er laus til langtímaleigu. 110 fm auk 10 fm geymslu og stæði í bílakjallara. Sjávarútsýni. Páll s. 696 4464.

Einbýli í neðra Breiðh. 160fm, 4 stór svherb, V. 170 þ +raf/hiti uppl í s.698-1254

2 herb. 52 fm íbúð til leigu í 101. 115 þ. á mán. Laus strax. Uppl. í s. 770 7654.

Til leigu falleg 40fm íbúð á 1. hæð með sérinngangi á Öldugötu, Rvk. Leiga 95 þús. Laus 1. des. Áhugasamir hafið samband við Hannes í s. 699 5008.

**105 - laust strax**
Til leigu stórt og rúmgott herb. á góðum og rólegum stað í hlíðunum. Stutt í allar áttir. Sér arinn í herb. og stór afgirtur sólpallur. Sam. eldunaraðst., bað og þvottavél. Internet. Laust strax. S. 863 3328 & 846 0408.

Available rooms for a long term rent, 108 Reykjavik. Pokoje do wynajecia na terenie Reykjavik'u 108, tanio i dostepne od zaraz. Tel: 894 1949

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Ungt par með barn og annað á leiðinni, leitar að 3ja herbergja íbúð 85 fm2 eða stærri. Á höfuðborgarsvæðinu. Reyklaus, skilvísum greiðslum heitið. Greiðslugeta 100 þús. á mánuði Vinsamlegast hafið samband í s.772 6238.

Reglusamt miðaldra par með roskna læðu óskar 2-3 herb. íb. með góðri geymslu í Rvk./nágr. Greiðslug. 80þ. S. 587 0054.

35 ára einstæð kona óskar eftir ódýrri 3-4 herb. íbúð á leigu í lengri tíma. S. 772 3669 & 534 6311.

Óska eftir lítilli íbúð í Grafarholti. Verð ca. 50-60 þús. Sími 661 3834.

## Sumarbústaðir

**Til leigu**
Vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km frá Rvk. Heitur pottur. Uppl. í s. 663 2712.

Stórglæsilegt sumarhús til leigu. Allar upplýsingar á www.brekkuskogur.com

## Atvinnuhúsnæði



Til leigu 200 fm verslunarhúsnæði í Bæjarlind 14-16 á 1.hæð. Nánari uppl. í síma 840 4485.

Meðleigjandi óskast á Leifsgötu. 45000 á mánuði. Looking for a flatmate on Leifsgata. 45000 per month. Una í s. 865 6106.

Iðnaðarhúsnæði með stórum innkeyrsludyrum, skrifstofurými og stórt geymslusvæði utandyra er laust strax. Uppl. í s.821 5880 Ólafur

Gott/góð skrifstofuherbergi til leigu, Síðumúla 31, 3h. Sími 894 1949

Til leigu 150 og 250 m2 nýtt iðnaðarhús. Hurð 4,2x4,2. Stórt útisvæði. Passar f. trailer. Gott verð. Laust. S: 660-1060

Verslunarhúsnæði við Laugarveg, 100 fm til leigu. Laust frá 1. Des. Uppl. í s. 822 8168.

## Geymsluhúsnæði




**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

101 Rvk, Fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar athugið! Geymsluhúsnæði fyrir lager- og brettavöru, búslóðir í 101 Rvk, Verð pr. bretti 1500,- á mán. Uppl. í síma 5442055

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Bílskúr

Bílskúr óskast til kaups. Uppl. í s. 662 2822 & v.zeta@visir.is

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3ja herbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Melabúðin

**Atvinna í boði**
**Óskum eftir rösku og stundvísu starfsfólki með ríka þjónustulund til afgreiðslustarfa við áfyllingu, afgreiðslu í kjötborði og kassaafgreiðslu. Ekki yngra en 20 ára Um er að ræða heilsdags- og eða hálfsdagsstörf. Frekari upplýsingar gefur verslunarstjóri í síma 551 0224 eða í versluninni að Hagamel 39. melabudin@thinverslun.is**

**Búðu þér til góðar tekjur á Netinu.**
**Rafrænt námskeið í netviðskiptum fyrir alla sem hafa áhuga á að búa sér til sjálfstæðar tekjur á Netinu. Skoðaðu http://kennsla.com og fáðu allar frekari upplýsingar.**

Bifvélavirki með þekkingu á vörubílum óskast til Færeyja. (Þekking á Iveco vörubílum kostur). Mikil vinna og góð laun. Reynsla skilyrði. Uppl. í s. 00298 661010, Jónas.

Vantar mann í steypuvinnu og ýmislegt annað. Verður að getað unnið sjálfstætt. Kostur að hafa reynslu í niðurlögn á steypu. Uppl. velslipun@simnet.is

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

## Atvinna óskast

Kona óskar eftir aukavinnu á kvöldin og um helgar. Er heiðarleg,stundvís og dugleg. S. 861 6069.

2 carpenters with big experiance are looking for work. Tel. 892 6958.

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt




## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**908 6666**
**Tvær nýjar byrjaðar og eru í góðum gír. Hver verður kærastan þín í kvöld ? Opið allan sólarhringinn, engin bið.**

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Tilkynningar

*VR*

*félagsmenn fylkjum okkur á bakvið*



*formanninn okkar Gunnar Pál*
*Nú á erfiðum tímum ber félagsmönnum að standa saman og verja góðan dreng. Mætum á fundinn í kvöld og tryggjum framtíð formannsins, látum ekki dómstól götunnar ráða ferð.*

*Stuðningsmenn Gunnars Páls*

Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Dalhús
**Parhús á frábærum útsýnisstað**



Glæsilegt 214 fm parhús að meðtöldum 24,0 fm bílskúr. Stórt og björt stofa og eldhús í einu rými og 4 herbergi. Miklir gluggar í stofu og gert ráð fyrir arni þar. Glæsileg lóð með stórum timburpalli til suðurs. Frábær staðsetning innst í botnlanga við opið grænt svæði. Stuttí skóla og sundlaug. Arkitekt Haukur Viktorsson. **SKIPTI Á MINNI EIGN KOMA VEL TIL GREINA. Verð 72,0 millj.**

## Efstaleiti-Breiðablik. Eldri borgarar
**Útsýnisíbúð á efstu hæð.**



Glæsileg 145 fm útsýnisíbúð á 4. hæð í þessu eftirsótta húsi. Stórar og glæsilegar stofur með sólskála útaf, 2 góð herbergi, rúmgott eldhús og marmaralagt baðherfbergi. Mikils útsýnis nýtur af svölum. Sér geymsla og sér stæði í bílageymslu. Mikil sameign m.a. sundlaug, gufubað o.fl. Laus strax. Verðtilboð.

## Guðrúnargata
**Tvær sérhæðir og 2ja herb. íbúð í kjallara**



Glæsilegar sérhæðir um 104 fm hvor og 65 fm kjallaraíbúð auk 24,1 fm bílskúrs í Norðurmýrinni. Íbúðirnar eru allar endurnýjaðar m.a. innréttingar, rafmagnslagnir,og pípulagnir auk þess sem íbúðirnar eru nýmálaðar. Góð staðsetning miðsvæðis í Reykjavík. Laust til afh. við kaupsamn. Eignaskipti möguleg. Verð: 1. hæð **38,9 millj**, 2. hæð **37,9 millj.** og íbúð í kjallara **19,5 millj.**
**Nánari uppl. á skrifstofu.**

## Sörlaskjól
**Glæsileg 4ra herb. íbúð með útsýni til sjávar.**



Glæsileg og algjörlega endurnýjuð 4ra herb. efri hæð í þríbýlishúsi á opna svæðinu móti sjónum. Íbúðin er innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt. Eyja í eldhúsi og vönduð tæki. Stór og björt stofa með útsýni út á sjóinn og víðar. Svalir til vesturs. Hús að utan nývíðgert. **Verð 39 millj.**

## Skaftahlíð
**Neðri sérhæð**



Falleg og vel skipulögð 165,5 fm neðri sérhæð ásamt 19,5 fm bílskúr í Hlíðunum. Hæðin skiptist í hol, eldhús, tvær stofur, 3 herbergi og baðherbergi. Falleg aðkoma að húsinu, lýsing á lóð og nýlegar skjólgirðingar. Stutt í skóla og alla þjónustu. Laus til afhendingar strax. **ÖLL SKIPTI KOMA TIL GREINA. Verð 49,0 millj.**

# Ég ber ábyrgð

**UMRÆÐAN**
Víglundur Þorsteinsson skrifar um Kaupþingsmálið


VÍGLUNDUR ÞORSTEINSSON

Undanfarnar vikur síðan neyðarástandið skall yfir okkur Íslendinga þykir mér umræður í fjölmiðlum geisa undir formerkjum reiði og hleypidóma. Þykir mér að íslenskir fjölmiðlar hafi ekki ráðið við það að flytja hlutlægar fréttir af málum.

Viðtöl við spunameistara einkenna mjög fréttaflutninginn og eru þar áberandi prófessorar, dósentar og aðjúnktar sem það hafa helst til síns ágætis að vera saklausir af atvinnustarfsemi.

Ég ætla reyndar að vona að það verði ekki örlög okkar sem þjóðar að þeir gömlu tímar ríkisbitlinga og pólitískra úthlutunarkerfa komi að nýju ásamt tilheyrandi spillingu. Það er nú svo að hér er að finna stóran hóp ungs fólks sem enga aðra tíma þekkir en þá velferðartíma sem við höfum notið á liðnum árum og á þeim grundvelli tekið sínar fjárhagslegu ákvarðanir. Fólk sem nú þegar er búið að missa sína vinnu eða óttast að missa vinnu á næstunni.

Margt er nú reynt til að leysa úr þeirra vanda án þess að það komist að í umræðunni og meira þarf til að koma sem vert er að fjalla um.

Í stað þess að fjalla um þessi mál að gagni þykir mér fjölmiðlar fara hamförum og hræða úr þjóðinni líftóruna með spunafrásögnum og „ekkifréttum“ um að þessi eða hinn segi eitt eða annað. Nokkuð sem er ekkert annað en einkaskoðun viðkomandi og á ekkert skylt við höfuðverkefni fjölmiðla að segja fréttir af raunverulegum atburðum.

Í dag ætla ég að fjalla um eitt mál sem mér þykir hafa fengið slaka umfjöllun en það er málefni starfsmanna Kaupþings og ákvörðun stjórnar Kaupþings að fá þá til að selja ekki bréf sín í félaginu í september sl. gegn því að þeir sættu ekki persónuábyrgð. Veðin í bréfunum yrðu látin nægja eins og almennt tíðkaðist hjá öðrum fjárfestum. Þetta mál er mér skylt þar sem ég var formaður Lífeyrissjóðs Verslunarmanna á árunum 2004-2007 og tók þátt í því að móta afstöðu sjóðsins til kaupréttar starfsmanna almenningshlutafélaga.

Afstaða okkar var sú að í þessum efnum þyrftu hluthafafundir að taka ákvörðun um kauprétti og nauðsynlegt að þeir yrðu lagðir undir atkvæði á hluthafafundum. Þessari stefnumótun fylgdum við Gunnar Páll Pálsson sem þá var varaformaður lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóðurinn greiddi kaupréttum hinsvegar aldrei meðatkvæði.

Víkjum nú aftur að starfsmönnum Kaupþings sem fjölmiðlar hafa að undanförnu dregið í gegnum svaðið og reynum að draga fram staðreyndir mála áður en við hröpum að dómum. Á aðalfundi Kaupþings árið 2004 var mótuð sú almenna stefna af hluthöfum félagsins að gera starfsmönnum bankans kleift að eignast allt að 9% í bankanum. Þessi stefna var mótuð af tveim meginástæðum: að gera starfsfólkinu fært að eignast hlutdeild í framtíðarhagnaði og vexti bankans, nokkuð sem hluthafarnir töldu sér til ávinnings. Önnur ástæða var stefna sem hefur verið vinsælt umræðuefni hjá stjórnmálamönnum og öðrum og kallast launþegalýðræði. Þó lítið fari fyrir því nú. Ég vildi þó aðeins rifja þetta upp rétt til að halda því til haga.

En aftur að aðalfundinum 2004. Samþykktin var með svokölluðum sölurétti/ skilarétti: til þess hugsuð að starfsfólkið þyrfti ekki að bera áhættu af fjárfestingunni og gæti því einbeitt sér að vexti bankans. Árið 2005 var þessi skilaréttur afnuminn vegna áhrifa sem hann hafði á eiginfjárgrunn bankans og um leið varð áhætta starfsmanna sú sama og annarra fjárfesta nema hvað að hún var að því leyti lakari að þeir voru innherjar og gátu aðeins átt viðskipti með bréf sín í bankanum á skilgreindum tímabilum. Þessar reglur giltu um alla starfsmenn vegna þess að á vissum tímum við lok ársfjórðunga og fyrir birtingu reikninga búa þeir ávallt yfir innherjaupplýsingum. Af þeim sökum var þeim aðeins heimilt að eiga viðskipti í skilgreindum viðskiptagluggum hverju sinni. Einn slíkur var í september og var að lokast þar sem þriðja ársfjórðungi var að ljúka. Allir vissu að upp var runnin alþjóðleg fjármálakreppa, bankar um allan heim voru að hrynja og fara á hausinn, vogunarsjóðir fóru hamförum því þeirra uppgangstímar eru tímar ótta og hræðslu. Íslenska fjármálakerfið fór ekki varhluta af þeim m.a. Kaupþing.

Það sem ekki hefur komið fram í íslenskum fjölmiðlum og engum virðist hafa dottið í hug að spyrja eftir er hvernig staða starfsmannanna og hlutabréfaeignarinnar var hinn 25. september. Um það eru ekki komnar fram neinar óyggjandi tölur en ef ég reyni að reikna lauslega skv. framkomnum upplýsingum sýnist mér að staðan hafi verið eitthvað á þessa leið:

Svokallaður punktstöðu hagnaðarmöguleiki þeirra þá hefur verið ca. 10 milljarðar króna ef þeir hefðu selt. Það hefðu þeir að sjálfsögðu aldrei allir geta gert í einu því gengi bréfanna hefði einfaldlega hrunið ef innherjasölutilkynningar hefðu borist Kauphöll í stórum stíl.

Í einfaldri mynd lítur málið svona út. Starfsmenn Kaupþings féllust á það að láta handjárna sig allir sem einn og selja ekki bréfin í bankanum á viðsjárverðum tímum heldur róa áfram til að sigla bankanum í gegnum erfiðleikana sem þeim var ljóst að framundan væru. Á móti kom það að þeir sem höfðu sett persónuábyrgðir til viðbótar við handveðin í hlutabréfunum voru leystir undan henni.

Í ljósi þess að illa fór kemur þetta ekki fyrir því skv. gjaldþrotaskiptalögum eru allir gjörningar síðustu þriggja mánaða fyrir þrot riftanlegir og niðurstaðan hjá starfsmönnum bankans verður því eftirfarandi. Þeir afsöluðu sér „10 milljarða í hagnaðarvon“ og vildu vinna áfram að hag bankans. Róa lífróðurinn hiklaust. Allt kom fyrir ekki. Í dag sitja þeir uppi með brunnin bréf og skuldirnar óútkljáðar.

Hver er þeirra glæpur? Voru þeim einhverjar gjafir gefnar? Nú er rétt að fjölmiðlar afli hlutlægra upplýsinga. Vöntun réttra upplýsinga um þetta og margt annað tel ég að valdi miklu um þá reiði sem nú ríkir.

Þessi saga minnir mig á gamla sögu ættaða frá Ísafirði þeim fræga bæ uppnefna og viðurnefna, um manninn sem mátti þola að brotist var inn til hans og stolið frá honum. Uppfrá því gekk hann sem þolandi undir nafninu Jón þjófur.

*Höfundur er fyrrverandi formaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna.*



ÚTILÍF

20% endurgreiðsla af öllum vörum í Útilíf Holtagörðum
fyrir e-korthafa dagana 13.–16. nóvember

KAUPÞING Netbankinn spron
e KORT ekortin.is
e VILDARKORT ekortin.is



# 100 ára afmæli

Hjartans þakkir til allra þeirra sem glöddust með mér á afmælisdegi mínum 5. nóvember 2008. Guð veri með ykkur öllum í leik og starfi.

**Sigríður Gísladóttir**
Hornbrekku, Ólafsfirði.

---



†

*Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns og frænda,*

**Sigurðar Péturssonar**
prentara, Hraunbæ 102 h, Reykjavík.

Guð blessi ykkur.

**Sóley Brynjólfsdóttir**
**Sigurveig Alfreðsdóttir** **Gunnar H. Hall**
**og fjölskylda.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Jónsson**
dúklagningameistari, Rjúpnasölum 14, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítala Kópavogi, þriðjudaginn 4. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítala Kópavogi.

**Guðríður Rita Ágústsdóttir**
**Ari Guðjón Gunnarsson** **Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir**
**Helga Gunnarsdóttir** **Halldór Sigurðsson**
**og barnabörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurbergur Árnason**
iðnfræðingur, Grundarlandi 18, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 11. nóvember á Landspítalanum. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 21. nóvember kl. 13.00.

**Hilda-Lis Siemsen**
**Theodór S. Sigurbergsson** **Hrefna Ásgeirsdóttir**
**Steinunn Sigurbergsdóttir** **Jón Þorkelsson**
**Árni Siemsen Sigurbergsson** **Martin R. Siemsen**
**og afabörn.**

---



†

*Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Kristrún Jóhanna Pétursdóttir**
Austurgötu 23, Keflavík,

lést á heimili sínu sunnudaginn 9. nóvember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 18. nóvember klukkan 14.00.

**Ingi Hjörleifsson**
**Hjörleifur Ingason**
**Þorbjörg Sóley Ingadóttir** **Nikulás Úlfar Másson**
**Guðný Lára Ingadóttir** **Haukur Holm**
**Eva Björk Úlfarsdóttir** **Þóra Rún Úlfarsdóttir**
**Ingi Már Úlfarsson** **Kristrún Úlfarsdóttir**
**Starri Holm.**

---




LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista
MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is


---

**EYSTEINN JÓNSSON FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1906.**



*„Ómengað loft og vatn og óspillt, fagurt umhverfi eru náttúrugæði, eigi síður en þau sem í daglegu tali eru nefnd auðlindir.“*

***Eysteinn Jónsson var þingmaður fyrir Framsóknarflokkinn nær samfellt í 40 ár. Hann varð ráðherra aðeins 27 ára, yngstur allra sem það hafa orðið. Hann var formaður Framsóknar frá 1962-1968.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 13. NÓVEMBER 1973

## Samið um 50 mílur



Alþingi samþykkti samning við Breta um lausn landhelgisdeilunnar þennan dag árið 1973, rúmlega ári eftir útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur. Átök höfðu verið á miðunum allt árið. Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra sá um að gera samninginn við Breta.

Óánægja var meðal margra með samninginn og vildu sumir úr Sjálfstæðisflokknum lýsa strax yfir 200 mílna landhelgi. Ríkisstjórnin vildi fyrst að 200 mílur hlytu alþjóðlega viðurkenningu. Sex þingmenn, þar af fimm úr Sjálfstæðisflokknum, greiddu atkvæði á móti samningnum.

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðlaug Ólafsdóttir**
Árskógum 2, áður til heimilis að Tunguvegi 10,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju kl. 15.00 föstudaginn 14. nóvember.

**Lára M. Gísladóttir** **Halldór J. Guðmundsson**
**Dagný Ó. Gísladóttir** **Ragnar Tómasson**
**Helga J. Gísladóttir** **Sigurgeir Sigurjónsson**
**Guðrún G. Þórarinsdóttir** **Kristján Þórðarson**
**Vilborg Þórarinsdóttir** **Sigmundur Örn Arngrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur hlýhug og samúð við fráfall og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar og ömmu, dóttur, tengdamóður, systur og mágkonu,*

**Herdísar Bjargar Gunngeirsdóttur**
Ársölum 3, Kópavogi.

Guð blessi ykkur.

**Friðrik Björnsson**
**Gunngeir Friðriksson** **Edda Björg Sigmarsdóttir**
**Ásgeir Friðriksson** **Helga Lára Ólafsdóttir**
**Sigurrós Friðriksdóttir**
**Sigurrós Eyjólfsdóttir**
**Viðar Gunngeirsson** **Halla Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Stella Trix Kristjánsdóttir**
Lambanesreykjum, Fljótum,

verður jarðsungin föstudaginn 14. nóvember kl. 13.30 frá Siglufjarðarkirkju. Jarðsett verður að Barði í Fljótum.

**Alfreð Hallgrímsson**
**Sigurlaug Margrét Alfreðsdóttir**
**Magnús Sigurður Alfreðsson** **Þóranna Sigurbjörg Sverrisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---


LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR



Við hönnum legsteininn að þínum óskum.
Komdu við eða kíktu á heimasíðuna og skoðaðu úrvalið.
15% lækkun á innfluttum legsteinum.
www.shelgason.is
S·HELGASON
Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


---



**EINFALT EN LÓGÍSKT** Margrét segir að verðlaunaverkefnið sé einföld útfærsla á vatnsflösku og í raun hafi það komið sér á óvart að engum öðrum hafi verið búið að detta þetta í hug. MYND/HEIÐA.IS

MARGRÉT LINDQUIST: BESTI NEMANDINN

## Mikil hvatning

Af litlum neista verður oft mikið bál og í tilviki Margrétar Ingibjargar Lindquist varð ein lítil vatnsflaska kveikjan að miklu ævintýri. Síðastliðinn þriðjudag fékk Margrét afhent verðlaun í Myndlistaskólanum á Akureyri sem „Besti nemandi í grafískri hönnun í Evrópu, 2007“ frá Art Directors Club Europe.

„Verkefnið heitir How 2 own en verður framleitt undir öðru nafni. Ég hannaði útlit á vatnsflöskum í Myndlistaskólanum á Akureyri og sendi verkefnið í nemendakeppni hjá FÍT, Félagi íslenskra teiknara á Íslandi, fékk viðurkenningu þar og fór þá sjálfkrafa áfram í Evrópukeppnina. Art Directors Club Europe eru fjórðu stærstu samtök grafískra hönnuða í heiminum,“ útskýrir Margrét ánægð en hún útskrifaðist frá Myndlistaskóla Akureyrar í vor.

Margrét segir hugmyndina koma frá tæru íslensku vatni. „Ég hélt í raun ekki að ég væri að finna upp hjólið þar sem mynstrið á flöskunni er frekar einfalt hringjamynstur. Það á að tákna það þegar dropi fellur í vatn og myndar hringi. Ég var hissa á að þetta skyldi ná svona langt þar sem ég hélt að einhver hefði fyrir löngu fengið þessa hugmynd.“

Margrét er fyrsti Íslendingurinn sem hlýtur verðlaun sem þessi á alþjóðavettvangi og því eru verðlaunin ekki síður mikilvæg fyrir grafíkiðnaðinn á Íslandi. „Auk þess er þetta heiður fyrir Myndlistaskólann á Akureyri en ég var á þessum tíma nemandi skólans,“ segir Margrét.

Um þessar mundir kennir Margrét við Myndlistaskólann á Akureyri og njóta nemendur þar góðs af hennar reynslu. Þess fyrir utan er hún einstæð móðir langveiks barns og er því í mörg horn að líta. „Síðasta árið hef ég mikið til verið í að sinna langveikum syni mínum og var því að vinna í lausamennsku. En ég vil komast lengra í mínu fagi og því voru verðlaunin mikil hvatning,“ segir Margrét einlæg.

hrefna@frettabladid.is

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ólafía Sigríður Sigurðardóttir**
Eirarholti, Hlíðarhúsum 5, Reykjavík,

sem lést miðvikudaginn 5. nóvember, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 14. nóvember kl. 13.00.

**Jóhann Jónsson** **Sigurveig Víðisdóttir**
**Margrét Jónsdóttir** **Elías Halldór Leifsson**
**Sigurður Stefán Jónsson** **Kristín Þóra Guðbjartsdóttir**
**Hildur Ýrr Jóhannsdóttir**
**Sigríður Vala Jóhannsdóttir**
**Jón Víðir Jóhannsson**
**Daði Ólafur Elíasson** **Arney Hrund Viðarsdóttir**
**Leifur Jón Elíasson**
**Stefán Þór Sigurðsson.**


Canon
DAGAR
3 DAGA TILBOÐ Á CANON VÖRUM • ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR
PAPPÍR 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM CANON PAPPÍR
3 DAGA TILBOÐ
ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM CANON SKÖNNUM
3 DAGA TILBOÐ
ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM CANON PRENTURUM
3 DAGA TILBOÐ
ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM CANON FJÖLNOTATÆKJUM
Gleðileg Jól
JÓLA KORTIN Í ÁR
VIÐ EIGUM ALLT SEM TIL ÞARF TIL AÐ PRENTA EIGIN JÓLAKORT
Canon tilboð gilda dagana 13-15 nóvember eða meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um villur.
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is




KRÓNAN

Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Opnunartímar í Krónunni:

Krónan Höfða
alla daga 11-19

Krónan Lindum
alla daga 11-19

Krónan Granda
alla daga 11-19

# KRÓNAN

fyrst og fremst ódýr




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Krónan Breiðholti** virka daga 11-21 lau. 11-21 sun.12-21 | **Krónan Hafnarfirði** virka daga 11-21 lau. 11-21 sun. 12-21 | **Krónan Mosfellsbæ** virka daga 10-20 helgar 10-19 | **Krónan Akranesi** alla daga 10-19 | **Krónan Vestmannaeyjum** alla daga 11-19 | **Krónan Reyðarfirði** virka daga 11-19 lau. 11-19 sun.12-16 |







365

Stjórn 365 hf. boðar til hluthafafundar sem verður haldinn á Radisson SAS, Hótel Sögu, fimmtudaginn 20. nóvember kl. 16.00.

HLUTHAFAFUNDUR
365 HF.

Dagskrá:

1. Breytingar á samþykktum félagsins:
   - Tillaga um breytingu á heiti félagsins.
   - Tillaga um heimild til stjórnar að hækka hlutafé félagsins um allt að 3.000.000.000 kr. (þrír milljarðar króna) að nafnverði með útgáfu nýrra hluta, og að heimildin gildi til þar næsta aðalfundar félagsins.
   - Tillaga um breytingar á stjórn félagsins, um að stjórnarmenn verði þrír aðalmenn og einn til vara.
2. Kjör stjórnar til næsta aðalfundar.
3. Önnur mál, sem eru löglega borin fram.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða aðgengilegar á skrifstofu 365 hf. eigi síðar en 17. nóvember.
Fundargögn verða afhent á fundarstað við upphaf fundarins.

Stjórn 365 hf.

365 – Skaftahlíð 24 – 105 Reykjavík – Sími 512 5000 – www.365.is



NOKKUR ORÐ
Sigríður Björg Tómasdóttir

# Fiskur undir filmu

Ég heyrði á tal eldri kvenna nýverið. Þær voru að býsnast yfir því að nú væru blöðin farin að ráðleggja þeim að henda ekki mat, í kreppunni. Ein var nýbúin að lesa pistil þar sem henni var ráðlagt að henda ekki fiskafgöngum heldur setja undir plastfilmu og í ísskápinn. Ekki það að henni þætti ráðið vont, heldur hafði hún aldrei hent fisk eða öðrum mat. Undir þetta tóku vinkonur hennar, plokkfiskur hafði verið gerður úr fiskafgöngum á þeirra heimili alla tíð.



Eldri kynslóðin er greinilega með allt á hreinu og nú er spurning hvort við sem yngri erum getum ekki sótt ráð til hennar. Elsta kynslóðin er líka sú eina sem hefur upplifað erfiða tíma, staðið í biðröð eftir skóm og fötum. Ástandið er nú ekki orðið þannig hér á landi, en þó er nokkuð farið að bera á því að verslanir auglýsi sérstaklega að það sé nóg til í hillunum, hver veit nema að það verði vöruskortur og við munum þurfa að standa í biðröð eftir vörum.

Það ber þá nýrra við, helst að maður hafi staðið í biðröð til að komast inn á skemmtistaði til þessa. Til þeirra sem kvíða því að þurfa hugsanlega að standa í röð eftir nauðsynjum þá get ég þó upplýst, eftir áreiðanlegum heimildum, að ekki var endilega leiðinlegt í þessum röðum hér í denn, menn og konur tóku með sér vasapela og þjóruðu og urðu eftir því skemmtilegri því lengur sem beðið var í röðinni.

Hljómar bara sæmilega kunnuglega og kemur nú í ljós að skemmtanagleði undanfarinna ára hefur kannski ekki verið til einskis ef litið er til þeirrar þjálfunar sem hún hefur veitt við að standa í röð. En verra er ef að það verður þannig að sumir þurfi að standa endalaust í röð á meðan aðrir fara framfyrir vegna þess að þeir eru í klíkunni.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
1155
KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
1155 kr./kg. 15% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 1359 KR./KG.
698
ALI REYKTUR GRÍSABÓGUR 698 kr./kg.
ÍSLENSKT ALI GRÍSAKJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS
499
ALI GRÍSABÓGUR 499 kr./kg.
40% AFSLÁTTUR
ALI GRÍSAKÓTILETTUR
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
ALI GRÍSASNITSEL
1127 kr./kg. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
ALI GRÍSAHAKK
530 kr./kg. MERKT VERÐ 884 KR./KG.
NÝTT KORTATÍMABIL
40% AFSLÁTTUR
ALI GRÍSAHNAKKI ÚRBEINAÐUR
1079 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
ALI GRÍSAGÚLLAS
1127 kr./kg. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
ALI GRÍSASTEIK PORK-ROAST
1139 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.
298
ALI GRÍSASKANKAR SALTAÐIR
298 kr./kg.
159
MYLLU HEIMILISBRAUÐ
770g 159 kr.
89
SVALI APPELSÍNU & EPLA
3 pk. 89 kr.
ÞESSIR GÖMLU GÓÐU
598
BÓNUS ÍSLENSKIR ULLARSOKKAR
AÐEINS 598 kr parið.
1399
ALI BACON/BEIKON TVÖFALDUR PAKKI
30% AFSLÁTTUR 1399 kr./kg.
MERKT VERÐ 1999 KR./KG.
98
BRAZZI APPELSÍNU & EPLA 1 ltr. 98 kr.
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30






Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



Þjóðleikhúsið
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning. ★★★★ JVJ, DV
fös. 14/11 uppselt, lau 15/11 uppselt
**Aukasýningar komnar í sölu**

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll. ★★★★ EB, FBL
fim. 13/11, fös. 14/11, lau. 15/11 uppselt á allar
**Örfá sæti laus í nóvember**

Sá ljóti
Marius von Mayenburg
Er hægt að vera of fallegur? ★★★★ EB, FBL
fös. 14/11, örfá sæti laus, lau. 15/11 uppselt
**Örfá sæti laus í nóvember**

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
sun. 16/11, örfá sæti laus
**Sýningum að ljúka**

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
sun. 16/11 örfá sæti laus
**Síðasta sýningarhelgi**



Kardemommubærinn og
Leitin að jólunum komnar í sölu.
Tryggðu þér sæti á frábærar
fjölskyldusýningar!

www.leikhusid.is


# Tvær skáldsögur eftir konur

**BÓKMENNTIR**

**Skaparinn**
Guðrún Eva Mínervudóttir
JPV
★★★★

**Vetrarsól**
Auður Jónsdóttir
Mál og menning
★★★★



BÓKMENNTIR Guðrún Eva Mínervudóttir



BÓKMENNTIR Auður Jónsdóttir

Skaparinn eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur er ekki stór í sniðum, 280 síður með prýðilegri leturstærð, gerist í samtíma okkar og lýsir hraðri atburðarás sem teygir sig á fáum sviðum yfir rétta viku að vetri til: bókin hefst með tilvitnun í Megas í Lóukvæði: Lóa, Lóa, Lóa, mig langar svo að byggja til þín brú. Þetta er saga um samskipti, sköpun mannlegra örlaga, tilfinninga, þjóðfélagsstöðu og hvernig fólk vinnur sig úr vanda. Skaparinn í titlinum er sérhver, örlög þín skapar þú sjálfur, duttlungar hins alsjáandi ofurvalds ráða þér ekki og lyktir sögunnar eru bjartar: Og hún hló klingjandi hlátri.

Sveinn er myndlistarmenntaður handverksmaður sem býr einn í atvinnuhúsnæði sínu á Akranesi og býr til silíkonbrúður í fullri líkamsstærð fyrir einmanakennda kynlífsleiki karla sem er eins komið fyrir og honum sjálfum, einstæðingar. Á planinu hjá honum dúkkar upp kona með sprungið dekk, Lóa, einstæð tveggja dætra móðir sem er í óútskýrðum erindagjörðum uppi á Skaga. Hann aumkar sig yfir konuna, býður henni inn og gerir svo við dekkið. Hún á næturstað á heimili hans og þegar morgnar fer hún að hnýsast og stelur fullbúinni dúkku. Þannig er upphaf sögunnar en gefur ekki nema til til um hvernig hún þróast: leiðir þeirra skarast og í ferð með þeim eru tveir skjólstæðingar Sveins, hvor á sinum aldrinum, vinkona Lóu, dætur hennar tvær og örfáar stakar raddir.

Frásagnarháttur Guðrúnar í hlutverki alviturs sögumanns er býsna ágengur persónunum, hún smeygir sér í þel þeirra, þreifar á ástandi sálar og líkama sinn eftir sinn, reynist ótrúlega fundvís og skörp í skynjun og tjáningu á stöðum, stellingum, raka húðar, geðsveiflum, skannar af skáldlegri íhygli líkama og sál persónanna.

Vetrarsól eftir Auði Jónsdóttur hefur mannshvarf líka sem hreyfil framvindu. Þar er frásögnin öll höfð eftir sögumanni sem rekur söguna áfram í fyrstu persónu. Öllu lúmskari tækni og afvegaleiðir lesandann talsvert í framvindu verksins. Sagan er 252 síður og gerist líka á réttri viku en sögukonan rekur mun lengri sögu um upphaf sitt, mótunarár, segir af móður sinni og vinkonu, þeirri sem nú er horfin. Sunna heitir hún, starfsmaður hjá bókaforlagi og rétt eins og hjá Guðrúnu gerist sagan að mestu hér og nú. Tónninn er sleginn strax í upphafi: Sunna fær jóladagatal frá draumóramanninum sambýlismanni sínum til að fita sig. Hún er nýbúin á jóganámskeiði. Hann lýsir lífsstíl þeirra sem „hugsunarlausum“. Sunna er flöktandi, með óburðuga sjálfsmynd, auðveldur leiksoppur. Auður byggir persónuna, drög hennar, af mikilli slægð og fer svo brátt að lesandinn fyllist óþoli hvernig Sunnu rekur áfram í nútíð og fortíð. Allir notfæra sér hana og hún er undarlega berskjölduð fyrir áhrifamiklum einstaklingum sem notfæra sér hana.

Söguna rekur aftur á uppeldisár og leitt er í ljós hvernig hún svíkur og blekkir fólk, sinnir erindum sem hún vill ekki sinna, eina ærlega samband hennar er í núinu við lítinn dreng sem ábyrgðarlaus og hugsunarlaus sambýlismaður hennar kemur á hana meðan hann er að elta villuljós í öðrum landshluta. Og brátt verður lesanda og Sunnu ljóst að hún er tannhjól í stærri vél, siðlausari vélum. Það er raunar ekki fyrr en á lokasíðum verksins að Auður dregur alla þræðina saman, rumpar þeim svo snögglega í vefinn og kemur hverjum fyrir í lyktum sem skilja lesandann eftir gapandi. Og spurnin vokir yfir manni, bæði í stóru alþjóðlegu sambandi og öðru sem er okkur nær. Sá þráður sem hefur reyndar verið boðaður miklu fyrr án þess við greindum hann kallar efir siðrænni afstöðu, samábyrgð og sök.

Hugsunarlaus getur Auður Jónsdóttir ekki talist í sköpun sinni. Undirliggjandi í öllum hennar verkum er himinhá siðræn krafa sem verður logandi í huga lesandans. Það þarf snjalla byggingarhugsun til að ná því í gegn. Og allt sem á undan er gengið vísar til þeirrar niðurstöðu. Næstum að við verðum að byrja lesturinn að nýju.

Þannig getum við fagnað tveimur glæsilegum skáldsögum frá þessum merkilegu höfundum. Ný verk þeirra beggja eru skyldulesning.

**Páll Baldvin Baldvinsson**












## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Fimmtudagur 13. nóvember

**➜ Tónleikar**



**20.00 Bubbi Morthens** verður með tónleika í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði. Á efnisskránni verður blanda af gömlu og nýju efni.

**22.00 Criosztans** verður með tónleika á Paddy's í kvöld ásamt Johnny and the rest.

**➜ Umræður**

**20.00 Ljáðu þeim eyra** - Samræðustund á Súfistanum Þuríður Hjálmtýsdóttir verður með spjall, Gunnar Hersveinn og Vilhjálmur Árnason kynna bækur sínar og Hjörleifur Valsson sér um tónlist. Kaffihúsið Súfistinn, Iðuhúsinu II hæð, Lækjargötu 2A.

**➜ Fyrirlestrar**

**20.00 Feneyjatvíæringurinn** í byggingarlist Guja Dögg flytur fyrirlestur í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu.

**➜ Kynningarfundur**

**20.00 Svartárkot, menning - náttúra** Kynningarfundur þar sem kynnt verður samstarfsverkefni um alþjóðlegt Fræðasetur á háskólastigi í Bárðardal. Farið verður yfir stöðu verkefnisins, kynntar hugmyndir varðandi ferðaþjónustu o.fl. í Kiðagili (gamla barnaskólanum) í Bárðardal. Allir velkomnir.

**➜ Bækur**

**Norræn bókasafnsvika í Norræna húsinu, Sturlugötu 5.**

**10.00** Lesið úr bókinni Ástarsaga úr fjöllunum eftir Guðrúnu Helgadóttur.

**16.00** Lesið upp úr bókinni SMS från Soppero á sænsku.

**➜ Listahátíð**

**Unglist Listahátíð ungs fólks stendur yfir 7.-11. nóv. Ókeypis er á alla viðburði Nánari upplýsingar á www.unglist.is.**

**20.00** Dansinn dunar enn Kvöldið er tileinkað ungum dönsurum sem eru að feta sig áfram á vegi dansins.

**➜ Tónlist**

**Viðburðir í Tónlistarskólanum á Akureyri, Hvannavöllum 14.**

**18.00** Fimmtudagstónleikar nemenda í sal skólans.

**19.00** Sturtusöngkvöld Michael J. Cark og Daníels Þorsteinssonar þar sem sungin verða íslensk lög. Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.

**➜ Tangókvöld**



**20.00 Tangóhljómsveit Tónlistarskólans á Akureyri** undir stjórn Alberto Carmona, leikur fyrir dansi í Ketilhúsinu, Kaupvangsstræti 23. Aðgangur ókeypis.

**➜ Myndlist**

**Ragnar Lár** Sýning á málverkum og teikningum listamannsins hefur verið opnuð Í Listasal Mosfellsbæjar, Kjarna, Þverholti 2. Opið virka daga kl. 12-19 og lau. 12-15.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**









BUFF



PÁLL ÓSKAR

## > Í SPILARANUM

Buff - Buff
Benji Hughes - A Love Extreme
Jeff Who? - Jeff Who?
Kings of Leon - Only by the Night
Páll Óskar - Silfursafnið

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Aðstoð við strengina

Hljómsveitin Jeff Who? fékk góða aðstoð við gerð nýjasta lags síns, Congratulations, sem verður á væntanlegri plötu sveitarinnar. Anton Patzner, sem hefur spilað með bandarísku hljómsveitinni Bright Eyes, annaðist strengjaútsetningar í laginu, rétt eins og í fjórum öðrum lögum á plötunni. Útsetningarnar voru unnar í gegnum netið þar sem Anton býr í San Fransisco. Á meðal annara gesta á plötunni eru Esther Talía Casey söngkona og Haukur Gröndal saxófónleikari. Plata Jeff Who?, sem ber nafn sveitarinnar, kemur út á morgun.



**JEFF WHO?** Hljómsveitin fékk góða aðstoð við upptökur á sinni nýjustu plötu.




## > Plata vikunnar

Sprengjuhöllin – Bestu kveðjur

★★★★

„Sprengjuhallaraðdáendur þurfa ekki að hafa áhyggjur. Þetta er fín plata.“

Dr. Gunni

# Marco V á árshátíð

Hollenski plötusnúðurinn Marco V spilar á árshátíð Techno.is sem verður haldin á Nasa á laugardaginn. Einnig koma fram þetta kvöld vinsælir íslenskir plötusnúðar.

Marco, sem er fæddur og uppalinn í Hollandi, er hógvær og jarðbundinn fjölskyldumaður með óslökkvanlegan losta fyrir tónlist. Combi:Nations mix-serían hans hefur notið velgengni auk þess sem platan hans 200V fangaði hug og hjarta danstónlistarunnenda. Var hún spiluð töluvert á útvarpsstöðinni BBC Radio 1. Á meðal þekktustu laga hans eru Indicator, Simulated, More Than a Life Away og Red Blue Purple. Einnig hefur hann getið sér gott orð fyrir að endurlífga sígild danslög eins og Café del mar og Loops & Tings Relooped. Ljóst er að aðdáendur góðrar danstónlistar eiga fyrir höndum skemmtilegt laugardagskvöld, sneisafullt af grípandi töktum.



**MARCO V** Hollenski plötusnúðurinn Marco V spilar á árshátíð Techno.is á laugardaginn.









# Rislítil haustútgáfa

**Það hefur hálfgerð ládeyða einkennt alþjóðlega plötuútgáfu síðustu mánuði og lítið komið út af framúrskarandi plötum. Trausti Júlíusson skoðaði nokkrar af stærstu útgáfum haustsins.**



**TV ON THE RADIO** Platan þeirra Dear Science er ein af fáum frábærum plötum á slöku hausti í alþjóðlegri tónlistarútgáfu.

Þó að ekki séu enn öll kurl komin til grafar þá stefnir ekki í að 2008 verði mjög sterkt poppár. Það má auðvitað finna ágætis plötur inn á milli, en framúrskarandi plötur eru fáar. Á fyrri hluta ársins komu meðal annars út ágætar plötur með MGMT, Nick Cave, Vampire Weekend, Bon Iver, Fleet Foxes og The Bug, en haustið hefur verið sérstaklega slakt. Það má sætta sig við nýjar plötur Of Montreal, Metallicu og Peter, Björn & John svo dæmi séu tekin, en plötur Bloc Party, CSS, Mercury Rev, Kaiser Chiefs, The Streets, Razorlight og Brian Eno/David Byrne eru á meðal þeirra sem eru langt undir væntingum. Nýja Oasis-platan er líka óspennandi, en þar voru væntingarnar varla miklar. Minnimáttarkenndin sem einkenndi yfirlýsingar Gallagher-bræðra fyrir útgáfuna gaf tóninn. Auðvitað eru samt undantekningar. Þar á meðal má nefna plötur Roots Manuva, Deerhunter, Late of the Pier, Kings of Leon og TV On The Radio.

### Fjórar góðar plötur í röð

Bræðra-og frændasveitin Kings of Leon var stofnuð í Nashville í Tennessee árið 2000. Fyrsta platan hennar Youth & Young Manhood sem kom út árið 2003 var frískleg blanda af suðurríkja-sveitarokki og stórborgar-nýbylgju í anda The Strokes. Næstu tvær plötur Aha Shake Heartbreak (2005) og Because of the Times (2007) stóðu vel fyrir sínu og það sama má segja um nýju plötuna Only by the Night sem er nokkuð poppaðri en þær fyrri. Þar með hefur þeim Caleb, Nathan, Jared og Matthew (frænda) Followill tekist það sem ekkert mjög mörgum ungum hljómsveitum virðist takast í dag: Að gefa út fjórar plötur í röð án þess að klikka.



**AC/DC** Sígild rokkformúla Angus Young og félaga virkar greinilega alltaf jafn vel. Nýja platan Black Ice mokast út í bílförmum.

### Framsækin og tilraunaglöð

En þó að Only by the Night renni ágætlega í gegn þá sætir tónlistin á henni engum tíðindum. Tónlist Brooklyn-sveitarinnar TV on the Radio er mun bitastæðari. Þar fer sveit sem er framsækin og tilraunaglöð, getur samið góð lög og kann að búa til flott sánd. Sveitin var stofnuð 2001 af aðalsprautunum Tunde Adebimpe söngvara og David Andrew Sitek, gítarleikara, hljómborðsleikara og upptökusténí. Hún sendi árið 2003 frá sér EP-plötuna Young Liars sem vakti verðskuldaða athygli. Sama ár spilaði sveitin sjóðheit á Gauki á Stöng á Iceland Airwaves. Mjög eftirminnilegt. Ári seinna kom fyrsta stóra platan Desperate Youth, Blood Thirsty Babes og 2006 kom Return To Cookie Mountain. Báðar frábærar. Nýja platan Dear Science er svo enn ein snilldarafurðin. Hún er í senn tilraunakennd og poppuð og full af ferskum og nærandi smáatriðum. Ein af bestu plötum ársins.

### Ómótstæðileg formúla

En það eru ekki allir spenntir fyrir nýjungum í rokkinu. Ástralska hljómsveitin AC/DC á heiðurinn af nokkrum af flottustu gítarriffum rokksögunnar, en tónlist hennar hefur lítið þróast á ferlinum. Það kemur þó ekki að sök ef marka má sölu nýju plötunnar Black Ice sem er fyrsta plata bandsins í átta ár. Hún fór beint á toppinn í 29 löndum og situr enn sem fastast á toppi Billboard-listans. Það er eitthvað ómótstæðilegt við þessa einföldu formúlu bræðranna Malcolms og Angusar Young og þeir hafa líka vit á því að gefa bara út nýtt efni á margra ára fresti. Það er kannski besta leiðin til þess að fólk fái ekki leið á tónlistinni...

# Árituðu ólöglegar plötur

Hljómsveitin Mezzoforte er nýkomin heim frá Minsk í Hvíta-Rússlandi þar sem hún spilaði í fyrsta sinn á ferli sínum. Tónleikahöllin í borginni tekur tvö þúsund manns í sæti og var fullt út úr dyrum.

„Þetta var alveg frábært. Þetta er nýjasta landið í safnið hjá okkur. Þau hafa verið að bætast við, austantjaldslöndin, eitt af öðru sem við komumst aldrei til í gamla daga vegna járntjaldsins,“ segir Eyþór Gunnarsson, meðlimur Mezzoforte. „Það voru rosafínar viðtökur sem við fengum. Við erum alltaf svolítið hissa að koma til nýrra landa og átta okkur á því hvað þetta hefur farið víða.“



**MEZZOFORTE** Hljómsveitin Mezzoforte, sem hefur verið starfandi í 31 ár, er nýkomin heim frá Hvíta-Rússlandi.

Að sögn Eyþórs biðu aðdáendur Mezzoforte í löngum biðröðum eftir tónleikana til að fá eiginhandaráritanir hjá þeim. Margir voru með ólöglegar bootlegútgáfur af plötum sveitarinnar, sem þeir árituðu engu að síður. „Fólkið er ónæmt fyrir þessu og finnst þetta bara eðlilegt. Það kemur bara með bootleg-plöturnar og finnst það eðlilegt.“

Tónleikarnir í Hvíta-Rússlandi voru þeir síðustu í tónleikaferð Mezzoforte til að kynna nýjan DVD-mynddisk sem var tekinn upp á afmælistónleikum í Borgarleikhúsinu í fyrra. Þar lék tíu manna viðhafnarútgáfa af sveitinni tuttugu lög á tveggja tíma tónleikum.

Næstu tónleikar Mezzoforte erlendis eru fyrirhugaðir í Þýskalandi í mars á næsta ári og þangað til fá þeir félagar góðan tíma til að hlaða batteríin.

- fb

# Goran Superform á 4 vikum



**GORAN SUPERFORM** er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

**VILT ÞÚ:**

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfi og heilbrigði?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki.
Takmarkaður fjöldi.
Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran.
Persónuleg næringarráðgjöf.
Ráðgjöf við matarinnkaup.
Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar.
Frábær spennandi lífrænn matur.
Næringardrykkur í lok hvers tíma.
Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni,
kl. 6:30, 7:30, 10:00, 12:00, 16:30 og 17:30.



## Nýtt á Íslandi Goran Superform matartaska!

Nú getur þú tekið með mat, sem sniðinn er samkvæmt þinni orkuþörf, heim eftir hverja æfingu.

Goran útbýr matartösku sér hannaða fyrir þig sem tryggir hámarks árangur!

# Skráðu þig strax í síma 578-8200
# Námskeiðin byrja 17. nóvember!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is

GrandSpa





# bíó

bio@frettabladid.is

## > CROWE MUNDAR BOGANN

**Russell Crowe** fer með hlutverk Hróa Hattar í kvikmyndinni Nottingham í leikstjórn **Ridleys Scott**, en tökur hefjast í febrúar næstkomandi. Scott sparar ekki stóru orðin og segist ætla að gera fyrstu góðu kvikmyndina um Hróa Hött, en honum þykja þær sem á undan hafa farið lítils virði. Crowe hyggst leika Hróa sem harðjaxl og losa hann þannig undan orðstír hins mjúka manns sem Kevin Costner klíndi á hann.



## Vinsæl bók verður mynd

Skáldsagan Viltu vinna milljarð? eftir Vikas Swarup hefur notið talsverðra vinsælda á meðal íslenskra lesenda. Þeir sem halda upp á bókina geta nú glaðst yfir þeim fréttum að hún hefur verið kvikmynduð og að við stjórnvölinn sat enginn annar en hinn ágæti leikstjóri Danny Boyle, sem á að baki myndir á borð við Trainspotting og 28 Days Later. Myndin nýja heitir Slumdog Millionaire og var lokamynd nýafstaðinnar kvikmyndahátíðar í Lundúnum. - vþ




# DANS OG SÁLFRÆÐI Í BÍÓ

**Tvær myndir verða frumsýndar í kvikmyndahúsum landsins nú um helgina. Báðar eru þær þrungnar spennu og skarta konum í aðalhlutverkum, en að öðru leyti eru þær afar ólíkar.**



**SÁLFRÆÐINGUR Í VANDA** Anne Hathaway í hlutverki sínu sem sálfræðingurinn Claire í myndinni Passengers.

Make it Happen er dansdrama, en kvikmyndagrein sú hefur fengið nokkra uppreisn æru eftir heldur mögur ár á tíunda áratug síðustu aldar. Vinsældir dansmynda síðustu ár hafa að nokkru leyti haldist í hendur við ris og háflug dansþátta í sjónvarpi. Skyldi engan undra; í flestum sínum birtingarmyndum sameinar dans það besta úr heimi lista og íþrótta og höfðar þannig til afar breiðs áhorfendahóps.

Í Make it Happen segir frá Lauryn, ungri stúlku sem dreymir um inngöngu í virtan dansskóla í Chicago. Allt gengur þó á afturfótunum hjá henni og fer að lokum svo að hún endar með að vinna á „burlesque"-dansklúbbi. Útlitið er svart um tíma en Lauryn gefur aldrei upp vonina um að komast að í skóla drauma sinna og lærir að auki ýmislegt um fjölbreytileika mannlífsins í leikinni. Með aðalhlutverk fara Mary Elizabeth Winstead og Tessa Thompson, en leikstjóri er Darren Grant. Myndin fær einkunnina 4,7 af 10 hjá vefsíðunni www.imdb.com og 20% hjá www.rottentomatoes.com.

Í myndinni Passengers, sem flokkast til spennutrylla af gamla skólanum, fer Anne Hathaway með hlutverk sálfræðingsins Claire, sem fær það hlutverk að taka til meðferðar hóp fólks sem lenti saman í mannskæðu flugslysi. Hún kemst að því að frásögnum farþeganna af aðdraganda slyssins ber ekki saman við opinbera útskýringu flugfélagsins. Þegar farþegarnir taka svo að hverfa einn af öðrum hættir Claire að standa á sama, sérlega þar sem hún hefur, á heldur ófagmannlegan hátt, orðið ástfangin af einum af skjólstæðingum sínum. Hún tekur til sinna ráða og reynir að komast til botns í málunum, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Sem fyrr segir fer Anne Hathaway með aðalhlutverk myndarinnar, en í öðrum stórum hlutverkum eru Patrick Wilson, Andre Braugher og Diane Wiest. Leikstjóri er Rodrigo García. Myndin fær einkunnina 6,4 af 10 hjá www.imdb.com og 17% hjá www.rottentomatoes.com.

vigdis@frettabladid.is

# Van Damme sem Van Damme

Kvikmyndin JCVD var frumsýnd í Bandaríkjunum um síðustu helgi við nokkra undrun og furðu bæði gagnrýnenda og áhorfenda. Myndin er að hluta til sannsöguleg, enda byggð á ævi og störfum hasarmyndahetjunnar Jean-Claude Van Damme og þeirri tilvistarkreppu sem hann hefur mátt upplifa nú þegar hann hefur ekki leikið í vinsælli mynd í tíu ár. Jean-Claude Van Damme fer sjálfur með aðal- og titilhlutverk myndarinnar og þykir standa sig með mikilli prýði; gagnrýnendur hrífast sérlega af atriði þar sem hann fellir grímuna, grætur og talar beint í myndavélina. Atriðið þykir afhjúpa algerlega nýja hlið á þessum einum helsta harðhaus tíunda áratugar síðustu aldar.

Leikstjóri myndarinnar er Frakkinn Mabrouk El Mechri og samdi hann einnig handritið, eða öllu heldur, endurskrifaði það upp úr eldra handriti annara höfunda. „Í fyrri útgáfu handritsins var bara gert grín að Van Damme," segir El Mechri. „Það var alveg augljóst að höfundarnir voru ekki aðdáendur hans." Þess má því vænta að myndin JCVD takist á við viðfangsefni sitt af virðingu. - vþ



**HARÐHAUS TÍUNDA ÁRATUGARINS** Van Damme leikur sjálfan sig.








POPP OG COKE
DAGAR
Coca-Cola
Stjörnu POPP
Stjörnu POPP
Tvær nýjar myndir,
popp og 2l. Coke
1000.-
HANCOCK
HORTON
what happens in VEGAS
REDBELT
DAVID MAMET
BRÚÐGUMINN
BIG STAN
sena
SNÆLAND VIDEO
Reykjavík / Kópavogur / Hafnarfjörður / Mosfellsbær / Selfoss

**> AÐDÁANDI LÁTINN**

Kona á fertugsaldri, sem var með Idol-dómarann Paulu Abdul á heilanum, fannst nýlega látin í bíl fyrir utan heimili Abdul. Svo virðist sem konan hafi framið sjálfsvíg. Áttunda þáttaröð Idol hefst í Bandaríkjunum í janúar og vonandi verður Abdul búin að jafna sig á þessu áfalli fyrir þann tíma.



Fólk

folk@frettabladid.is

# Gulum hönskum Spock rænt

„Þetta voru menn með missjón. Einhverjir tveir snillingar sem brutust inn í búðina aðfaranótt miðvikudags og það eina sem þeir höfðu áhuga á voru Dr. Spock-bolir og gulir hanskar,“ segir Arnar Gíslason, trommuleikari Dr. Spock. Hann og bassaleikari sveitarinnar, Guðni Finnsson, vinna báðir í Hljóðfærahúsinu. „Hér er full búð af trommusettum, gítarum og alls konar góssi upp á milljónir, ef ekki milljarða, en innbrotsþjófunum var alveg sama um það. Þeir tóku bara einn bassatrommusparkara og tvær töskur með Dr. Spock-dóti sem við seljum á tónleikum og ég geymdi inni á skrifstofunni minni,“ segir Arnar.

Þjófarnir náðust fljótlega og hljómsveitinni var skilað dótinu sínu. „Löggan sagði okkur að þetta hefðu bara verið byrjendur. Menn í þriðju deild. En þetta er auðvitað mikill heiður fyrir okkur. Að menn leggi svona mikið á sig til að ná í Dr. Spock-dót í kreppunni. Það er á hreinu að þessir strákar fá ókeypis boli og hanska á næstu tónleikum. Að því gefnu auðvitað að þeir hafi bætt sitt ráð og tekið út sína refsingu.“

Von er á nýrri plötu Dr. Spock, Falcon Christ, eftir sirka tíu daga. Svo verður tekinn túr um landið sem sveitin kýs að kalla Skítatúrinn. „En það er ljóst að við erum nauðbeygðir til að fjarlægja þessar töskur úr búðinni. Svona til að Hljóðfærahúsið verði ekki fyrir frekari skakkaföllum,“ segir Arnar og hristir hausinn alveg bit. - drg



**FULL BÚÐ AF GÓSSI EN BARA SPOCK-DÓTI STOLIÐ** Addi og Guðni, rithmapar Dr. Spock, á vettvangi glæpsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Baz í vandræðum

Leikstjórinn Baz Luhrmann er ekki enn búinn að klára nýjustu mynd sína, Australia, þrátt fyrir að hún verði heimsfrumsýnd í næstu viku. Luhrmann er á leiðinni til Sydney þar sem hann ætlar að leggja lokahönd á myndina en hann þarf að skila henni á föstudagskvöld.

Luhrmann, sem sló rækilega í gegn með söngvamyndinni Moulin Rogue!, hefur unnið að nýju myndinni í fjögur ár. Fjallar hún um enska yfirstéttarkonu sem verður ástfangin af kúreka og með aðalhlutverk fara Nicole Kidman, sem einnig lék í Moulin Rouge!, og Hugh Jackman. Bæði eru þau áströlsk eins og leikstjórinn.

Luhrmann hefur vísað á bug fréttum um að framleiðandinn Twentieth Century Fox hafi látið hann breyta endinum á myndinni. „Ég ákveð sjálfur hvernig myndirnar mínar eru. Ég samdi sex enda og tók upp þrjá þeirra,“ sagði hann.



**NICOLE KIDMAN** Kidman fer með aðalhlutverkið í nýjustu mynd Baz Lurhmann, Australia.

# Mynd um fatlaða uppistandara

Leikstjórinn Ágústa Skúladóttir undirbýr nú heimildarmynd um uppistandshópinn Hjólastólasveitina, sem hefur vakið mikla athygli síðan hann var stofnaður fyrir einu ári.

Hópurinn, sem hefur skemmt í mörgum bæjarfélögum, hefur sett stefnuna á ferð um landið þar sem heimildarmyndin verður tekin upp í leiðinni. „Þegar við vorum á Akureyri lentum við í mörgum ævintýrum. Við vorum með okkar eigin „vasakameru“ og þar kom á daginn að það væri ofboðslega mikið efni sem myndi fylgja okkur,“ segir Ágústa.

Ein uppákoman sem hópurinn lenti í var þegar hann ætlaði út að borða. „Þar voru fjórir veitingastaðir og einn þeirra var með stærsta klósettið fyrir fatlaða á landinu en hjólastólarnir komust ekki inn á veitingastaðinn. Á öðrum komumst við inn en þar var ekki góð klósettaðstaða. Síðan þar sem bæði atriðin voru í lagi var dýrasti veitingastaðurinn,“ segir hún. Hentaði það vitaskuld illa fyrir öryrkjana sem hafa jafnan lítið fé á milli handanna.

Ágústa segir að uppistandararnir fjalli um allt á milli himins og jarðar og séu síður en svo að barma sér. „Þetta er kolsvartur húmor og hárbeittur. Þau gera mikið grín að sér og sínu lífi enda þarf fólk að halda í húmorinn á öllum tímum til að þrauka, ekki síst nú til dags.“

Næsta uppistand Hjólastólasveitarinnar verður í Iðnó á sunnudagskvöld klukkan 21. Húsið verður opnað klukkan átta og er miðaverð 1.000 krónur. - fb



**BARIST UM HLJÓÐNEMANN** Hjólastólasveitin er skipuð Ágústu Skúladóttur, Ásu Hildi Guðjónsdóttur, Kolbrúnu Dögg Kristjánsdóttur, Guðríði Ólafsdóttur, Erni Sigurðssyni og Leifi Leifssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




## Fjármálatryllir beint úr íslenskum samtíma

- „Fantagóður krimmi.“
  ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON / DV
- „Það er næstum ómögulegt að leggja hana frá sér.“
  GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN
- „Harðsoðinn og hressilegur fjármálaþriller, líklega fyrsta íslenska sagan af því tagi.“
  INGVI ÞÓR KORMÁKSSON / WWW.BOKMENNTIR.IS
- „Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra ætti að kíkja á þessa bók.“
  GERÐUR KRISTNÝ OG KATRÍN JAKOBSDÓTTIR / MANNAMÁL, STÖÐ 2




# MERGJUÐ SPENNA

## Saga um hefnd, græðgi og firringu

- „Virkilega góð sakamálafléttа.“
  KOLBRÚN ÓSK SKAFTADÓTTIR / EYMUNDSSON
- „Árni bregður upp mergjuðum mannlífslýsingum í nýrri morðsögu sem gerist fyrir vestan.“
  KATRÍN JAKOBSDÓTTIR
- „Leikandi og hröð … snörp hugvekja um mannleg samskipti og samfélagið í heild.“
  GEIR SVANSSON / MORGUNBLAÐIÐ
- „Þriggja morða bók … tekst ágætlega að koma manni á óvart.“
  KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN, RÚV




BÆKURNAR ERU PRENTAÐAR Á ÍSLANDI

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Óttar skrifar um gosið í Eyjum

„Þarna eru margir Eyjamenn sem segja frá upplifun sinni á dramatískan hátt og opna sig með tilfinningar sínar,“ segir Óttar Sveinsson rithöfundur. Fimmtánda Útkallsbók Óttars er komin í verslanir og að þessu sinni fjallar höfundurinn um eldgosið í Vestmannaeyjum árið 1973. Bókin nefnist Flóttinn frá Heimaey. Óttar ræðir við fjölmarga Eyjamenn um upplifun sína af gosinu en í forgrunni er stór fjölskylda sem tvístraðist þegar fólk var ferjað upp á land.

„Þarna segi ég frá foreldrum sem týna fjórum barna sinna í tvo sólarhringa. Þegar öllum var sagt að fara niður að höfn keyrði fjölskyldufaðirinn fjögur af börnunum þangað og sagði þeim að bíða meðan hann sækti mömmu þeirra og þrjú önnur systkini.

Þegar foreldrarnir komu aftur niður á höfn sáu þau hvorki tangur né tetur af börnunum fjórum og enginn gat fundið þau. Svo urðu þau að yfirgefa Eyjar án þess að vita um afdrif barna sinna þegar síðasti af rúmlega sjötíu bátum sigldi upp á land,“ segir Óttar. Foreldrarnir og hin börnin þrjú voru flutt í Melaskóla og þar liðu um það bil tveir sólarhringar áður en tvö barnanna skiluðu sér. Hin tvö fundust svo degi síðar. „Þau voru orðin gjörsamlega buguð af ótta,“ segir Óttar.

Samhliða Útkallsbók Óttars kemur út barnabók sem fjallar líka um gosið í Eyjum. Bókin nefnist Edda týnist í eldgosinu og er eftir Herdísi Egilsdóttur. „Það vill svo skemmtilega til að sú bók er byggð á endurminningum yngstu stelpunnar í fjölskyldunni sem ég skrifa um. Þannig að það er bæði Útkall og afkvæmi fyrir þessi jól,“ segir Óttar og hlær. **- hdm**



**ÓTTAR SVEINSSON** Fimmtánda Útkallsbók rithöfundarins fjallar um eldgosið í Vestmannaeyjum árið 1973.

# Stjörnum prýtt Bond-partí

**Stjörnum prýtt partí var haldið á skemmtistaðnum B5 um síðustu helgi til að fagna nýjustu James Bond-myndinni, Quantum of Solace. Um 25 þúsund Íslendingar hafa nú séð myndina.**

Þrátt fyrir að breska ríkisstjórnin hafi sett hryðjuverkalög á íslensk fjármálafyrirtæki þá er Íslendingum alveg sama og þyrpast á Quantum of Solace. Um 25 þúsund manns hafa séð myndina síðan hún var frumsýnd 7. nóvember og stefnir hún hraðbyri í að verða vinsælasta Bond-mynd sögunnar á Íslandi. Hafa tíu þúsund fleiri séð myndina eftir fimm daga heldur en sáu síðustu Bond-mynd, Casino Royale. Alls sáu átján þúsund manns Quantum of Solace um síðustu helgi og sló hún þar við frumsýningarhelgum myndanna Indiana Jones, Batman og Mamma Mia!. **freyr@frettabladid.is**



**UNGFRÚ REYKJAVÍK** Aðalbjörg Ósk Gunnarsdóttir, ungfrú Reykjavík, og Pattra Sryanonge skemmtu sér vel í hófinu ásamt vinafólki sínu. MYND/ANTON EÐVARÐ KRISTENSEN



**AUÐUNN OG GILZ** Sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal, Egill „Gilzengger“ Einarsson og félagar þeirra Árni og Kristján voru á meðal gesta.



**BRYNHILDUR OG HARPA** Leikkonan Brynhildur Guðjónsdóttir og fatahönnuðurinn Harpa Einarsdóttir litu við á B5.



**FÍNIR Í TAUINU** Félagarnir Stefán Jarl, Jón Gunnar Geirdal og Gunnlaugur Páll voru í sínu fínasta taui í Smirnoff-Black partíinu.


Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
POWERSÝNING KL. 10:00 DIGITAL MYND OG HLJÓÐ
ALLS EKKI FYRIR VIÐKVÆMA!
TEKJUHÆSTA MYND ALLRA TÍIMA Á ÍSLANDI
ATH! 650 kr.



SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5, 8 og 10 - POWER | 12 |
| QUARANTINE | kl. 10.15 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 10 | 12 |
| LUKKU LÁKI - ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| MAMMA MIA | kl. 6 og 8 | L |

SAMBÍÓIN



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HOW TO LOSE... | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HOW TO LOSE... | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| RESCUE DAWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 6(3D) | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:30 - 6 - 8:30 | L |
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 5:40 | VIP |
| SEX DRIVE | kl. 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| RESCUE DAWN | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 16 |
| HOW TO LOSE FRIENDS... | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 6(3D) | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:40D - 8D | L |
| EAGLE EYE | kl. 10:20D | 12 |
| JOURNEY 3D | kl. sýnd á lau. og sun. | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| JAMES BOND | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| MY BEST FRIEND'S GIRL | kl. 8 | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 8 | L |
| BANGKOK DANGEROUS | kl. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| JAMES BOND | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| THE HOUSE BUNNY | kl. 8 | L |
| MAX PAYNE | kl. 10:10 | 16 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!
TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI!
STÆRSTA OPNUN ÁRSINS! NÆST STÆRSTA OPNUN ALLRA TÍMA Á ÍSLANDI!
28.000 MANNS Á 6 DÖGUM!





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 4 - 5.30 - 6.30 - 8 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 9 - 10.30 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUARANTINE | kl. 10.10 | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.45 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.45 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| MAX PAYNE | kl. 10.15 | 16 |
| BURN AFTER READING | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 5.50 - 8 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 - 8.30 - 11 | 12 |
| WHERE IN THE WORLD IS OSAMA BIN LADEN | kl. 6 - 8 | 10 |
| THE WOMEN | kl. 5.30 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 10.15 | 16 |
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10.15 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 - 8 -10.10 | 12 |
| QUARANTINE | kl. 8 - 10 | 16 |
| AMA DABLAM | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%
50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

ÞEKKIRÐU ÞESSA?
Þrettán bræður búa í Dimmuborgum í Mývatnssveit – veistu hvaða karlar það eru?




Stórskemmtileg saga um Stekkjarstaur og bræður hans með glæsilegum ljósmyndum af þeim öllum.
MÁL OG MENNING
www.forlagid.is







JUST DO IT.

# NIKE DAGAR

## Útilíf

**13.-16. nóvember**

## 20% afsláttur

af nike vörum á alla fjölskylduna

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**

## > Rakel verður áfram hjá Þór/KA



Landsliðskonan Rakel Hönnudóttir hefur skrifað undir nýjan tveggja ára samning við Þór/KA en þetta kom fram á heimasíðu Þórs í gærkvöldi. Mörg félög vildu fá framherjann snjalla í sínar raðir en hún var án vafa besti leikmaður Þórs/KA á síðasta tímabili. Hin tvítuga Rakel átti þá stóran þátt í því að Þór/KA náði besta árangri í sögu félagsins í Landsbankadeildinni eða fjórða sæti. Rakel skoraði 20 mörk í 17 leikjum og var næstmarkahæst í Landsbankadeildinni á eftir Margréti Láru Viðarsdóttur. Rakel á að baki níu A-landsleiki fyrir Íslands hönd og hefur skoraði í þeim eitt mark.

**sport**

sport@frettabladid.is

**JÓHANN INGI GUNNARSSON:** ÍHUGAR ÞESSA DAGANA SPENNANDI TILBOÐ FRÁ ALÞJÓÐA HANDBOLTASAMBANDINU

## *Beðinn um að vera andlegur leiðtogi dómara á HM*



Jóhann Ingi Gunnarsson hefur fengið spennandi tilboð frá Alþjóðahandboltasambandinu um að gerast andlegur leiðtogi 32 dómara sem koma til með að dæma á HM í Króatíu í byrjun næsta árs. Jóhann Ingi segir gamlan félaga sinn frá Þýskalandi, Dietrich Späte, hafa haft samband við sig en hann hefur haldið utan um þessi mál fyrir forseta Alþjóðahandboltasambandsins í nokkur ár. „Hann hringdi í mig um daginn þar sem menn voru á fundi í Basel og voru að fara yfir niðurstöðurnar um frammistöðu dómara á Ólympíuleikunum í Peking. Menn voru ekki alveg sáttir og töldu að ákveðnir þættir hefðu ekki verið nægilega sterkir," segir Jóhann og bætir við: „Þeir voru með tvöfalda beiðni. Fyrri óskin var að ég tæki þátt í þessum æfingabúðum dómara fyrir Heimsmeistarakeppnina og héldi fyrirlestra til að undirbúa dómarapörin sem best. Seinni bónin var hvort ég væri reiðubúinn til að vera alla keppnina eins konar þjálfari dómaranna og andlegur leiðtogi þeirra. Ég myndi fara yfir það með dómurum hvernig þeir gætu stjórnað spennustigi, hvernig þeir hefðu sjálfstraustið í lagi og hvernig þeir tækjust á við kolklikkaða þjálfara eða erfiða áhorfendur," segir Jóhann.

Jóhann Ingi segir þetta ekki vera í fyrsta sinn sem Späte leiti til sín. „Hann fékk mig á sínum tíma á ráðstefnu þjálfara og dómara í Bangkok. Þar var ég með tvo fyrirlestra, annan um samvinnu þjálfara og dómara og hinn um andlegan undirbúning dómara fyrir leik og keppni. Það mæltist það vel fyrir að í kjölfarið fékk ég bæði boð frá sænska handboltasambandinu og því danska," segir Jóhann Ingi.

Hann er ekki búinn að ákveða hvort hann slái til en Späte hafi reynt að selja honum þetta á þeim forsendum að með þessu væri hann að brjóta blað í handboltasögunni.

„Við erum búin að vera inni á öllum stórmótum síðustu ár og ef ég tæki þetta að mér gætum við sagt að við ættum að minnsta kosti einn valdamikinn mann á HM í Króatíu," sagði Jóhann léttur í bragði. Hann segist ætla að ákveða sig fyrir helgi.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild kvk*

| | |
|---|---|
| Valur-KR | 57-59 (29-32) |

**Stig Vals:** Signý Hermannsdóttir 20 (16 frák., 5 stoðs., 5 varin), Lovísa A Guðmundsdóttir 15 (13 frák., 6 stoðs.), Þórunn Bjarnadóttir 14, Ösp Jóhannsdóttir 3, Guðrún Sesselja Baldursdóttir 3, Tinna Björk Sigmundsdóttir 2.
**Stig KR:** Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 31 (11 frák.), Hildur Sigurðardóttir 8 (12 frák., 7 stoðs.), Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 6 (5 stoðs.), Helga Einarsdóttir 4, Heiðrún Kristmundsdóttir 4, Guðrún Arna Sigurðardóttir 3, Þorbjörg Andrea Friðriksdóttir 3.

| | |
|---|---|
| Hamar-Keflavík | 76-90 (36-52) |

**Stig Hamars:** La Kriste Barkus 25, Íris Ásgeirsdóttir 19, Hafrún Hálfdanardóttir 17 (13 fráköst), Julia Demirer 15 (22 fráköst).
**Stig Keflavíkur:** Birna Valgarðsdóttir 22 (12 fráköst), Ingibjörg Vilbergsdóttir 21 (10 fráköst), Pálína Gunnlaugsdóttir 13 (6 stoðsendingar), Hrönn Þorgrímsdóttir 12, Svava Stefánsdóttir 12 (9 stoðsendingar), Halldóra Andrésdóttir 6, Lóa Másdóttir 2, Bára Bragadóttir 2.

| | |
|---|---|
| Grindavík-Haukar | 58-66 (29-38) |

**Stig Grindavíkur:** Petrúnella Skúladóttir 12, Lilja Sigmarsdóttir 9, Íris Sverrisdóttir 9, Ingibjörg Jakobsdóttir 7, Jovana Stefánsdóttir 7, Ólöf Pálsdóttir 6, Berglind Magnúsdóttir 4, Helga Hallgrímsdóttir 4 (12 fráköst).
**Stig Hauka:** Ragna Brynjarsdóttir 22 (16 fráköst), Kristrún Sigurjónsdóttir 20, Slavica Dimovska 9, Guðbjörg Sverrisdóttir 8, Telma Fjalarsdóttir 4, Helena Hólm 3.

### *Enski deildarbikarinn*

| | |
|---|---|
| Tottenham-Liverpool | 4-2 |

1-0 Roman Pavlyuchenko (38.), 2-0 Fraizer Campbell (42.), 3-0 Fraizer Campbell (45.), 3-1 Damien Plessis (49.), 4-1 Roman Pavlyuchenko (54.), 4-2 Sami Hyypia (63.).

| | |
|---|---|
| Chelsea-Burnley | 1-1* |

1-0 Didier Drogba (27.), 1-1 Ade Akinbiyi (69.). Jóhannes Karl Guðjónsson var í byrjunarliði Burnley en var skipt af velli í upphafi framlengingar. *Burnley vann 4-5 eftir vítaspyrnukeppni og bráðabana.

| | |
|---|---|
| Sunderland-Blackburn | 1-2 |

0-1 Roque Santa Cruz (65.), 0-2 sjálfsmark (70.), 1-2 Kenwyne Jones (71.).

### *Spænski konungsbikarinn*

| | |
|---|---|
| Barcelona-Benidorm | 1-0 |

1-0 Lionel Messi (84.). Barcelona vann fyrri leik liðanna 0-1. Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona en var skipt af velli á 61. mínútu.

### *Ítalski bikarinn*

| | |
|---|---|
| Udinese-Reggina | 0-0* |

*Udinese vann, 8-7, eftir vítaspyrnukeppni og bráðabana. Emil Hallfreðsson lék allan leikinn með Reggina og misnotaði tvær vítaspyrnur, eina í venjulegum leiktíma og eina í vítaspyrnukeppni.






# Ef Ólafur vill fá rafmagnsbíl þá mun ég kaupa handa honum rafmagnsbíl

**Danski auðjöfurinn Jesper Nielsen segir í einkaviðtali við Fréttablaðið að hann hafi fjármagnið sem þarf til að gera AG Håndbold að einu besta handboltaliði Evrópu. Hann segir Ólaf fyrsta púslið af mörgum í uppbyggingu stórveldis. Hann ætlar að kaupa sjö sterka leikmenn til félagsins á næsta ári.**

**HANDBOLTI** Danski auðjöfurinn og skartgripasalinn Jesper Nielsen hefur verið áberandi í dönsku íþróttalífi síðustu misseri. Hann er helsti styrktaraðili Bröndby-fótboltafélagsins og ætlar að gera handboltaliðið AG Håndbold að stórveldi á örfáum árum. Nielsen er einnig styrktaraðili hjá handboltaliðunum Rhein-Neckar Löwen, Kiel og Flensburg.

AG Håndbold gerði samning við Ólaf Stefánsson á dögunum og vakti það mikla athygli í handboltaheiminum enda fáheyrt að stjarna á borð við Ólaf semji við C-deildarlið í Danmörku. Sá samningur undirstrikar einfaldlega þann metnað sem Nielsen hefur fyrir hönd félagsins.

**Ólafur er einn besti handboltamaður allra tíma**

Nielsen féllst á að veita Fréttablaðinu einkaviðtal og var fyrst spurður að því af hverju hann hefði helst viljað Ólaf Stefánsson í sitt lið af öllum handboltastjörnum heimsins.

„Mín skoðun er sú að Ólafur er einhver besti handboltamaður allra tíma. Hann hefur síðustu tíu ár verið sterkasti og áhrifaríkasti handboltamaður heims. Það skiptir engu máli með hvaða liði hann leikur með, alltaf næst toppárangur," sagði Nielsen sem hefur engar áhyggjur af því að það fari að hægjast á Ólafi sem kominn er á aldur. „Hann er kannski 35 ára en spilar líkt og hann væri 28 ára. Það skiptir mig mestu máli."

Ólafur hefur sjálfur sagt að launin sem Nielsen bauð honum hafi haft áhrif á þá ákvörðun hans að semja við félagið. Lá því beinast við að spyrja Nielsen hvort Ólafur væri launahæsti handboltamaður heims eða þá í Danmörku?




**ÍÞRÓTTAÁHUGAMAÐUR** Danski skartgripasalinn Jesper Nielsen styrkir mörg íþróttafélög og þar á meðal knattspyrnulið Bröndy þar sem Stefán Gíslason er fyrirliði og Hermann Haraldsson framkvæmdastjóri. MYND/BRÖNDBY

**Ólafur verður launahæstur í Danmörku**

„Ég get ekki svarað því til hvort hann sé sá launahæsti í heiminum þar sem ég veit ekki hvað aðrir leikmenn fá. Ég er þó viss um að hann er sá launahæsti í Danmörku. Ólafur fær vel borgað og ég tel hann eiga laun sín skilið. Ég sá úrslitaleikinn í Meistaradeildinni í Kiel þar sem hann fór á kostum. Auðvitað á hann skilið þessi laun sem ég er að greiða honum," sagði Nielsen sem hefur vakið athygli fyrir digurbarkalegar yfirlýsingar í fjölmiðlum.

Það var til að mynda haft eftir honum á dögunum að hann ætlaði að kaupa Porsche eða Ferrari fyrir Ólaf og að hann mætti einnig búa í húsinu hans í Danmörku þar sem hann hefur flutt sig um set til Þýskalands.

Blaðamaður spurði Nielsen út í þessar yfirlýsingar og benti honum á að Ólafur hefði sagt í samtali við Fréttablaðið að hann vildi frekar fá rafmagnsbíl en Ferrari.

**Má fá lánaðan Lamborghini**

„Ef Ólafur vill fá rafmagnsbíl þá mun ég kaupa handa honum rafmagnsbíl. Sjálfur keyri ég um á Aston Martin, Porsche og Lamborghini. Ef Ólafur verður þreyttur á rafmagnsbílnum þá má hann fá einn af bílunum mínum lánaðan," sagði Nielsen léttur og bætti við: „Honum er einnig velkomið að búa í húsinu mínu ef hann vill."

Nielsen segir að Ólafur sé fyrsta handboltastjarnan af mörgum sem muni ganga í raðir AG Håndbold á næstu misserum enda þarf að styrkja liðið talsvert til að það eigi raunhæfa möguleika á að ná markmiðum sínum.

„Við munum kaupa eins marga leikmenn og þarf til þess að ná markmiðum okkar. Ég tel að ég muni kaupa sjö leikmenn á næsta ári," sagði Nielsen sem vonast til þess að koma Ólafs muni laða fleiri leikmenn til félagsins. En hefur hann hug á að kaupa fleiri íslenska leikmenn til félagsins?

„Ísland er frábær handboltaþjóð eins og það sýndi í Peking og ég óska Íslendingum til hamingu með þann árangur. Vissulega höfum við áhuga á íslenskum leikmönnum en við verðum að sjá hvað gerist í þeim efnum. Við erum samt danskt lið og ég vil hafa sem flesta Dana í liðinu," sagði Nielsen.

**Peningarnir eru til staðar**

Margir vellauðugir einstaklingar hafa farið illa út úr fjármálakreppunni og var staðhæft í dönskum fjölmiðli um daginn að Nielsen hefði tapað miklu og gæti hugsanlega ekki staðið við skuldbindingar sínar. Eru þessar sögur sannar eða getur hann byggt liðið upp eins hratt og hann hefur áður sagt?

„Ég tjái mig venjulega ekki um fjárhagsstöðu mína en ég get þó sagt þér að peningarnir eru til staðar. Þessi frétt sem þú bendir á er ósönn og kemur frá fjölmiðli sem hefur það að sið að búa til fréttir í von um að selji fleiri eintök af blaðinu sínu," sagði Nielsen ákveðinn.

Nielsen segir að það hafi aldrei komið neitt annað til greina en að byggja upp stórveldi hjá AG Håndbold. Hann sé alinn upp hjá félaginu, hafi spilað með því líkt og fleiri í fjölskyldunni. Félagið eigi því sérstakan sess í hjarta sínu og því hafi aldrei komið til greina að byggja upp stórveldi hjá öðru félagi.

**Opinn fyrir því að spila æfingaleiki á Íslandi**

Mikið hefur verið látið með markmiðasetningu félagsins en Nielsen neitar að hvika frá henni. „Aðalmarkmiðið er að vinna fyrst dönsku deildina og vonandi með Ólafi. Síðan ætlum við að vinna Meistaradeildina. Þetta eru vissulega háleit markmið en ég tel að þú munir sjá á næstu árum að það er full alvara á bak við þessi markmið mín," sagði Nielsen en eru þessi markmið hreinlega raunhæf?

„Ég tel það og trúi því að innan fárra ára verði AG Håndbold eitt af toppliðum Evrópu á hverju ári. Það er vissulega mikil vinna fram undan til að ná því markmiði og samningurinn við Ólaf er fyrsta skrefið í þessa átt," sagði Nielsen. En hefur hann íhugað að koma með íslenska silfurdrenginn heim og spila æfingaleiki við íslensk félög?

„Við höfum eiginlega ekkert rætt það. Það væri samt mjög gaman þar sem við höfum Ólaf í okkar liði. Ég held að við höfum ekki fengið neitt boð um slíkt en það yrði áhugavert að skoða það," sagði Jesper Nielsen.

henry@frettabladid.is

# RISA
## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU
# MARKAÐUR

Nú færum við
**Perlumarkaðinn**
og verðum í MEST húsinu
**Norðlingaholti**

**AÐEINS 4 DAGAR EFTIR**




## Opnunartími

| | |
|---|---|
| Fimmtudag | 12 - 18 |
| Föstudag | 12 - **19** |
| Laugardag | 12 - 18 |
| Sunnudag | 12 - 18 |

Útsöluvörur frá

**Frábærar vörur í jólapakkann**

Kaupfélagið · skór.is · STEINAR WAAGE · ecco · BLEND
PUMA · adidas · Clarks · SKECHERS · RBK

## > Judi Davis

„Það er algengt að þegar góður leikari tekur að sér hlutverk morðingja eða illmennis að eftir það leiki hann svo til eingöngu þannig persónur. En ég hugsa að það sé ekkert svo slæmt.“ Davis leikur í myndinni A Little Thing Called Murder sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á GUNNAR DAL Í KASTLJÓSINU

# *Sérfræðingar láta ljós sitt skína*

Gaman var að sjá heimspekinginn Gunnar Dal í Kastljósinu í fyrrakvöld. Þar jós hann úr viskubrunni sínum um lífið og tilveruna, þar á meðal sjálfan tilgang lífsins og taldi að mörg svörin við lífsgátunni væru þegar orðin kunn, fólk yrði bara að bera sig eftir þeim.
Einnig var hann spurður út í efnahagsástandið hér á landi. Sagði hann græðgina vera einn helsta ókost mannsins og taldi að þegar menn hefðu náð að safna sínum fyrstu hundrað milljónum myndu peningarnir byrja að stjórna þeim en ekki öfugt. Sannarlega áhugaverður punktur hjá þessum mikla fræðimanni.

Spekingar á borð við Gunnar hafa tröllriðið útvarpstækjum og sjónvarpsskjám landsmanna upp á síðkastið. Bæði hafa þeir verið notaðir til að greina efnahagsástandið, sumir á svartsýnni hátt en aðrir, og til að peppa fólk upp í vanlíðaninni sem fylgir því að missa starf sitt eða sparifé. Heimspekingar, sálfræðingar, félagsfræðingar og auðvitað allir hagfræðingarnir hafa verið sérlega áberandi og sumir spyrja sig hvar þeir hafi allir verið áður en kreppan gekk yfir. Engu síður, ef einhvern tímann var þörf, þá er núna nauðsyn fyrir þá að stíga fram og láta ljós sitt skína.

Telja má líklegt að virðing þessara fræðigreina hafi á sama tíma aukist til muna í samfélaginu á kostnað viðskiptafræðinnar, sem má heldur betur muna sinn fífil fegurri.



**GUNNAR DAL** Heimspekingurinn Gunnar Dal var gestur Kastljóssins í fyrrakvöld.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.15** **A Little Thing Called Murder** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.20** **Eldsnöggt með Jóa Fel** STÖÐ 2



▶ **20.30** **Help Me Help You** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.30** **Nýgræðingar (Scrubs VI)** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50** **CSI. Miami** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan** (e)

**16.35 Leiðarljós**(Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Kajsa og kýrin** (2:3) (e)

**17.55 Stundin okkar** (e)

**18.25 Kallakaffi** (10:12) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Káta maskínan** Þorsteinn J. fjallar um myndlist, leiklist og kvikmyndir.

**20.45 Nynne** (Nynne) (4:13) Dönsk gamanþáttaröð frá 2005 byggð á vinsælum dálki í Politiken um unga konu sem er illa haldin af neyslubrjálæði, lifir fyrir merkjavöru og skyndikynni við karlmenn, og á nóg af ónotuðum kortum í líkamsræktarstöðvar.

▶**21.30 Nýgræðingar** (Scrubs VI) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Kvennaráð** (Mistresses) (4:6) Bresk þáttaröð um fjórar vinkonur og fjölskrúðugt ástalíf þeirra.

**23.15 Sommer** (Sommer) (2:10) Danskur myndaflokkur. Læknissonurinn Jakob fellst á að leysa pabba sinn af á stofunni í nokkra daga og kemst að því að hann hefur gert margvísleg mistök.

**00.15 Kastljós** (e)

**00.15 Kastljós** (e)

**00.55 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Land Before Time XI**

**12.15 A Little Thing Called Murder**

**14.00 Dirty Dancing. Havana Nights**

**16.00 Land Before Time XI.**

**18.00 The Guardian**

▶**20.15 A Little Thing Called Murder** Kolsvört og vel leikin gamanmynd sem segir ótrúlega en dagsanna sögu af mægðinum sem fóru eins og pest um Bandaríkin; rændu, svindluðu og frömdu morð sem gekk gjörsamlega fram af bandarísku þjóðinni.

**22.00 The Good Son**

**00.00 Walking Tall**

**02.00 The People vs. Larry Flynt**

**04.05 The Good Son**

**06.00 Hollywoodland**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Dynkur smáeðla, Ruff's Patch og Stóra teiknimyndastundin.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.35 La Fea Más Bella** (191:300)

**10.20 Grey's Anatomy**(36:36)

**11.15 Hell's Kitchen** (9:11)

**12.00 Grey's Anatomy** (9:25)

**12.50 Neighbours**

**13.15 Forboðin fegurð** (69:114)

**14.00 Forboðin fegurð** (70:114)

**14.50 Ally McBeal** (20:23)

**15.35 Friends**

**16.00 Sabrina - Unglingsnornin**

**16.23 A.T.O.M.**

**16.48 Háheimar**

**17.13 Hlaupin**

**17.23 Doddi litli og Eyrnastór**

**17.33 Bold and the Beautiful**

**17.58 Neighbours**

**18.23 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.30 The Simpsons** (16:20)

**19.55 Friends** (22:25)

▶**20.20 Eldsnöggt með Jóa Fel** (4:10) Sjónvarpskokkurinn og bakarameistarinn Jói Fel snýr nú aftur með nýja seríu þar sem hann tekur hús á nokkrum af okkar fremstu og efnilegustu matreiðslumönnum.

**20.50 The Celebrity Apprentice** (10:13) Donald Trump leiðir saman misskærar stjörnur í markaðs- og fjáröflunarkeppni.

**21.35 Prison Break** (7:22) Michael Scofield braust út úr fangelsi með aðstoð Lincolns bróður síns. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.

**22.20 For Your Eyes Only**

**00.25 Fringe** (5:22)

**01.10 The Wool Cap**

**02.40 Extreme Honor**

**04.05 Shark** (4:22)

**04.50 Traveler** (8:8)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Enski deildarbikarinn** Útsending frá leik Tottenham og Liverpool.

**17.40 Enski deildarbikarinn** Útsending frá leik Tottenham og Liverpool.

**19.20 Bardaginn mikli** Að margra mati er Sugar Ray Robinson besti boxari allra tíma. Hann gerðist atvinnumaður 1940 og átti langan feril. Einn helsti andstæðingur hans var Jake LaMotta en þeir börðust sex sinnum. LaMotta var á mála hjá mafíunni sem hafði mikil ítök í boxheiminum og spillingin var allsráðandi.

**20.15 Utan vallar** Umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.

**21.05 NFL deildin** Magnaður þáttur þar sem hver umferð í NFL deildinni er skoðuð í bak og fyrir. Þeir Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.

**21.35 Ultimate Fighter** Mögnuð þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC en tveir heimsþekktir bardagamenn þjálfa mennina.

**22.40 2008 Ryder Cup Official Film** Ryder keppnin 2008 skoðuð í máli og myndum. Í þessari frábæru mynd er keppnin skoðuð í bak og fyrir frá upphafi til enda.

**00.00 Utan vallar**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Blackburn og Chelsea.

**17.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Sunderland og Portsmouth.

**19.00 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**20.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

**20.30 PL Classic Matches** Blackburn - Sheffield, 1997. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.00 PL Classic Matches** Bradford - Watford, 1999.

**21.30 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.

**22.40 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp.

**23.35 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.

**00.05 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Hull og Bolton.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Innlit / Útlit** (8:14) (e)

**09.35 Vörutorg**

**10.35 Óstöðvandi tónlist**

**16.55 Vörutorg**

**17.55 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.

**18.40 America's Funniest Home Videos** (23:42) (e)

**19.05 What I Like About You** (17:22)(e)

**19.30 Game tíví** (10:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

**20.00 Family Guy** (17:20) Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.

**20.30 30 Rock** (10:15) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. Jack og C.C. reyna að láta fjarsambandið ganga upp, Tina ræðst í fasteignakaup og Kenneth ánetjast koffíni.

**21.00 House** (11:16) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.

▶**21.50 CSI. Miami** (8:21) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Dean Cain leikur gestahlutverk í þessum þætti. Hann leikur fjölskylduföður sem er í fríi með fjölskyldu sinni á Miami þegar sonur hans er myrtur. Foreldrarnir eru í hefndarhug og taka lögin í sínar hendur. Leikstjóri þáttarins er Egill Örn Egilsson.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 America's Next Top Model** (7:13) (e)

**00.20 Vörutorg**

**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




# Húðlækningar

Hef flutt húðlæknastofu mína í nýja húsið í Glæsibæ, 5. hæð. Sama hús og Hreyfing.
Tímapantanir í síma:

**554 64 46**

## Ragna Leifsdóttir

Húð- og kynsjúkdómalæknir

HLG
HÚÐLÆKNAR GLÆSIBÆ



Glæsibær | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Sími 554 6446 | ragna@hlg.is

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 EXTRA KL. 18.00 OG 18.30**
**ENDURSÝNT KL. 21.00 OG 21.30**
**Sex and the City**



Í kvöld hefjast sýningar á fyrstu þáttaröðinni af einni eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari ára. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York og slúðra um ástalíf sitt.
Nú er loksins tækifæri á að sjá þessa frábæru þáttaröð frá upphafi en allir þættirnir verða sýndir á Stöð 2 Extra á fimmtudagskvöldum í vetur.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**House**
**Skjáreinn kl. 21.00**



Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House, og samstarfsfólk hans. Í þættinum í kvöld leikur Óskarsverðlaunaleikkonan Mira Sorvino gestahlutverk, þar sem House þarf að bjarga sjúklingi sem er fastur á suðurskautslandinu. House og aðstoðarfólk hans verða að notast við vefmyndavél til samskipta við sjúklinginn og reyna að komast að því hvað er að draga hann til dauða áður en það er seinan.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**11.45** Í mótbyr
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Rigning í nóvember
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Tónlistarkvöld Ríkisútvarpsins
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Besti vinur minn Jesús - Aksjónmaður
**23.10** Tónleikur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (58:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (59:260)
**17.00 Seinfeld** (10:24)
**17.30 Help Me Help You** (6:13)
**18.00 Sex and the City** (1:12)
**18.30 Sex and the City** (2:12)
**19.00 Hollyoaks** (58:260)
**19.30 Hollyoaks** (59:260)
**20.00 Seinfeld** (10:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur.
▶**20.30 Help Me Help You** (6:13) Grátbroslegir gamanþættir þar sem Ted Danson leikur afar sjálfhverfan sjálfshjálpargúru sem vinnur við að hjálpa veiku fólki við að takast á við raunveruleikan en þyrfti sjálfur að fara eftir eigin ráðum.
**21.00 Sex and the City** (1:12)
**21.30 Sex and the City**
**22.00 Grey's Anatomy** (4:24)
**22.45 Ghost Whisperer** (51:62)
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar.
**21.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir varaformaður Neytendasamtakanna ræðir um hagsmuni neytenda.
**21.30 Íslands safarí** Umsjónarmaður er Akeem Richard Oppon, formaður Íslands Panorama.
**Dagsskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Plan dk **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Update **15.30** Isa's stepz **16.00** Den amerikanske drage **16.25** Fuglen der ville spises **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Hvor er vi landet? **19.30** Aldrig mere fængsel **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Gennem kannibalernes land **21.55** Sugar Rush **22.20** Eureka **23.00** Hul igennem **23.45** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Jessica Fletcher **13.00** NRK nyheter **13.05** Barmeny **13.30** ,Allo, ,Allo! **14.00** NRK nyheter **14.03** Fabrikken **14.30** Ace Lightning **15.00** NRK nyheter **15.10** H2O **15.35** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Verdensarven **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 70-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Höök **21.30** Berserk gjennom Nordvestpassasjen **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Kodenavn Hunter **23.45** Spooks

## SVT 1

**12.05** Morgonsoffan **12.55** Plus **13.25** Fråga doktorn **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Avalon Heights **15.30** Rea **15.55** Bernard **16.00** Jultomtens lärling **16.10** Krumelurdjur **16.15** En unge till **16.20** Yoko! Jakamoko! Toto! **16.25** Farbrorn som inte vill va' stor **16.35** Evas superkoll **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Mitt i naturen **19.30** Andra Avenyn **20.00** Höök **21.00** Debatt **21.45** Grosvold **22.30** Kulturnyheterna **22.45** Uppdrag Granskning **23.45** Toppform **00.15** Sändningar från SVT24


SPENNANDI
OG SKEMMTILEGAR!




HEITUR SNÚÐUR MEÐ GLASSÚR
Systkinin Unnur og Halldór grípa til sinna ráða þegar tveir skuggalegir náungar ætla að nema á brott Jóa fjökálf. Þá upphefst æsileg atburðarás þar sem við sögu koma gömul frænka, sterkasti maðurinn í sveitinni og síðast en ekki síst ... heitur snúður með glassúr!
**Sprellfjörug saga** eftir **Gunnstein Ólafsson** með myndum **Freydísar Kristjánsdóttur**.




ÞÓR – Í HELJARGREIPUM
Hér vakna **persónur norrænnar goðafræði** til lífsins í ævintýralegri spennu frá fyrstu síðu. **Friðrik Erlingsson** er best þekktur fyrir margverðlaunaða skáldsögu sína Benjamín dúfa. Teiknimyndafyrirtækið CAOZ vinnur nú að alþjóðlegri tölvuteiknimynd um Þór sem byggir á þessari sögu.

Veröld
Bræðraborgarstígur 9

DYNAMO REYKJAVÍK

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Hamborgarabúllan við Geirsgötu og Fish & Chips á Tryggvagötu eru alveg ótrúlega góður dúett. Sem ég á erfitt með að gera upp á milli. Þeir eru annars bara góð blanda af hæfilegri hollustu.*

Ólafur Jóhannesson kvikmyndaleikstjóri

# Gömul andlit og ný í Skaupinu

Silja Hauksdóttir hefur ráðið hóp leikara til að skipa veigamestu hlutverkin í Áramótaskaupinu. Athygli vekur að um er að ræða fámennan hóp, níu leikara og leikkonur. Meðal þeirra eru Ilmur Kristjánsdóttir, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Kjartan Guðjónsson og Brynhildur Guðjónsdóttir sem Silja þekkir úr þáttaröðinni Stelpunum. Auk þeirra mæta til leiks þeir Jóhannes Haukur Jóhannesson og Guðjón Davíð Karlsson sem hafa fengið leikhúsgesti bæði sunnan og norðan heiða til að veltast um af hlátri yfir Fló á skinni. Auk þeirra verða þau Jón Gnarr, Þorsteinn Bachmann og Halldóra Geirharðsdóttir í stórum hlutverkum.

Að sögn Silju hefjast tökur um aðra helgi. „Svo erum við með glugga í desember sem við nýtum okkur,“ útskýrir Silja. Athygli vekur óneitanlega að góðkunningjar Skaupsins á borð við Spaugstofumenn og Ladda eru víðs fjarri. Silja segir það þó síður en svo með vilja gert. Þetta hafi bara æxlast svona. „Mig langaði að setja saman fólk í yngri kantinum sem hefur þó sannað sig í gamanleik,“ segir Silja. Leikstjórinn er þess fyllilega meðvitaður um að þjóðin sameinast fyrir framan skjáinn rétt fyrir klukkan ellefu á gamlárskvöld til að horfa á og dæma Áramótaskaupið. Samfara því er nauðsynlegt fyrir íslensku þjóðina að hefja nýtt ár á góðu gríni. „Já, við þurfum að hlæja og þetta ástand er frjór jarðvegur fyrir gott grín.“ Silja viðurkennir jafnframt að góð stemning sé í þjóðfélaginu fyrir húmor með brodd í. „En það má samt ekki einskorðast við að benda á það sem neikvætt er heldur verður að blanda þessu aðeins saman,“ segir Silja. - fgg



**GÓI OG JÓI** Dúettinn Jói og Gói verður fyrirferðamikill í skaup-

**SPENNT** Silja gerir sér grein fyrir ábyrgðarhlutverki sínu; að fá þjóðina til að hlæja í lok eins versta árs í sögu lýðveldisins.



**LÁRÉTT**
**2.** tikka, **6.** mannþyrping, **8.** meðal, **9.** blaður, **11.** tveir eins, **12.** afspurn, **14.** gistihús, **16.** mun, **17.** viður, **18.** temja, **20.** klaki, **21.** halda brott.

**LÓÐRÉTT**
**1.** eins, **3.** þófi, **4.** ölvun, **5.** kraftur, **7.** sammála, **10.** arinn, **13.** sigað, **15.** dó, **16.** kóf, **19.** rykkorn.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** tifa, **6.** ös, **8.** lyf, **9.** mas, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** hótel, **16.** ku, **17.** tré, **18.** aga, **20.** ís, **21.** fara.

**LÓÐRÉTT: 1.** sömu, **3.** il, **4.** fyllerí, **5.** afl, **7.** samhuga, **10.** stó, **13.** att, **15.** lést, **16.** kaf, **19.** ar.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Stefán Máni.
2. Suðurlandskjördæmi.
3. Lech Walesa.








**STJÓRN HINSEGIN DAGA** Þeim hugnast lítt að greiða STEF-gjöld vegna tónlistar sem ómar í gleðigöngu og hátíðarhöldum tengdum Hinsegin dögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÞORVALDUR KRISTINSSON: MEÐ EINDÆMUM ÓSVÍFIN KRAFA

# Hommar og lesbíur fá feitan reikning frá STEF

„Þessi krafa er með eindæmum ósvífin að mínu mati og við höfum enn hafnað henni. Þar standa leikar. Málinu er ekki lokið,“ segir Þorvaldur Kristinsson, forseti Hinsegin daga.

Eftir gleðigönguna niður Laugaveg og hátíðahöld í ágúst barst Hinsegin dögum reikningur frá STEF sem hljóðaði upp á 1.223.746 krónur vegna tónlistarflutnings. Að sögn Þorvaldar var þeim reikningi alfarið hafnað á grundvelli 21. greinar höfundalaga þar sem segir að opinber flutningur verks sem hefur verið út gefið sé heimill á mannfundum sem ekki er stofnað til í atvinnuskyni eða ávinnings. „Við leggjum áherslu á að við erum hreyfing sjálfboðaliða. Enginn fjárhagslegur ávinningur er. Tekjur fara til að greiða niður skuldir eða renna til hátíðar næsta árs. Oftast er nú tap,“ segir Þorvaldur. Og bendir á að allir þeir sem fram komu á hátíðinni gerðu það án þess að þiggja fyrir laun.

Viðbrögð STEFs voru þau að lækka reikninginn niður í tíu prósent af upphaflegri fjárhæð. Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Hinsegin daga, segir lög um höfundarétt vera flókin og þarna hafi höfundar komið sjálfir til að flytja tónlist sína án endurgjalds. Um það stendur styrinn meðal annars. „Þeir hjá STEF hafa alltaf verið mjög iðnir og halda þétt um hagsmuni sinna manna. Hvenær þeir ganga svo út fyrir það sem þeim er heimilt er svo spurningin.“

Að sögn Gunnars Stefánssonar, markaðs- og innheimtustjóra STEFs, er upphæðin fengin að teknu tilliti til gesta á Hinsegin dögum. Hann segir að sé heimasíða samtakanna skoðuð þá njóti Hinsegin dagar ýmissa styrkja sem svo sé útdeilt. Það sé leyfisskylt. „Ef menn fara að athuga þetta eru einhverjar greiðslur til flytjenda. Þótt skýringin komi ekki fram í lögunum sjálfum heldur í umræðum á þingi á sínum tíma var 21. greinin sett til verndar litlum tónleikum áhugamannakóra,“ segir Gunnar. Hann bendir á að oft vilji gleymast réttur þeirra sem semja tónlistina – en þegar allt komi til alls snúist STEF um það. Að mönnum sé gert kleift að semja tónlist. Gunnar er viss í sinni sök að Hinsegin dagar séu þess eðlis að þeim beri lögum samkvæmt að greiða STEF-gjöld. Og vill með lækkun reikningsins meina að þar sé um táknræna upphæð að ræða og semja eigi svo um þetta fyrirfram að ári.

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nokkur gigg eru framundan hjá hljómsveitinni Hjaltalín. Söngkona sveitarinnar, **Sigríður Thorlacius**, var búin að bóka sig með Hamrahlíðarkórnum á tónleika í París, svo það voru góð ráð dýr. Bandið dó ekki ráðalaust og fann staðgengil. Og engan smá staðgengil, sjálfa **Andreu Gylfadóttur**. Svona skipað spilar bandið á Austfjörðum um næstu helgi ásamt Sprengjuhöllinni. Reykjavíkurpakkinu gefst svo tækifæri til að berja dýrðina augum þegar Andreuvædd Hjaltalín spilar á Nasa með Motion Boys hinn 21. nóvember.



Svo alvarlegt er ástandið orðið að **Bubbi Morthens** er jafnvel farinn að mæta í hápólitísk viðtöl á útvarpsstöðina Létt-Bylgjuna. Þar er jafnan leikin létt og þægileg tónlist sem lætur vel í eyrum en í gær tók útvarpsdrottningin **Ragnhildur Magnúsdóttir** Bubba tali þar sem hann sagðist ekki reiður, ekki óttasleginn en áhyggjufullur vegna ástandsins. Og taldi rétt, ef svo fari að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn muni ekki lána fyrr en búið verður að ganga til samninga við Breta, að **Geir Haarde** hlyti að víkja. Það þótt Bubba þyki vænt um Geir. **Davíð Oddsson** á hins vegar skilyrðislaust að fara frá og krónan er dauð.



Íslenska vatnið fer víða um þessar mundir. Stjörnurnar í sjónvarpsþættinum Entourage, sem sýndur er á Stöð 2 Extra, virðast vera nýjustu aðdáendur þess og súpa reglulega af Iceland Glacial í þáttunum. Vatnið virðist því fara vel ofan í Ameríkanana enda hafa birst ófáar myndir af stórstjörnunum með hina glæsilega flösku **Jóns Ólafssonar**.



- drg, jbg, fgg






# Grínið hugsað fyrir konuna

Auglýsingahönnuðurinn Birgir R. Baldursson hefur hreinlega farið á kostum í sköpun sinni á vefsíðunni TV1.is. Þar gefur að líta nokkur skemmtileg hulstur sem öllu jafnan hafa prýtt vinsælar kvikmyndir en hefur verið breytt. Og í stað bandarískra kvikmyndastjarna má sjá íslenska ráðamenn í misjöfnu ásigkomulagi.

Birgir segir að sér hafi fundist vanta einhvern myndrænan brodd á málefni líðandi stundar eftir að Sigmund, teiknara Morgunblaðsins, var sagt upp störfum. „Hann var sá eini sem kunni að taka á þessu körlum og þetta er eiginlega honum til heiðurs. Upphaflega var þetta samt aðeins hugsað til að skemmta konunni minni,“ útskýrir Birgir sem bjóst síður en svo við því að þetta myndi vekja svona mikla athygli.

Reyndar þurfti Birgir ekki að leita langt yfir skammt í vopnabúri sínu sem auglýsingahönnuður fyrir DVD-umslögin. Því hann hefur unnið við að gera slíkar kápur og vann meðal annars hjá fyrirtæki erlendis sem sérhæfði sig í slíkri hönnun. Áður en kreppan brast á vann hann hins vegar að hönnun fyrir Remax og Bílabúð Benna. En eins og gefur að skilja er frekar rólegt á þeim vígstöðvum um þessar mundir. „Maður nýtir því bara dauða tímann í þetta.“

- fgg




**THOR, BJÖRGÓLFUR THOR** Eins og sjá má er þetta listilega vel gert hjá Birgi enda segir hann að myndirnar verði að vera vandaðar til þess að grínið komist til skila.



**ÁTTI EKKI AÐ FARA VÍÐAR** Birgir R. Baldursson ætlaði bara að kæta konuna sína en myndir hans hafa ratað ansi víða á netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# OUTLET 10

**FAXAFENI 10**

11-18 ALLA VIRKA DAGA
11-18 LAUGARDAGA
12-17 SUNNUDAGA

+++ Merki fyrir minna +++

**NÝTT KORTATÍMABIL**

## Jakkafatapakki



Business Class jakkaföt:
**12.990**

Bindi:
**1.490**

Business Class skyrta:
**2.990**

Herra skór:
**2.990**

Samtals:
**14.990**

ÞÚ SPARAR 5.470,-

## Jakkapakki



Business Class jakki :
**4.990**

Business Class skyrta:
**2.990**

Levi's svartar eða bláar gallabuxur:
**4.990**

Samtals:
**9.990**

ÞÚ SPARAR 2.980,-

**Kvenskór**
str. 35-41



3999

**Kvenskór**
str. 36-41



3999

**Kven hælaskór**
str. 36-41



3999

**Kven hælaskór**
str. 36-41



3999

**Stígvél**
str. 36-41



4999

**Stígvél**
str. 36-41



4999

**Stígvél**
str. 36-41



5999

**Stígvél**
str. 36-40



3999

**Moonboots**
str. 24-35



2999

**Gönguuskór**
str. 28-39



999

**Gönguuskór**
str. 41-45



4999

**Kuldaskór**
str. 38-41



3999

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.



BAKÞANKAR
Dr. Gunna

## Lífið er einfalt

Ég hef hugsað alltof mikið undanfarnar vikur. Ég hef satt að segja hugsað mig í spað. Það væri kannski allt í lagi ef ég hefði verið að hugsa um eitthvað skemmtilegt, en svo er nú aldeilis ekki. Hugsanirnar snúast flestar um fjármál, leiðinlegasta umhugsunarefni í heimi.

**MÁNUÐUM** saman var varað við kreppu. Geir brosti bara og gerði ekki neitt. Svo einn mánudaginn fór allt í steik. Þetta þegar Geir bað Guð um að blessa þjóðina var eins og – ef ég smætta íslensku þjóðina niður í sjálfan mig – að fá martraðarkennda símhringingu frá bankanum: Þú skuldar hundrað milljónir í yfirdrátt og nú þurfum við að fella hann niður! Hvað viltu gera?

**SÍÐAN** er liðinn mánuður og ekkert hefur gerst. Sama liðið og talaði í klisjukenndum myndlíkingum um brimskafla og björgunaraðgerðir situr sem fastast, en talar nú um frekan skríl. Það er engin auðmýkt í boði þótt fylgið sé hrunið og þjóðin fái kláðaútbrot um allan líkamann þegar liðið lætur svo lítið að birtast, sjálfumglatt og segjandi ekki neitt. Þarf með valdi að draga þetta lið með buxurnar á hælunum af gullklósettunum?

**ÉG** er reiður en nenni ekki að vera reiður endalaust. Lýðheilsustofnun varar við því. Maður verður að trúa því að réttlætið sigri að lokum. Það verður bara að gera það, meira að segja á Íslandi, ormétnasta spillingarbæli í heimi.

**ÉG** fer ekki fram á mikið. Bara algjöra uppstokkun á flestum sviðum samfélagsins og ekki síst á hugarfarinu. Að stjórnvöld beri hag „almennings“ fyrst og fremst fyrir brjósti, ekki hag elítunnar og sjálfs síns. Ég vil fá að lifa lífinu uppréttur, ala upp börnin mín og komast kannski einu sinni á ári til útlanda án þess að þurfa að strita allan sólarhringinn. Ég vil ekki að mér þurfi að líða eins og ég sé fastur í skuldafangelsi til æviloka.

**ÞRÁTT** fyrir allt er lífið einfalt. Lestu bara jarðálfinn Láka og Palla sem var einn í heiminum. Góðum Láka leið miklu betur en vondum og Palli varð því fegnastur þegar hann uppgötvaði að hann var ekki einn í heiminum. Þótt það væri skemmtilegt í smástund. Við værum ekki í þessum djúpa skít ef fólk hefði almennt tileinkað sér lærdóm Láka og Palla.



**GÓÐAN DAG!**

Í dag er fimmtudagurinn 13. nóvember, 319. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.51 | 13.12 | 16.32 |
| Akureyri | 9.50 | 12.57 | 16.02 |

Heimild: Almanak Háskólans

